

Tinna Brá hönnuður:
**FLOTTASTA HEIMILIÐ Í VESTURBÆNUM** ▶ 22



**GRÆNT LJÓS Á NÝJAN ESJUSTÍG** ▶ 4



Andri í Kaliforníu:
**ÚR STANFORD TIL LINKED-IN** ▶ 24


# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**
**30. mars 2013**
75. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## Prestsdóttirin sem varð biskup Íslands

**Agnes M. Sigurðardóttir hefur verið biskup í níu mánuði. Hún situr á friðarstóli og segir kirkjuna hafa lifað í ótta við nýja strauma. Agnes er sjálf nútímakona, fráskilin þriggja barna móðir og amma. Hún segir gott að hafa páskasólina fyrir augum á þeim þrengingartímum sem við nú lifum.** ▶ 20



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FLAUTULEIKARI Í HEIMSKLASSA**
**Melkorka Ólafsdóttir er komin að hjá Lundúnafílharmóníunni.** ▶ 62



**AFMÆLI Í GEÐKLOFNU HÚSI**
**Auður Jónsdóttir er fertug.** ▶ 38

**SÚ SEM ALLT VEIT**
Útsvarsstjarna, borðtennisdrottning og Gettu beturþjálfari.
▶ 18





LYFJA
- Lifið heil

Lyfja Lágmúla kl. 8–01
Lyfja Smáratorgi kl. 8–24

Gleðilega páska

+ Hjá okkur er opið alla páskana, einnig á páskadag.





www.lyfja.is



SLITASTJÓRNIR HUNSA JÓHÖNNU 6

MARGRÉTI SVERRISDÓTTUR FINNST AÐ DÖGUN EIGI AÐ GREIÐA SKULD VIÐ SIG. 6

„Það eru okkur gríðarleg vonbrigði að ekkert frumvarp hafi verið lagt fram um Helguvík.“ 6
Árni Sigfússon bæjarstjóri í Reykjanesbæ.

HÆTTAN EYKST Á KÓREUSKAGA 8

## SKOÐUN 10→16



HUGMYNDAFRÆÐI Á HAUS 10
Þorsteinn Pálsson um Evrópumál.

BLESSUÐ VELFERÐIN 11
Bolli Pétur Bollason, sóknarprestur í Laufásprestakalli, um siðferðilegar forsendur velferðar.

FJÁRFESTING TIL FRAMTÍÐAR 12
Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, um efnahagsmál.

## HELGIN 18→34

EF VIÐ HÖLDUM ÁFRAM Á SÖMU BRAUT VERÐUR SVIGRÚM TIL UPPBYGGINGAR 26
Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, vill uppbyggingu sem byggir á stöðugleika en ekki risastórum lausnum.

SJÓNARHORN FRÁ UPPHAFI ALHEIMSINS 30
Alheimurinn virðist 100 milljónum eldri en talið var.

FANGAR ATHYGLI ALHEIMSINS 32
Indverski sandlistamaðurinn Sudersan Pattnaik býr til stór myndverk á ströndinni.



KRAKKAR 34
KROSSGÁTA 36

## MENNING 44→52

ÖÐRUVÍSI EGGJARÉTTUR 46
Friðrik V býður upp á frumlegan eggjarétt.



TEIKNAR ÓVIÐEIGANDI AUGLÝSINGAR 48
Hugleikur Dagsson sér um auglýsingar í Ókeibæ.

MÆTTI ÉG BIÐJA UM ÖRLÍTIÐ MEIRI LADDA 50
Ófeigur eftir Ágúst Guðmundsson fær tvær stjörnur.

## SPORT 54



ROTAÐIST EN HÉLT SAMT ÁFRAM AÐ SPILA 54
Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, segir leikstjórnanda sinn Justin Shouse vera langharðasta leikmanninn sem hann hafi komist í kynni við á ferlinum. Stjarnan mætir Snæfelli í undanúrslitunum.







## FIMM Í FRÉTTUM SLÆGÐUR KARFI, SIX-PACK OG VIÐBJÓÐUR



Elsa Sæný Valgeirsdóttir sló í gegn um síðustu helgi þegar hún varð Íslandsmeistari í blaki með kvennaliði HK og þjálfaði auk þess karlaliðið til sigurs. Hún lét karlana í liðinu heyra það á eftirminnilegan hátt í leikhléi og kallaði spilamennsku þeirra „viðbjóð“.



Leikarinn Damon Younger, eða Ásgeir Þórðarson, varðist ásökunum um líkamsárás fyrir dómi í vikunni. Hann kvaðst hafa slegið mann í nauðvörn og alls ekki vera neinn boxari, þótt hann hefði reyndar verið með „six-pack“ þegar átökin urðu.



Stýrimaðurinn Aríel Pétursson er allt annað en sáttur við Eurovision-myndband Eyþórs Inga og félaga við lagið Ég á líf. Hann segir það hneykslanlegt og kollvarpa öllu sem menn viti um sjávarútveg. Fráleitt sé að slægja karfa.



Erla Bolladóttir fékk uppreisn æru – eða alltént vísi að henni – í vikunni þegar skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmálið var gerð opinber. Hún íhugar nú að kæra nauðganir í Síðumúlafangelsi.



→ Ásgerður Jóna Flosadóttir í Fjölskylduhjálpinni tók sér stöðu með þingkonunni Vigdísi Hauksdóttur og kvaðst ekki skilja hvernig jafnfátæk þjóð og Íslendingar gæti séð af fjármunum í þróunaraðstoð fyrir blásnauð Afríkuríki.

# Veggjakrotsmálum fækkað um nær 90%

Verulega dró úr veggjakroti á höfuðborgarsvæðinu eftir bankahrunið en nú er það aftur að aukast, segir sérfræðingur í þrifum. Sýnir að það virkar að veita vegglist góðan vettvang og stuðning eins og öðrum listgreinum segir miðborgarstjóri.

**LÖGREGLUMÁL** Veggjakrotsmálum sem tilkynnt hafa verið til lögreglu höfuðborgarsvæðisins hefur fækkað um nærri 90 prósent á sex árum. Alls voru 46 mál tilkynnt til lögreglu á síðasta ári, en 395 árið 2007.

Tölurnar gefa skýra vísbendingu um að dregið hafi úr veggjakroti, þótt tölur lögreglunnar segi ekki endilega alla söguna. Veggjakrotsmál eru ekki alltaf tilkynnt til lögreglu, og vegna samdráttar hefur frumkvæðisvinna lögreglumanna dregist saman.

Ýmsar skýringar gætu verið á fækkun veggjakrotsmála, segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Ein skýringin gæti verið mikil verðhækkun á úðabrúsum sem eru notaðir við veggjakrotið.

„Það dró verulega úr þessu eftir hrunið, en nú finnst okkur vera að bæta aftur í,“ segir Þorsteinn Pálmarsson, framkvæmdastjóri Allt-af sem sérhæfir sig meðal annars í þrifum á veggjakroti.

Hann segir erfitt að segja hvað valdi því að nú sé krotið aftur að aukast, en það blasi við þegar ekið sé um borgina. Hann segist merkja ákveðna breytingu frá því sem áður var, nú sé meira um einfalt krot en listrænar myndir.

„Ég held að þetta sé rétt mat og endurspeglar þá sátt sem hefur náðst,“ segir Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar.

Hann segir tölurnar sýna að sú stefna borgarinnar á árunum 2007 og 2008 að líða alls ekkert veggjakrot hafi ekki skilað árangri. Það sem hafi skilað árangri sé að bjóða upp á góða staði þar sem þeir sem leggja stund á þessa listgrein fái að stunda sína list. Dæmi um það sé Hjartagarðurinn við Laugaveg.

„Það þarf að veita þessari listgrein umhverfi og stuðning eins og öðrum. Hún þarf að eiga sinn vettvang,“ segir Jakob. Hann segir að nú þegar til standi að fara í uppbyggingu á Hjartagarðsreitnum þurfi að gæta þess að þeir sem fáist við veggjalist fái annan og jafn góðan vettvang missi þeir aðstöðuna í garðinum. **brjann@frettabladid.is**



**GÖTULIST** Í Hjartagarðinum við Laugaveg hafa veggirnir verið skreyttir af listamönnum með leyfi eigenda.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjöldi veggjakrotsmála hjá lögreglu árið 2007: **395**

Fjöldi veggjakrotsmála hjá lögreglu árið 2012: **46**

2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012

### LISTAMENN FÁ VETTVANG

„Ég held að tilkoma Hjartagarðsins, þar sem menn hafa fengið að stunda götulist nokkuð óáreittir, hafi minnkað þetta í þessu almenna rými sem fólk getur verið ósátt við,“ segir Páll Hilmarsson, sérfræðingur um götulist. „Það segir sig sjálft að ef fólk fær að stunda götulist á ákveðnum svæðum eru minni líkur á að það teikni annars staðar.“

Davíð Örn Bjarnason úr farbanni í Tyrklandi:

# Kemur heim í dag

**UTANRÍKISMÁL** Davíð Örn Bjarnason, sem hefur verið fastur í Tyrklandi frá því í byrjun mars, kemur heim til Íslands í dag. Sambýliskona hans segist ekki enn trúa því að hann sé að koma heim.

Davíð Örn var eins og þekkt er orðið handtekinn á leið heim úr fríi í Antalya í Tyrklandi, sakaður um að hafa ætlað að smygla fornmunum úr landinu. Steininn sem hann var með í fórum sínum segist hann hafa keypt á markaði og ekki haft hugmynd um að hann væri fornmunur sem ekki mætti taka úr landi.



**DAVÍÐ ÖRN OG ÞÓRA** Davíð mun líkast til þurfa að fara til Tyrklands fyrir dómsuppkvaðninguna.

Þóra Björg Birgisdóttir, sambýliskona Davíðs, sagðist í samtali við Stöð 2 vera mjög ánægð með að maður hennar væri að koma heim. Fjölskyldan bjó í Svíþjóð en Þóra og börnin þeirra þrjú komu heim til Íslands fyrr í mánuðinum og hyggjast ekki fara aftur til Svíþjóðar. „Maður trúir því ekki að hann sé að koma heim. Þetta er mjög skrýtið. Ég á örugglega ekki eftir að fatta að hann sé að koma fyrr en ég sé hann.“ Þóra og fjölskylda hennar eru í sumarbústað og hún segist gera ráð fyrir því að Davíð fari þangað í dag. **- þeb**

Lýst eftir sjónarvottum:

# Fannst látinn í neyðarskýli

**LÖGREGLUMÁL Erlendur ferðamaður fannst látinn í neyðarskýli í Dritvík á Snæfellsnesi síðdegis á fimmtudag. Lögreglan á Akranesi rannsakaði vettvanginn, ásamt fulltrúum frá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og komst að því að andlátið hefði ekki borið að með saknæmum hætti.**

**Björgunarsveitarmaður í reglulegu eftirliti fann líkið. Talið er að um frönskumælandi ferðamann sé að ræða sem hefur látist eftir 22. mars, að því er segir í tilkynningu. Lögreglan á Akranesi biður þá að hafa samband sem telja sig geta veitt upplýsingar um mannaferðir í Dritvík síðustu daga.**

**- sh**

# GRILL TILBOÐ

**OPIÐ UM LAND ALLT Í DAG, LAUGARDAG.**

**OPIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI SKÚTUVOGI ANNAN Í PÁSKUM KL. 11-19.**

STÓRLÆKKAÐ VERÐ MIKIÐ ÚRVAL!



**Weber Q220**
Meðfærilegt gasgrill á fótum.
Postulín-glerungshúðuð grillgrind úr pottstáli.
Grillflötur: 54x39 cm.
3.51 kW
3000268

**59.900**
~~66.900~~



**Weber Spirit E310 Classic**
3 ryðfríir brennarar 11.0 kW
Rafstýrður kveikjari
Ryðfríar grillgrindur
Grillflötur: 51x44 cm.
3000266

**99.800**
~~112.990~~

DYNAMO REYKJAVÍK

**AUTHOR GÆÐAHJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA.**
**NÝ SENDING, ÓTRÚLEGT VERÐ!**




**29.900 KR**



**PÁSKALILJUR**
**10 stk.**
**799 kr**

**ALLT FYRIR GARÐ-VERKIN**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## 23.03.2013 → 29.03.2013




Farþegum í innanlandsflugi hefur fækkað um 4% á hverju ári síðustu fimm ár.




Þrír vel tenntir rostungshausar fundust í fjöruferð á Snæfellsnesi sem Náttúrufræðistofnun hefur afþakkað vegna fjárskorts.



Verðmunur á lyfjum stóru lyfjafyrirtækjanna í Bandaríkjunum og samheitalyfjum minni fyrir tækja nemur í allt að **90%**

**6.105 DAGA** 

voru sakborningarnir sex í Guðmundar- og Geirfinnsmálum í gæsluvarðhaldi. 500 blaðsíðna skýrsla starfshóps innanríkisráðuneytisins kom út á mánudag.

Birna Valgarðsdóttir er nú stigahæsti leikmaður efstu deildar kvenna í körfubolta frá upphafi en hún hefur á ferlinum samtals skorað




**5.006 STIG**

Vegagerðin verður með **39** stórframkvæmdir í vinnslu á landinu í ár og verður fimm milljörðum króna varið í nýframkvæmdir.



**19**

sveitarfélög á Íslandi eða fjórðungur þeirra hafa yfir 40% af tekjum sínum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.





**VILHJÁLMUR ÓLI VALSSON SAFNAÐI 1.639.000 KRÓNUM** í Mottumars og stóð uppi sem sigurvegari átaksins þetta árið.



**nr. 1**

Vök var fyrsti dúettinn sem vinnur Músíktilraunir í þau 31 skipti sem keppnin hefur verið haldin.



**LEIT** Ferðamenn geta aukið öryggi sitt með nýrri þjónustu.

Nýtt frá Landsbjörg og 112:

## Ferðafólk getur fengið vöktun

**ÖRYGGISMÁL** Ferðamenn, innlendir sem erlendir í styttri sem lengri ferðum, hafa nú kost á því að láta fylgjast með að þeir skili sér úr ferðum sínum. Undanfarna mánuði hafa Slysavarnafélagið Landsbjörg og Neyðarlínan unnið að því að setja upp kerfi sem getur tekið við og vaktað ferðir ferðamanna.

Vonast er til að sem flestir nýti sér þessa þjónustu, því ef illa fer er hægt að bregðast við með skilvirkari hætti en ella. Fyrir liggja þá allar upplýsingar um viðkomandi og hans ferðaáætlun. Að auki er þjónustan tengd við 112 Iceland-appið.

Einfalt er að nota þjónustuna en viðkomandi þarf að skrá sig á vefnum www.safetravel.is. - shá

Útgáfa Fréttablaðsins:

## Kemur næst á þriðjudag

**Fréttablaðið kemur næst út á þriðjudag.**

**Þjónustuver og afgreiðsla 365, að Skaftahlíð 24, er opin í dag frá 10 til 22. Á morgun, páskadag, verður opið frá 10 til 16. Á annan í páskum verður opið frá 10 til 22. Skiptiborð 365 er lokað yfir hátíðirnar.**

# Laga á stíginn upp á Esju

Fáist styrkur til framkvæmda hefjast í sumar lagfæringar á Esjustíg, einni vinsælustu gönguleið landsins. Auðvelda á björgunarsveitum störf og draga um leið úr slysahættu á fjallinu. Efni á að taka úr melum við stíginn.

**FRAMKVÆMDIR** Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur fengið leyfi fyrir endurbótum á Esjustíg. Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins, segir vilja standa til þess að byrja að laga stíginn strax í sumar. Það ráðist þó af því hvernig gangi að safna styrkjum.



HELGI GÍSLASON

Fjöldi fólks gengur á Þverfellshorn í Esju á ári hverju og segir Helgi það öryggisatriði að göngustígurinn verði sem best úr garði gerður.

„Umferðin þarna er alveg rosaleg og skiptir máli að gera þennan stíg þannig að björgunarsveitir geti tekið fólk þarna niður tiltölulega þægilega, það er nú eitt af stóru málunum,“ segir Helgi og bendir á að brenna vilji við að fólk gleymi því að það sé þarna að ganga á fjall og líti á Esjuna eins og hvert annað útivistarsvæði.

„Ef einhver fótbrotnar, handleggsbrotnar eða dettur á höfuðið þá þarf að senda þarna upp á bilinu 20 til 30 manns til að sækja viðkomandi.“

Áætlað er að endurbættur stígur verði innan við tveggja metra breiður og að efni í hann verði sótt í nærliggjandi umhverfi þannig að hann falli sem best í það land sem hann liggur um.

Í greinargerð Skógræktarfélagsins um stíginn segir að reynt verði að fylgja núverandi gönguleið sem mest, en þó megi gera ráð fyrir að reynt verði að hliðra honum sem mest úr votlendissvæðum inn á þurrlendi og mela þar sem því verði við komið. „Þar er gert ráð fyrir blönduðum lausnum, að hluta til með því að „brúa“ votlendin með timburverki og að hluta með því að flytja í stígstæðið malarefni úr nærliggjandi melum,“ segir þar.



**KLÖNGUR** Óhemjumargir ganga á Esju á ári hverju, misvel búnir og í alls konar veðri. Nokkuð hefur verið um slys á fjallinu og getur þurft marga björgunarmenn til að bera niður einn slasaðan. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Helgi bendir á að Skógræktarfélagið sé meðal frjálsra félagasamtaka og er ekki með sérstaka tekjustofna til að vinna Esjustíg. „Við ráðgerum því að vinna þetta eftir því sem okkur tekst að fá styrki í verkið,“ segir hann.

Í gegnum tíðina hefur Pokasjóður verið einn öflugasti stuðningsmaður samtakanna. „Ég vona innilega að þeir veiti okkur myndarlegan styrk til að fara þarna í góða aðgerð í sumar. En ef við aftur á móti finnum engan pening í þetta þá gerum við ekki neitt.“

Nokkurn tíma tekur að byggja upp nýjan stíg og bendir Helgi á að víðar sé hægt að ganga á Esju en upp og niður á Þverfell. „Við höfum verið að myndast við að búa til gönguleiðakort af Esjuhlíðunum, en þær eru margar skemmtilegar aðrar.“ olikr@frettabladid.is

### STÍGUR MILLI STEINS OG GÖNGUBRÚAR

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur jarðirna Mógilsá og Kollafjörð á leigu frá ríkinu til að gera að útivistarsvæði. Félagið hefur nú fengið leyfi til lagfæringa á göngustíg í Esjuhlíðum sem liggur fyrir utan gildandi skipulag, milli göngubrúar yfir Mógilsá og upp að Steini. Markmið lagfæringanna er sagt að:

1. Laga stíginn þannig að átroðningur gangandi valdi ekki skemmdum út frá honum.
2. Draga úr slysahættu og auðvelda björgun þeirra sem slasast.
3. Geta flutt eftir stígnum á sexhjóli sjálfboðaliða og aðra sem vinna við stíginn.
4. Koma eftir stígnum upp og niður fjallið litlum vélum og tækjum sem þarf vegna viðhaldsins.

**„Umferðin þarna er alveg rosaleg og skiptir máli að gera þennan stíg þannig að björgunarsveitir geti tekið fólk þarna niður tiltölulega rólega, það er nú eitt af stóru málunum.“**

*Helgi Gíslason framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**LITLAR BREYTINGAR** Í dag má búast við hægum vindi norðantil en allt að 10 m/s allra syðst. Skúrir eða slydduél við suðurströndina. Á morgun og annan í páskum verður hæglætisveður og úrkomulítið að mestu. Hlýnar lítillega í veðri.




**Á morgun**
Yfirleitt hægur vindur.




**Annar í páskum**
3-10 m/s

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Berlín | 3° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 23° | New York | 13° | París | 8° |
| Aþena | 22° | Billund | 1° | Gautaborg | 2° | London | 6° | Orlando | 25° | San Francisco | 15° |
| Basel | 11° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 2° | Mallorca | 20° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 0° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# OPINBER GJÖLD

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Ríkissjóður | Kr. 9.672.767.366 |
| 2 | Seðlabanki Íslands | Kr. 5.009.342.947 |
| 3 | Arion banki | Kr. 3.518.600.037 |
| 4 | Reykjavíkurborg | Kr. 2.941.261.286 |
| 5 | GLB Holding (Glitnir) | Kr. 2.333.323.451 |
| 6 | Landsbankinn hf | Kr. 2.143.874.126 |
| 7 | Norðurál Grundartanga | Kr. 1.890.574.261 |
| 8 | Samherji | Kr. 1.736.704.153 |
| 9 | Íslandsbanki | Kr. 1.556.868.479 |
| 10 | Rio Tinto Alcan á Íslandi | Kr. 1.467.240.880 |

Árið 2012 voru tvö álfyrirtæki meðal tíu hæstu skattgreiðenda landsins. Við erum stolt af framlagi okkar til íslensks samfélags.



Hagsýni | Liðsheild | Heilindi

nordural.is

NORÐURÁL

Kröfu forsætisráðherra um upplýsingar um laun slitastjórna er ekki sinnt:

# Slitastjórnir hunsa Jóhönnu

**STJÓRNSÝSLA** Tilraunir Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra til að upplýsa um laun fjölmargra slitastjórna hafa engan árangur borið. Svo virðist sem krafa hennar um upplýsingarnar hafi verið hunsuð með öllu.

Guðlaugur Þ. Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, spurði forsætisráðherra um það á Alþingi 8. mars hverju það sætti að henni hefðu ekki borist upplýsingar um launakjör þrettán slitastjórna, en eftir upplýsingunum var leitað fyrst fyrir átján mánuðum.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Eins og frægt er voru þau Guðlaugur og Jóhanna sammála um mikilvægi málsins og hét ráðherra því að ganga eftir upplýsingunum þann sama dag. Sem hún og gerði, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Jóhanna hefur í ræðu og riti lýst því yfir að laun slitastjórna ofbjóði henni. Á það við um upplýst laun slitastjórnar Glitnis sem skiptu hundruðum milljóna, eins og Fréttablaðið greindi frá í september 2012.

Jóhanna mun hafa rekið erindið í gegnum Katrínu Júlíusdóttur fjármálaráðherra, sem óskaði eftir upplýsingunum frá Seðlabankanum, en eignarhaldsfélag hans á kröfur á öll búin. Þar stendur málið; slitastjórnirnar hækjast við að senda SÍ upplýsingarnar, þótt einhverjar þeirra hafi orðið við beiðninni eða upplýst um launin á öðrum vettvangi, til dæmis á kröfuhafafundum. **- shá**

# Ívilnanir á Bakka og nýr Landspítali

Alþingi samþykkti stofnun hlutafélags um byggingu nýs Landspítala á lokadegi þingsins. Einnig að veita ívilnanir vegna iðnaðaruppbyggingar á Bakka. Bæjarstjóri Reykjanesbæjar harmar að ekki hafi verið gerð samþykkt um Helguvík.

**ALÞINGI** Tvö stórverkefni eru fram undan eftir samþykkt Alþingis á lokadegi þingsins á miðvikudag. Veittar verða ívilnanir vegna iðnaðaruppbyggingar á Bakka í nágrenni Húsavíkur. Þá verður stofnað hlutafélag um byggingu nýs Landspítala – Háskólasjúkrahúss.



ÁRNI SIGFÚSSON

Opinbert hlutafélag mun sjá um byggingu spítalans og er fjármálaráðherra heimilt að ákveða að „tilteknir skýrt afmarkaðir, minni byggingarhlutar, eða byggingar, séu boðnir út í formi langtímaleigu telji hann það þjóna heildarhagsmunum verkefnisins“, eins og segir í lögunum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að lífeyrissjóðirnir muni taka þátt í fjármögnun framkvæmdarinnar en aðrir en þeir taki þó á sig mestu áhættuna af verkefninu. Öðrum sé þó ekki til að dreifa en verktakanum og verkkaupanum og því komi til stofnunar hlutafélagsins. Heildarkostnaður er um 50 milljarðar.

Samkvæmt lögum um framkvæmdir á Bakka fær atvinnuvegaráðherra heimild til að semja um framkvæmdir fyrir 3,4 milljarða króna. Í ofanálag verður ríkið af skatttekjum vegna frávika frá ýmsum sköttum og gjöldum.

Hluti þessara framkvæmda nýtist í fleira en kísiliðju fyrirtækisins PCC, sem fyrirhugað er. Þar má nefna göng undir Húsavíkurhöfða og hafnarbætur á Húsavík. **kolbeinn@frettabladid.is**



**LANDSPÍTALI** Áætlaður kostnaður við nýjan Landspítala er um 50 milljarðar króna. Opinbert hlutafélag verður stofnað um byggingu spítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Hvar er Helguvík?

„Það eru okkur gríðarleg vonbrigði að ekkert frumvarp hafi verið lagt fram um Helguvík, líkt og við teljum að hafi verið lofað. Þeim frumvarpsdrögum sem við sjálf gerðum fyrir ríkisstjórnina og byggðu á sömu forsendum og eru í Bakkafrumvörpunum, var stungið undir stól. Þetta er mismunun af verstu gerð sem íbúar láta ekki lengur bjóða sér. Það þarf ríkisstjórn sem segir fyrir okkar hönd: „Hingað og ekki lengra, nú skal Suðurnesjum sinnt eins og öðrum landshlutum,““ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

## ➜ 50 milljarðar í nýja Landspítala

| | Stærð m² | Áætlaður kostn.* |
|---|---|---|
| Meðferðarkjarni | 58.754 | 31,6 |
| Rannsóknahús | 14.295 | 7,9 |
| Sjúkrahótel | 4.000 | 1,6 |
| Bílastæðahús | 16.987 | 1,7 |
| Götur, veitur, lóð o.fl. | | 2,4 |
| Forhönnun, skipulag, stjórnun o.fl. | | 4,2 |
| Heildarkostnaður | | 49,4** |

*Í milljörðum króna

**Verðlag í október 2012, hlutur Reykjavíkur skv. samningi um bílastæði o.fl. er um 1 milljarður króna.

Margréti Sverrisdóttur finnst að Dögun eigi að borga skuld við sig:

# „Þetta kemur Dögun ekkert við“

**DÓMSMÁL** Margrét Sverrisdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, hefur enn ekki fengið greiddar 614 þúsund krónur, auk dráttarvaxta, sem flokkurinn var dæmdur til að greiða henni árið 2009.

Margrét furðar sig á því að Dögun, sem Frjálslyndi flokkurinn er nú runninn inn í, skuli hafa ráð á að auglýsa fyrir komandi kosningar en hún sitji eftir án greiðslu.

„Þetta er bara ergilegt,“ segir hún. „Flokkur sem er ríkisrekinn og á alls konar styrkjum er dæmdur til að greiða ein kvenmannsmánaðarlaun en það er aldrei greitt. Svo er talað um



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

réttlæti og sanngirni þegar farið er í framboð næst. Þeir hafa haft mörg tækifæri til að greiða einni konu laun sem henni bar með réttu að fá.“

Guðjón Arnar Kristjánsson, fyrrverandi formaður Frjálslynda flokksins og núverandi liðsmaður Dögunar, segir Frjálslynda flokkinn hægt og rólega vera að semja um skuldir sínar og þegar komi að því að gera upp við Margréti verði vonandi hægt að semja við hana líka.

„En þetta kemur Dögun ekkert við. Það fóru engar skuldir með Frjálslyndum yfir í Dögun. Ég skil það samt að Margrét hugsi þetta svona, hún heldur líklega að við höfum gert það sama og Íslandshreyfingin þegar hún gekk inn í Samfylkinguna og tók allar tugmilljóna skuldir sínar með sér. Það er hins vegar ekki þannig.“ **- sh**



DÖGUN

Saman getum við unnið að réttlæti, sanngirni og lýðræði fyrir heimilin í landinu

Saman getum við betur

Andrea Ólafsdóttir
1. sæti Suðurkjördæmi
www.xt.is | xdogun@xdogun.is

xT

Framboð til formanns Sjúkraliðafélags Íslands

Kjörnefnd/Uppstillinganefnd Sjúkraliðafélags Íslands auglýsir eftir framboði til formanns félagsins. Samkvæmt ákvæðum 22., 29. og 39. greinar félagslaga SLFÍ skal formaður félagsins kjörinn til þriggja ára í allsherjaratkvæðagreiðslu.
Á kjörskrá og með kosningarétt eru allir félagsmenn SLFÍ.

**Framboðum skal skila í síðasta lagi 31. mars 2013 á netfangið hafdisds@simnet.is eða helgamarteins@gmail.com einnig er hægt að senda inn tillögu á skrifstofu félagsins merkt, Formannskjör.**

SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS



**Hjálpum heima**

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fjölbreytta aðstoð á Íslandi. Við hjálpum til sjálfshjálpar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 130810

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.

**Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn.** Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400

# Páskasteikin
## *fæst í Hagkaup*

### Ferskur íslenskur kalkúnn

Kalkúnninn hefur smám saman verið að ryðja sér til rúms á veisluborðum Íslendinga. Það er gaman að elda kalkún, því möguleikar í fyllingum og meðlæti eru óendanlega margir og ekki skemmir fyrir að kjötið bragðast einstaklega vel. Kjötið er fitusnautt, létt í maga og án nokkurra aukaefna.







### Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Í fjöldamörg ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

### Hagkaups Hamborgarhryggur

- SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM
- ÞARF EINUNGIS AÐ ELDA Í OFNI
- SALT MINNI

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Þar sem hryggurinn er salt minni þarf einungis að elda í ofni.







### Úrbeinað og fyllt lambalæri að hætti Jóa Fel

Þetta bragðgóða læri er úrbeinað og fyllt með piparosti, gráðosti, hvítlauk, villisveppum, rósmarin, basil, oregano, olíu, salti og pipar.

### Heill humar 400g

Einstaklega bragðgóður humar sem hentar vel á veisluborðið um páskana. Humarinn er tilbúin beint í pottinn og tekur aðeins nokkrar mínútur að elda.




24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 1. apríl á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## HEIMURINN






## Mandela braggast

**1** **SUÐUR-AFRÍKA** Stjórnvöld í Suður-Afríku segja að hinn 94 ára gamli Nelson Mandela sé á batavegi á sjúkrahúsi í Pretoríu, höfuðborg landsins. Þangað var hann fluttur á miðvikudag með sýkingu í lungum og gallsteina. Mandela er fyrrverandi forseti Suður-Afríku.

## Kínverjar fangelsa ættingja Xiaobo

**2** **KÍNA** Liu Hui, mágur Liu Xiaobo, handhafa friðarverðlauna Nóbels, hefur verið handtekinn í Peking sakaður um skjalafals. Fjölskyldan segir þetta vera enn eina aðferð stjórnvalda í Kína til að koma höggi á fjölskylduna. Xiaobo hefur setið í fangelsi í Kína síðan 2008 fyrir að tala opinskátt um andkommúnískar skoðanir sínar og fyrir aukinni mannréttindagæslu í heimalandi sínu.

Þegar fjölskyldan hefur reynt að hafa samband við skrifstofu saksóknarans hefur enginn svarað. Fjölskyldumeðlimir ræða mál Hui eða Xiaobo ekki opinberlega en AP fréttastofan hefur eftir ónefndum meðlim fjölskyldunnar að hún sé undir stöðugu eftirliti kommúnistastjórnarinnar.

## 83 fastir í gullnámu í Tíbet

**3** **TÍBET** Stór aurskriða féll yfir gullnámu í Tíbet og lokaði 83 námuverkamenn inni í gær. Kínverskir fréttamiðlar sögðu frá því að skriðan hefði þakið fjóra ferkílómetra í Maizhokunggarsýslu. Fréttir af skriðunni bárust hins vegar ekki fyrr en nokkrum klukkutímum eftir að hún féll. Óljóst er hvers vegna það tók fréttirnar svo langan tíma að berast. Björgunarstörf voru þegar hafin í gær og sjúkrahús í næstu bæjum voru sett í viðbragðsstöðu.




DÖGUN

Saman getum við tryggt arð af auðlindum og haldið þeim í þjóðareigu

Saman getum við betur

Guðrún Dadda Ásmundardóttir
1. sæti Norðvesturkjördæmi
www.xt.is | xdogun@xdogun.is

xT


Barnaníðingur handtekinn:

## 13 ára fleygði sér fyrir lest

**SVÍÞJÓÐ** Sænsku lögreglunni hafa á undanförnum dögum borist yfir tuttugu tilkynningar um kynferðisbrot gegn stúlkum á aldrinum tíu til fjórtán ára í kjölfar handtöku karls á fimmtudagsaldri. Hann er grunaður um kynferðisbrot gegn þrettán ára stúlku í Kumla en talið er að hún hafi fleygt sér fyrir lest þann 8. mars síðastliðinn.

Í fyrstu taldi lögreglan að þrettán ára stúlkan hefði svipt sig lífi vegna eineltis. Viku eftir andlát hennar var maðurinn handtekinn í vesturhluta Svíþjóðar. Hann er grunaður um að hafa hótað að setja myndir af stúlkunni á netið yrði hún ekki við kröfum hans. Stúlkan mun hafa sagt við hann á samskiptamiðli að hún myndi ráða sér bana. - ibs



**HNEFAR STEYTTIR** Tugir þúsunda Norður-Kóreubúa komu saman á aðaltorgi Pjongjang í gær til að fagna yfirlýsingum Kim Jong-un. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hættan eykst á Kóreuskaga

Norður-Kóreumenn segjast hafa gert flugskeyti reiðubúin fyrir árás á bandarísk skotmörk, enda þurfi að „jafna sakirnar" gegn þeim. Rússar vara við því að ástandið á svæðinu geti hæglega farið úr böndunum.

**NORÐUR-KÓREA, AP** Rússar vara við því að ástandið í Norður-Kóreu geti hæglega farið úr böndunum. Utanríkisráðherra Rússlands, Sergei Lavrov, sagði vítahring geta orðið til og skoraði á alla málsaðila að grípa ekki til einhliða aðgerða í málinu.

Ástandið á Kóreuskaganum hefur versnað undanfarið, ekki síst eftir nýlegar heræfingar Suður-Kóreumanna og Bandaríkjamanna fyrr í mánuðinum. Tilkynnt var um það á fimmtudag að háþróaðar sprengjuflugvélar hefðu tekið þátt í heræfingunum og í kjölfarið hótuðu Norður-Kóreumenn því að „jafna sakirnar" við Bandaríkin. Kim Jong-un, leiðtogi Norður-Kóreumanna, skipaði svo hernum að búa öll flugskeyti landsins undir yfirvofandi árásir á bandarísk skotmörk í gær. Á meðal skotmarka sem voru nefnd voru herstöðvar á Havaí, í Gvam og Suður-Kórea, auk Bandaríkjanna sjálfra.

Ríkisfréttastofa Norður-Kóreu hafði eftir leiðtoganum að hann fordæmdi flug sprengjuflugvélanna og sagði það sýna að Bandaríkin hygðust hefja kjarnorkustríð á Kóreuskaganum.

Bandaríkjamenn hafa hafnað þessu „orðagjálfri" Norður-Kóreumanna og segja sprengjuflugvélarnar einfaldlega sýna hvernig Bandaríkjamenn geti varið bandamenn sína á svæðinu. „Norður-Kóreumenn verða að skilja að það sem þeir eru að gera er mjög hættulegt," sagði varnarmálaráðherrann Chuck Hagel. thorunn@frettabladid.is


## Hvernig er hægt að endurbyggja heilbrigðiskerfið?

*Opinn fundur á Grand Hótel miðvikudaginn 3. apríl*

Læknafélag Reykjavíkur, Læknafélag Íslands og læknaráð Landspítalans efna til opins fundar um stöðu heilbrigðismála í aðdraganda þingkosninga á **Grand Hótel miðvikudaginn 3. apríl frá kl 16:30 til 18:30.**

Heilbrigðismál og bág fjárhagsstaða sjúkrahúsa er eitt alvarlegasta vandamálið sem brennur á þjóðinni og mun staða heilbrigðiskerfisins vega þungt í komandi kosningabaráttu.

**Þorbjörn Jónsson**, formaður Læknafélags Íslands, setur fundinn.

**Flutt verða þrjú stutt erindi:**
*Hvenær verður heilbrigðisþjónusta að kosningamáli?*
**Sigurður Guðmundsson**, sérfræðilæknir á LSH og fyrrv. landlæknir

*Fjárþörf og fjármögnun heilbrigðisþjónustu*
**Kristján Guðmundsson**, formaður samninganefndar sérfræðilækna

*Hver er heimilislæknirinn þinn?*
**Gunnlaugur Sigurjónsson** heilsugæslulæknir

Fulltrúar fimm stjórnmálaflokka gera grein fyrir stefnu sinna flokka í heilbrigðismálum.

Í lokin verða panelumræður ásamt spurningum og svörum.

Fundarstjóri verður **Steinn Jónsson**, formaður Læknafélags Reykjavíkur

**Fundurinn er öllum opinn.**

LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR 1909 | LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS | LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS Læknaráð Landspítalans






## Fegurð Austurríkis

8. - 20. ágúst

**273.900 KR.-**
Mjög mikið innifalið

á mann í tvíbýli. Gist verður í **Traunkirchen, Vínarborg, Klagenfurt, Bad Gastein og München**

**Um ferðina:**
Í þessari 12 daga draumaferð verður farið um margar af þekktustu perlum landsins og skyggnst inn í söguna, mannlífið og náttúruna.
**Fararstjóri:** Ása María Valdimarsdóttir

LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | URVALUTSYN.IS




1 STK. AÐEINS:
**9.995**

**CARMEN OG CASPER STÓLAR**
Fallegir stólar með krómfótum, fáanlegir í rauðum, limegrænum, svörtum og hvítum lit.

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR




FULLT VERÐ: 19.950
**9.995**

**KATJA ANDADÚNSÆNG**
Gæðasæng fyllt með 90% af mjúkum andadúni og 10% af andafiðri. Áklæði úr 80% polyester og 20% bómull. Sængin er saumuð í ferninga svo dúninn haldist jafn yfir alla sængina. Þyngd: 650 gr. Má þvo við 60°C.
Stærð: 135 x 200 sm.




BORÐ AÐEINS:
**34.950**

**MODENA BORÐ**
Glæsilegt háglansborð með krómfæti. Fáanlegt hvítt og svart. Stærð Ø: 110 sm.




**GÖNGUSTAFIR**
Góðir göngustafir, hægt að stilla lengd á stöfum. Fáanlegir í 2 litum.

VERÐ AÐEINS:
**2.995**




**ERIK SKENKUR**
Fallegur skenkur með 12 skúffum. Fæst í hvítu, lútuðu og antíkbrúnu.
Stærð: 134 x 80 x 39 sm.

FULLT VERÐ: 34.950
**24.950**




8 PÖR:
**1.695**

**STELPU- OG STRÁKASOKKAR**
8 sokkar í pakka.




140 X 200 SM.
**4.995**

**NELL SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómullarsatín. Stærðir: 140 x 200 sm.
1 sett **4.995** nú 2 sett **7.990**
140 x 220 sm. **5.995** 200 x 220 sm. **7.995**




VERÐ FRÁ:
**1.995**




**KÖKUDISKUR**
Með loki og góðu handfangi.

FULLT VERÐ: 1.295
**995**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**www.rumfatalagerinn.is**
**Tilboðin gilda frá 30.03 til 01.04**

Boðskapur biskups á upprisuhátíðinni:

# Óttanum snúið í sigurvissu

Fyrir kristinn mann er auðvelt að vera orðinn svolítið niðurdreginn á laugardaginn fyrir páska, eftir allan passíusálmalesturinn undanfarna daga, píslargöngurnar og frásagnir af pínu og dauða Jesú Krists fyrir tvö þúsund árum. Þannig var líka komið á þessum sama degi á sínum tíma fyrir fylgjendum Krists, þeim sem urðu fyrsti vísirinn að kirkju hans. Þeir voru hræddir, vonlausir og margir vantrúaðir.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta hugarástand er samt í rauninni nauðsynlegt til þess að við getum leyft okkur að njóta hátíðarstemmningarinnar á páskadagsmorgni og endurheimta þá gleði og sigurvissu sem fylgir frásögninni af upprisu Jesú Krists. Hún er öflugasta uppspretta trúarvissu kristinna manna; gröfin var opin, frelsarinn upprisinn. Hann hafði sigrað sjálfan dauðann. Fylgjendur hans breiddu fagnaðarerindið út um allan heiminn.

Eins og Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, segir í viðtali í Fréttablaðinu í dag má sækja í þessa sögu leiðsögn í lífi okkar sjálfra: „Þegar við erfiðleika er að etja er gott að líta til upprisunnar og nú hefur þjóðin gengið í gegnum efnahagsþrengingar, hálfgerðan föstutíma, þá er gott að hafa páskasólina fyrir augum."

Biskupinn talar líka um stöðu þjóðkirkjunnar í viðtalinu. Að mörgu leyti má segja að hún hafi verið hnípinn söfnuður undanfarin ár. Það hefur einfaldlega gengið illa; umræðan hefur verið neikvæð, fólki í kirkjunni hefur fækkað og að henni verið þrengt á ýmsa vegu. Kirkjan hefur lent í basli með viðbrögð sín við að minnsta kosti þrenns konar samfélagsþróun; mannréttindabaráttu samkynhneigðra, sviptingu hulu leyndar og þöggunar af kynferðisbrotum og fjölmenningarvæðingu Íslands, sem felur meðal annars í sér að samkeppni lífsskoðana er harðari og það er liðin tíð að nánast allir sæki sína andlegu leiðsögn til kirkjunnar.

Þessi staða er ekkert einsdæmi hjá kristnum kirkjudeildum, hvorki hér á landi né úti um heim. Þær standa víða höllum fæti. Nýlega var hér í blaðinu úttekt á því hvernig kaþólska kirkjan hefur glatað trausti, fylgjendum og ítökum á síðustu árum. Stærsta kirkjudeildin hefur ekki bara misst af mannréttindabaráttu samkynhneigðra heldur sömuleiðis af kvenréttindabaráttunni og baráttunni gegn alnæmi svo tvennt sé nefnt. Hún virðist úr takti við samfélags- og menningarstrauma nútímans, sem undirstrikaðist við páfakjörið á dögunum; lokaðir fundir með reykmerkjum og pilsaþytur gamalla karla sem allir voru eins.

Á Íslandi situr hins vegar fráskilin amma á biskupsstóli. Hún svarar vel þegar hún er spurð um stöðu þjóðkirkjunnar: „Ég tel að samfélagið allt og kirkjan hafi lifað í dálitlum ótta við nýja strauma í samfélaginu og finnst að við ættum heldur að snúa óttanum í virðingu og jákvæðni."

Leiðin út úr ógöngum kirkjunnar liggur einmitt á þessum slóðum. Þar sem var útilokun á að vera umburðarlyndi og kærleikur. Þar sem var lokað á að vera opið. Þar sem var ótti við breytingar á að vera hugrekki til að takast á við þær og vinna með þeim – í þeirri bjargföstu trú að á endanum sigrar kristinn kærleiksboðskapur.

*Gleðilega páska!*

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871







## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Hugmyndafræði á haus

Alla jafnan sætir ekki tíðindum þegar ráðherrar af Norðurlöndum koma hingað. Þó vakti heimsókn Carls Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, nokkru meiri athygli á dögunum en gengur og gerist. Hann var áður leiðtogi Hægri flokksins og forsætisráðherra.



Koma hans hingað að þessu sinni gefur tilefni til að skoða ýmsar hliðar Evrópusambandsumræðunnar. Nefna má hversu hugmyndafræðilegt reiptog hér sker sig frá því sem almennt er í þeim löndum sem við jöfnum okkur helst til og eigum mest viðskipti við.

Evrópusamstarfið byggir fyrst og fremst á þeirri hugsun að athafnafrelsi einstaklinga og fyrirtækja yfir landamæri og út fyrir landsteina auki hagvöxt og velferð. Í annan stað er hugsunin sú að tryggja verði jafnræði með samræmdum leikreglum. Í þriðja lagi er hugsunin sú að slíkt samstarf skyldra þjóða efli þær í samskiptum við fjarlægari heimshluta. Loks hafa menn talið að með þessu móti megi tryggja frið og öryggi betur en með annars konar samskiptaháttum.

Af sjálfu leiðir að borgaralegir flokkar og sósíaldemókratar hafa alls staðar náð saman um þessa umgjörð efnahagslífs og alþjóðasamstarfs. Hreinir vinstri flokkar og þeir sem lengst eru til hægri eru af hugmyndafræðilegum ástæðum gjarnan á öndverðum meiði. Ísland hefur lengst af fallið inn í þessa mynd. Það er fyrst á allra síðustu árum að meirihluti framsóknarmanna og sjálfstæðismanna hefur snúið þessari hugmyndafræði á haus.

# Röksemdasmit

Í frjálsu þjóðfélagi hljóta ólík hugmyndafræðileg viðhorf að leiða til rökræðna og átaka í kosningum. Það er eins og vera ber. En hitt er ekki vandalaust þegar hugmyndafræðinni er snúið á haus eins og hér hefur gerst í rökræðum um Evrópusambandið. Málefnaleg ósamkvæmni í innanlandspólitíkinni og Evrópupólitíkinni getur nefnilega valdið röksemdasmiti.

Án þess að rýrð sé kastað á nokkurn bera Morgunblaðið og netmiðillinn Evrópuvaktin höfuð og herðar yfir aðra málflytjendur gegn frekara Evrópusamstarfi. Þó að málflutningur Morgunblaðsins hafi um skeið verið Framsóknarflokknum notadrýgstur er gamalgróin ímynd blaðsins þó sú að þar megi finna viljans sverð og andans skjöld fyrir borgaralegri hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins.

Á sínum tíma var Hannes Pétursson skáld tíður gestur á síðum Morgunblaðsins. Fyrir skömmu skrifaði skáldið grein í þetta blað þar sem sjónum var beint að þeim lýsingum sem andstæðingar frekari Evrópusamvinnu nota um forysturíki Evrópusambandsins. Þau eru jafnan nefnd nýlenduríki. Þau eru sögð kúga smáþjóðir. Þau eru kölluð varðhundar bankavaldsins gegn hagsmunum almennings. Brussel er álitin háborg umsátursins um Ísland.

Forystumenn sömu ríkja hafa lengi hist í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel. Þar hafa þeir fram til þessa haldið á kyndli frelsisins, verið brjóstvörn lýðræðis og hlífiskjöldur smáríkja. Getur geð þeirra verið svo klofið eftir því hvar þeir hittast í borginni? Eða höfum við eftir allt verið í hættulegum félagsskap frá 1949 eins og Þjóðviljinn fullyrti með nákvæmlega sömu orðum og Morgunblaðið notar nú um Evrópusambandið?

# Með eða móti óreiðumönnum?

Eftir að dró úr deilum um atvinnufrelsi og þjóðnýtingu hefur markalínan milli vinstri og hægri í pólitík helst verið dregin milli ráðdeildar og óreiðu í fjármálum. Við hrösuðum illa á sviði peningamála fyrir fáum árum og þurftum að biðja Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og nokkur Evrópusambandsríki ásjár. Aðstoð var veitt með ströngum skilyrðum um íhaldsráðstafanir í fjármálum.

Kýpur hefur um hríð verið á barmi hengiflugsins. Gagnrýnendur Evrópusambandsaðildar færa nú þau rök helst gegn aðild Íslands að þau skilyrði sem sambandið setur Kýpur um ráðdeild á móti aðstoð lýsi óvild forysturíkja þess í garð smáríkja. Með öðrum orðum: Tilgangurinn helgar meðalið. Afstaða er tekin með þeim sem bera ábyrgð á óreiðunni á Kýpur og gegn þeim sem halda fast við ráðdeildina ef það má verða til að sá tortryggni í garð Evrópusambandsins.

Önnur röksemd sem beitt er gegn Evrópusambandinu eru hugmyndir sem þar eru ræddar um sameiginlega ríkisfjármálareglu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur talað fyrir sams konar hugmyndum. En slík hugsun er talin sprottin af hinu illa í Evrópusamhengi.

Hvernig geta menn gert kröfur um ráðdeild og að þjóðin lifi í samræmi við efni þegar slíkt þykir vera yfirgangur og ofríki gagnvart ríkjum sem hafa spilað rassinn úr buxunum? Alltént er hætt við að ráðdeildarboðskapurinn á heimavígstöðvunum veikist. Röksemdasmit af þessum toga gæti verið ein skýringin á þeirri málefnalegu upplausn og fylgissveiflum sem nú einkenna stjórnmálin.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Blessuð velferðin!

SAMFÉLAG



Bolli Pétur Bollason
sóknarprestur Laufásprestakalli

Gamli barnaskólinn í Skógum í Fnjóskadal er hús með sál. Þangað er gott að koma og spjalla. Það gerði ég fyrir skömmu er ég flutti þar erindi um siðfræði og siðferðislega ábyrgð. Það er reyndar gaman að vita til þess að þetta gamla skólahús nýtist áfram í sveitinni, þarna fara fram margvíslegar fræðslu- og kaffistundir og eitt og annað sem nærir félagsþörf og -vitund. Samfélagið utan um þetta siðfræðispjall var vænt og gott og viðstaddir virkir í umræðum, enda erum við víst öll að fást við siðfræði og siðferði með einum eða öðrum hætti daglega, hverja stund. Það er gott að halda því til haga að siðfræði er fræðigrein innan heimspekisviðs en siðferði hins vegar framkvæmd siðfræðinnar.

Við erum sem sagt hvað eftir annað að framkvæma siðfræði, jafnvel á þessari stundu ert þú að taka annaðhvort stórvægilega ellegar smávægilega siðferðislega ákvörðun. Þess vegna erum við á vissan hátt hvert og eitt sérfræðingar í siðfræði og sjálfsagt fáir sem voga sér að kalla sig siðfræðinga, þar sem enginn kann við að bera þann titil ef hann t.d. hrasar á svelli siðferðis, sem við gerum jú öll einhvern tímann. Verði einhverjum á að halda öðru fram er honum samstundis varpað í flokk með faríseanum forðum sem sagðist ekki vilja vera eins og þessi tollheimtumaður og benti á hann með svip yfirlætis er þeir báðu saman í musterinu.

### Siðferðisleg ábyrgð

Siðferðisleg ábyrgð er gríðarlega mikil ábyrgð án þess að við gerum okkur alltaf nægilega grein fyrir henni. Ábyrgðin felst m.a. í því að skynja og skilja umhverfi sitt, læra af hinni siðferðislegu hrösun á svellinu sleipa og jafnframt því að leggja sig fram um að þekkja inntak mikilvægra siðferðislegra hugtaka. Hvað með t.a.m. hugtakið velferð? Í hvaða samhengi setur þú hugtakið velferð? Nú í vor fyrir alþingiskosningar kæmi mér ekkert á óvart að framboðin 13, eða hvað þau nú voru orðin mörg, myndu nota ósjaldan hugtakið velferð. Það hefur einhvern veginn verið þannig í gegnum tíðina að hugtakið hefur þótt áhrifaríkt í slagorðasamkeppni stjórnmálaaflanna, kannski vegna þess að það tekur utan um margt jákvætt og höfðar til þeirra siðferðisþanka er búa í brjóstum landsmanna daglega.

Tengjum við velferð ekki oft við efnahagslega velsæld? Gæti verið að það séu einhverjir þarna úti sem sjá velferð aðeins fyrir sér út frá auknum hagvexti? Erum við að tala um að velferð sé einkum virkara lýðræði, meiri atvinna, meiri peningar? Nú er ég ekki draga úr þessum þáttum, sem þarna eru tengdir við velferð, en í raun eru þeir ekki fyrstir og fremstir. Velferð er nefnilega í eðli sínu hugsjón, siðferðilega göfugt markmið og grundvallarstoðir þess eru mannúð, virðing fyrir manneskjunni sem persónu, sjálfræði, velvild og umhyggja fyrir öðrum, réttlæti, frelsi og ábyrgð, réttindi og skyldur og gleymum ekki skyldunum.

Siðferðilegar forsendur velferðar krefjast þess einkum að allir aðilar ræki skyldur sínar í stað þess að varpa eigin ábyrgð yfir á aðra. Velferðarhugtakið er þannig safnheiti fyrir margþætt siðferðileg verðmæti eða gæði, sem gefa mannlífinu gildi. Þarna er um hina raunverulegu velferð að ræða og sé unnið af heilindum að þessu siðferðilega göfuga markmiði er svo sem ekkert loku fyrir það skotið að allir þeir veraldlegu þættir, sem hér hefur verið minnst á og ýmsir tengja fyrst og fremst velferðinni, fylgi á eftir. Ég segi fyrir mig að það stjórnmálaafl sem virðist sjá þetta skýrt og starfar í samhengi við þá sýn er að mínu mati vel statt hvernig svo sem því reiðir af í argaþrasi pólitíkurinnar, sem getur verið snúin tík eins og maðurinn sagði. Ég er ekki frá því að kæmi ég auga á slíkt afl mitt í allri kosningabaráttu og umræðu, sem ég vona og treysti að verði meira en loforðaflaumur og slagorðasamkeppni, að þá myndi ég gjarnan greiða því atkvæði mitt. Já, blessuð velferðin!

> **➜ Siðferðilegar forsendur velferðar krefjast þess einkum að allir aðilar ræki skyldur sínar í stað þess að varpa eigin ábyrgð yfir á aðra.**

## Skoðun visir.is

**1.110**
MIÐVIKUDAGUR 27. MARS
**Latte-listinn: Gegn óforskömmuðu kjördæmapoti**
*Sif Sigmarsdóttir pistlahöfundur*

**742**
PRIÐJUDAGUR 26. MARS
**Um tilfinningar og staðreyndir**
*Sigrún Blöndal bæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði*

**584**
MÁNUDAGUR 25. MARS
**Að fórna vatni**
*Stefán Jón Hafstein sviðstjóri hjá Þróunarsamvinnustofnun*

**545**
FIMMTUDAGUR 28. MARS
**Að verða illt í auðmýktinni**
*Saga Garðarsdóttir pistlahöfundur*

**250**
MÁNUDAGUR 25. MARS
**Aðskilnaður systkina**
*Hrafnhildur Hannesdóttir, foreldri og doktorsnemi, Rannveig Sverrisdóttir, foreldri og lektor, og Birna Hafstein, foreldri, leikari og framleiðandi*

**156**
MÁNUDAGUR 25. MARS.
**102 Reykjavík**
*Guðmundur Andri Thorsson pistlahöfundur*

Gefðu sparnað í fermingargjöf




**Fermingarkortið er inneignarkort** sem hentar þeim vel sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 5.000 króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

**Fermingarkortið er gjöf** sem leggur grunn að fjárhag framtíðarinnar.
Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í útibúum Landsbankans.



## UMMÆLI VIKUNNAR

**„Það voru mistök að sakfella þessa einstaklinga.“**

*Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur eftir að skýrsla um Guðmundar- og Geirfinnsmálin kom út í byrjun vikunnar.*

**„Ég hef upplifað gífurlega hneykslun innan sjávarútvegsins vegna þessa myndbands.“**

*Stýrimaðurinn Aríel Pétursson var ósáttur við Eurovision-myndbandið við lagið Ég á líf. Honum þótti myndbandið kollvarpa öllu sem sjómenn þekkja.*



**„Af þeim sökum hafa síðustu vikur mínar hér á Alþingi verið daprasta tímabilið á mínum þingferli.“**

*Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í sinni síðustu þingræðu umræður í þingsölum óvægnari og hatramari undanfarið en oft áður.*







# Við léttum þér lífið

Fastus ehf. býður upp á mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic.
Sérhæft fagfólk á sviði endurhæfingar, hjúkrunar og hjálpartækja leggur metnað sinn í að finna lausnir og aðstoða við valið á réttu spelkunni fyrir þig.

Vinsamlega pantið tíma í síma 580 3912.

Komdu og skoðaðu úrvalið
- við tökum vel á móti þér og finnum réttu lausnina fyrir þig.

SPORLASTIC ORTHOPAEDICS

FASTUS

FASTUS_H_08.03.13

**Komið í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is


# Fjárfesting til framtíðar

FJÁRMÁL



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Á undanförnum fjórum árum hefur íslenskt samfélag náð jöfnum og góðum bata eftir efnahagshrunið. Þessi tími hefur verið okkur öllum sem myndum samfélag hér á Íslandi erfiður en nú sjáum við fyrsta árangur erfiðisins. Á næstu árum er raunhæft að hefja stórsókn í því að bæta lífskjör á Íslandi. Þar vill Vinstrihreyfingin – grænt framboð setja uppbyggingu heilbrigðismála, menntamála og velferðarmála í forgang.

Það hefur ekki verið hlaupið að því að tryggja að grunnstoðirnar svo að heilbrigðisþjónustan, menntakerfið og velferðarkerfið hafi áfram getað staðið undir samfélagslegu hlutverki sínu á sama tíma og unnið hefur verið að því að loka rúmlega 200 milljarða fjárlagagati og bæta efnahag landsins. Enginn þessara málaflokka hefur verið ofhaldinn á þessu kjörtímabili en þar hefur hins vegar ríkt ríkur skilningur á hinni erfiðu stöðu ríkisfjármála. Það sem hefur svo bjargað grunnstoðunum frá frekari og skaðlegri niðurskurði eru þær breytingar sem hafa verið gerðar á skattkerfinu, skattkerfisbreytingar sem hafa aukið skattbyrði hinna tekjuhæstu en lækkað hana hjá þeim tekjulægstu, og aflað þannig ríkissjóði aukinna tekna til þessara málaflokka.

**Snúum vörn í sókn**

Nú þarf hins vegar að snúa vörn í sókn og fyrsta skrefið er að viðurkenna störf þeirra sem bera uppi heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfið frá degi til dags. Það er staðreynd að kjör þeirra sem þar starfa eru ekki í samræmi við mikilvægi þeirra fyrir samfélagið. Á nýju kjörtímabili eigum við því að sameinast um að bæta kjör þessara stétta umfram annarra.

Í öðru lagi þurfum við að tryggja eðlilega fjármögnun þessara kerfa. Gera þarf átak í því að endurnýja og bæta tækjakost og starfsaðstöðu. Auk þess þurfum við að fullfjármagna bæði háskólana og framhaldsskólana sem hafa verið vanfjármagnaðir frá því löngu fyrir hrun. Þá þurfum við að tryggja námsmönnum framfærslustuðning svo þeir geti einbeitt sér að námi sínu, annars vegar með því að efla Lánasjóð íslenskra námsmanna og koma á því kerfi að hluti lána falli niður og breytist í styrk að loknu námi, og hins vegar að koma á fót nýju framfærslukerfi sem tryggir þeim framfærslu sem vilja fara af vinnumarkaði og sækja nám á framhaldsskólastigi.

Í þriðja lagi þurfum við að bæta stöðu barnafjölskyldna og tekjulágra, þar á meðal aldraðra og öryrkja. Það gerum við með því að efla barnabótakerfið, vaxtabótakerfið og hækka tekjuþak fæðingarorlofssjóðs. Auk þess þarf að gera frumvarp um almannatryggingakerfið, sem lagt var fram á Alþingi nú í vor, að lögum og tryggja fulla fjármögnun þess.

**➜ Nú þarf hins vegar að snúa vörn í sókn og fyrsta skrefið er að viðurkenna störf þeirra sem bera uppi heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfið frá degi til dags.**

**Fjárfesting**

Við lítum á þessi verkefni sem fjárfestingu til framtíðar – fjárfestingu í okkur sjálfum til að virkja þann mannauð sem við búum yfir. Heilbrigðiskerfi sem tryggir jafnan aðgang að góðri og áreiðanlegri þjónustu eykur lífsgæði okkar. Efling menntakerfisins skapar aukin tækifæri og leggur grunn að velsæld. Öflugra velferðarkerfi tryggir aukinn jöfnuð og þannig farsælla samfélag. Eitt helsta verkefni stjórnvalda er að búa Ísland undir áskoranir og tækifæri 21. aldarinnar. Þar munu aukinn jöfnuður og bætt aðgengi að góðri menntun og heilbrigðisþjónustu leika lykilhlutverk. Mannauðurinn er lykill að framtíðinni ekki síður en auðlindir hafs og lands og hann verður hámarkaður með því að skapa samfélag jafnaðar.

Miðað við núverandi efnahagshorfur og óbreytt skattkerfi er raunhæft að hefja sókn í heilbrigðis-, mennta- og velferðarmálum. Vinstri græn vilja hefja slíka sókn með því að auka framlög ríkissjóðs til þessara málaflokka samhliða því að hefja niðurgreiðslur skulda þjóðarbúsins.

# Níutíu milljónir í óþarfa

SKIPULAGSMÁL



**Björn Jón Bragason**
sagnfræðingur

Á síðasta fundi umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar var samþykkt að verja hvorki meira né minna en níutíu milljónum króna til að breyta einum stuttum vegarspotta sem enginn býr við, en um er að ræða Sæmundargötu, fyrir framan aðalbyggingu Háskóla Íslands. Til stendur að útbúa þar göngu- og hjólreiðastíg fyrir umrædda fjárhæð.

Þessi forgangsröðun verður að teljast óskiljanleg á sama tíma og viðhaldi gatna og gangstétta er varla sinnt í borginni, en niðurskurður til þess málaflokks hefur verið mikill á undanförnum árum. Við Sæmundargötu býr enginn og umferð þar er sáralítil. Gatan er umfram allt innkeyrsla á bílastæði við Háskólann.

Það getur ekki verið slíkt forgangsmál að þrengja þessa götu, enda liggja ekki fyrir neinar mælingar á fjölda bíla sem um götuna fara eða meðalhraða. Þá er mér ekki kunnugt um að nein slys hafi átt sér stað við þessa götu. Kostnaðurinn er í ofanálag yfirgengilegur. Hluti af þessum áformum er að taka 350 bílastæði sunnan götunnar án þess að fyrir liggi hvar stúdentar og starfsfólk Háskólans eigi að leggja bílum sínum.

Hefði ekki verið nær að leyfa útsvarsgreiðendum í Reykjavík að njóta góðs af þessum níutíu milljónum í formi lægri skatta í stað þess að fleygja þeim í óþarfa framkvæmd? Stefna Jóns Gnarr og Samfylkingarinnar hefur snúist um að hækka allar álögur á borgarbúa, skerða grunnþjónustu og hætta að sinna viðhaldi eigna en stórauka þess í stað kostnað við yfirstjórn og eyða fjármunum í annað bruðl á borð við Sæmundargötuævintýrið, stuttan vegarspotta sem mun um ókomin ár verða minnisvarði um óstjórn meirihluta Samfylkingarinnar og hins svokallaða Besta flokks.

**➜ Stefna Jóns Gnarr og Samfylkingarinnar hefur snúist um að hækka allar álögur á borgarbúa...**

# Frá sjónarhóli læknanema

HEILBRIGÐISMÁL



**Elías Sæbjörn Eyþórsson**
læknanemi

Undanfarna mánuði hefur átt sér stað umræða um óánægju unglækna og læknakandidata á Landspítalanum með álag og launamál. Sú óánægja hefur meðal annars komið fram í uppsögnum tuttugu unglækna sem hafa sagt starfi sínu lausu í stað þess að vinna við þær aðstæður sem þeim eru boðnar.

Ég vil gera grein fyrir aðstæðum frá mínum sjónarhóli. Ég er læknanemi og mun ljúka mínu fjórða námsári nú í vor. Skiptingin á náminu er þannig að fyrstu þrjú námsárin eru bókleg og aðallega er kennt í kennslustofum en síðari þrjú árin eru verkleg og er kennt á Landspítalanum og heilsugæslustöðvum. Mín fyrstu kynni af spítalanum voru því í haust þegar ég mætti í mína fyrstu viku af verklegu námi.

Ég byrjaði strax að fylgjast náið með unglæknunum og læknakandidötunum. Það var eins og að fá að gægjast þrjú ár inn í framtíðina. Ég var gífurlega forvitinn um hvernig líf mitt myndi verða fyrstu árin eftir að námi mínu lyki. Það sem sló mig fyrst var hvað þau voru með allt á hreinu. Það skipti ekki máli hvað ég spurði mikið og ýtarlega, ég fékk alltaf greinargott svar og góða kennslu. Sérfræðingar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, aðstandendur og sjúklingar komu í röðum og fengu svör við sínum spurningum eins og ekkert væri auðveldara. Þau vissu hvar allt var og hvernig allt virkaði. Þau voru ofurmenni. Ég var stoltur af því að ég myndi einn daginn gegna svo ábyrgðarmiklu hlutverki og vonaðist til að geta staðið mig eins vel.

**Aldrei í matsalnum**

En svo liðu vikurnar og mánuðirnir og ég fór að taka eftir fleiri hlutum. Ég tók eftir því að unglæknar voru aldrei í matsalnum heldur borðuðu matinn sinn við tölvurnar. Ég tók eftir því að þegar vaktinni lauk og ég fór heim, þá sátu unglæknarnir eftir og héldu áfram vinnu. Ég tók eftir baugunum og svefnleysinu. Ég tók eftir því að unglæknar áttu oft að vera á þremur stöðum í einu til að sinna þeim skyldum sem þeir áttu að gegna. Fólk sem ég hafði gert ráð fyrir að væru vinnualkar og sátt við sitt hlutskipti reyndist vera foreldrar sem þráðu ekkert meira en að vera heima með börnunum sínum. Þau voru ekki ofurmenni. Þau voru venjuleg, duglegt fólk undir gífurlegu álagi. Við stoltið blandaðist kvíði. Hvernig getur venjulegt fólk unnið undir svona miklu álagi?

Ég er ekki læknir. Ég hef ekki kynnt mér kjarasamninga lækna og veit ekki hvað þeir eru með í laun. Ég get engu svarað um það hvort laun unglækna séu sanngjörn eða ekki. Ég get hins vegar fullyrt að unglæknar eru undir ótrúlegu álagi. Það er óhrekjanleg staðreynd.

**➜ Ég tók eftir því að unglæknar áttu oft að vera á þremur stöðum í einu til að sinna þeim skyldum sem þeir áttu að gegna.**




**FRAMTÍÐARREIKNINGUR**
GÓÐUR STAÐUR FYRIR FERMINGARPENINGANA

Framtíðarreikningurinn ber alltaf hæstu vexti verðtryggðra sparireikninga og er laus við 18 ára aldur. Hann er skynsamlegur staður fyrir fermingarpeningana, svo þeir nýtist í framtíðinni til að láta draumana rætast. Ef 30.000 kr. eru lagðar inn á Framtíðarreikning bætum við 5.000 kr. við.*

Hægt er að stofna Framtíðarreikning í næsta útibúi Arion banka.

Arion banki

*Eitt mótframlag fyrir hvert fermingarbarn








# 20% Loka-dagur

**afsláttur af allri smávöru**

**OPIÐ laugardag 11-17**







Skemmtilegar dyramottur






Myndarammar mikið úrval

Fullt af nýjum púðum





Bloomingville leirtau





Úti- og inniluktir



**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17



# 169.990

**FULLT VERÐ: 189.990**

**UMBRIA** 3 sæta sófi.
B:250 D:87 H:80 cm.

**UMBRIA** sófana má fá í ótalmörgum útfærslum. Stól, tveggja sæta, þriggja sæta, með og án tungu.

Hornsófaútfærslur eru t.d. mismunandi stærðum með og án tungu. Opnir eða með örmum.

Kíktu við kynntu þér óteljandi möguleika UMBRIA.

**SLINKY**
legubekkur krómlappir,
litur svartur og hvítur.



# 59.990

**FULLT VERÐ: 69.990**

# 109.990

**FULLT VERÐ: 129.990**

**ALICIA SVEFNSÓFI**
B 163 D 83 H 78 cm.
Dýnustærð 130x199 cm. Litir: Rautt, dökkgrátt, grænt, svart og ljósgrátt slitsterkt áklæði.



**MALVA** tungusófi. Tunga eingöngu vinstri.
278,0 x 160,0 x H: 90,0 cm.
Slitsterkt áklæði.

# 159.990

**FULLT VERÐ: 189.990**



# 179.980

**FULLT VERÐ: 259.980**

**ZIVA** Sófasett. Bonded leður.
3ja sæta 201,0 x 94,0 x H: 89,0 cm.
2ja sæta 148,0 x 94,0 x H: 89,0 cm.

**ZIVA SÓFASETT 3+2**



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –

**0% VEXTIR** - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða





# Býr barn til súkkulaðið þitt?

MANSAL





**Elísabet Ingólfsdóttir**
laganemi

**Hanna Sigríður Ragnarsdóttir**
kennaranemi

Á liðnu ári stofnuðu alþjóðasamtökin Stop the Traffik deild á Íslandi. Markmið samtakanna er að beita sér gegn mansali um heim allan og vekja almenning til meðvitundar um að mansal snertir okkur öll, meira að segja bara þegar við kaupum okkur súkkulaði.

Staðreyndin er sú að um 70% kakóframleiðslu heimsins eiga sér stað í Vestur-Afríku. Í þeim heimshluta viðgangast kaup og sala með börn. Sem dæmi eru börn seld frá Malí til Fílabeinsstrandarinnar á degi hverjum, eftir að hafa fengið ýmis gylliboð sem síðan reynast vera fölsk fyrirheit.

Haustið 2011 kom út skýrsla á vegum Stop the Traffik og fleiri alþjóðasamtaka sem beita sér gegn mansali og bar hún heitið „10 campaign“. Í skýrslunni kom fram að tíu árum áður hafi nokkrir stærstu súkkulaðiframleiðendur heims skrifað undir bókun sem kallast Harkin-Engel Protocol. Samkvæmt bókuninni ábyrgðust framleiðendurnir að beita sér fyrir því að útrýma verstu birtingarmyndum barnaþrælkunar í kakóiðnaðinum á Fílabeinsströndinni og í Gana. Þrátt fyrir þetta hafa ákvæðin sex í bókuninni ekki verið innleidd að fullu og fyrirhugaðar umbætur í kakóiðnaðinum hafa enn ekki átt sér stað.

**Hvað er til ráða?**

Eina leiðin til að staðreyna að súkkulaðið þitt sé mansalsfrítt er að kaupa vottað súkkulaði. Til eru hinar ýmsu vottanir og er Fairtrade einna þekktust en til eru miklu fleiri tegundir, s.s. Rainforest, UTZ og fleira. Auk þess eru mörg fyrirtæki með sína eigin vottun og versla þá við tiltekna bændur milliliðalaust.

Enn sem komið er framleiðir ekkert íslenskt fyrirtæki vottað súkkulaði. Íslandsdeild Stop the Traffik hefur þegar haft samband við alla stærstu súkkulaðiframleiðendurna á Íslandi en aðeins Nói Síríus brást við og fundaði með fulltrúum samtakanna. Viðbrögð þeirra við áhyggjum okkar voru annars vegar tortryggni í garð vottunarfyrirtækja og hins vegar fyrirsláttur um að slík breyting væri of kostnaðarsöm. Auk þess vildi framleiðandinn ekki skipta við annan millilið og hætta þannig á að bragð vörunnar myndi breytast. Í þessu samhengi er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að eins og staðan er í dag kostar íslenska súkkulaðið okkar heilsu, menntun og æsku fjölmargra barna. Það er kostnaðarsamt.

**Breytt viðhorf**

Okkur til mikillar ánægju fengum við annan fund með Nóa Síríus og kvað þá við annan tón enda höfðu nokkrir starfsmenn gert sér ferð til Vestur-Afríku til þess að kynna sér starfsemi dreifingaraðilanna. Þeim var mjög brugðið yfir því sem þeir sáu og viðhorf þeirra gagnvart vottun hafði greinilega breyst.

**➔ Eina leiðin til að staðreyna að súkkulaðið þitt sé mansalsfrítt er að kaupa vottað súkkulaði.**

Það er mjög ólíklegt að stórfyrirtæki sem starfar á samkeppnismarkaði muni breyta framleiðslu sinni nema krafa komi um það frá neytendum. Því skorar Íslandsdeild Stop the Traffik á alla Íslendinga að senda sínum uppáhaldssúkkulaðiframleiðanda áskorun um að framvegis ætli þeir aðeins að kaupa vottað súkkulaði, hvar sem bændurnir fá greitt sanngjarnt verð fyrir kakóbaunirnar sínar og börn hafa ekki komið nálægt ræktun þeirra. Einnig skora samtökin á alla neytendur að beita sér fyrir því að selt verði vottað súkkulaði í öllum verslunum og söluturnum á landinu.

Fyrir þá sem það kjósa höfum við samið staðlað bréf til íslenskra súkkulaðiframleiðenda. Sendið okkur tölvupóst á acticeland@gmail.com og þá munum við senda ykkur bréfið um hæl.

Endilega kynnið ykkur málið frekar á Facebook undir Stop the Traffik: ACT Iceland og á heimasíðu samtakanna www.stopthetraffik.org.

Fyrir þá sem hafa sérstakan áhuga á að kynna sér mansal í tengslum við kakóiðnaðinn mælum við eindregið með heimildarmyndinni „The Dark Side of Chocolate“, en hana er hægt að nálgast ókeypis á vefsíðunni Youtube.










# Lægri tekjuskattur eykur ráðstöfunartekjur heimilanna

Skattar og opinberar álögur eru einn þyngsti útgjaldaliður íslenskra heimila. Sjálfstæðisflokkurinn vill að skattkerfið sé einfalt og gegnsætt, stuðli að aukinni samkeppni og tryggi neytendum góða vöru og þjónustu á hagstæðu verði.

- Lægri tekjuskattur mun auka ráðstöfunartekjur heimilanna
- Einfalt og gegnsætt skattkerfi
- Lægra bensínverð með lægri eldsneytisgjöldum
- Lægri tollar og vörugjöld lækka vöruverð og auka samkeppni

**Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík** › NÁNAR Á 2013.XD.IS

XD



**Birna Hrönn Björnsdóttir, einn eigenda Pink Iceland**

### Í Náttúrulaug á Vestfjörðum

Helgin mín verður æði! Ég ætla að finna náttúrulaug á Vestfjörðum og drekka þar eitt hvítvínsglas, svo ætla ég að rokka inn í nóttina á Aldrei fór ég suður og íhuga hvern ég á að gabba 1. apríl.



**Kría Birgisdóttir útgefandi**

### Rólegheit og frí

Ég stefni á yfirmáta rólega páskahelgi. Ég ætla ekki að lyfta litla putta nema helst til að lesa góða bók, hanga á kaffihúsum og njóta þess að hitta vinina. Svo gæti afnvel verið komið að því að finna hlaupaskóna.



**Berglind Pétursdóttir danslistamaður**

### Skoðar málshætti

Ég ætla að fá mér einn lítinn páskabjór og fara í gegnum málshættina sem ég hef fengið síðastliðin ár. Svo ætla ég að fræða soninn um páskana og hver hefur forgang í páskaeggið hans (ég).



**Kjartan Yngvi Björnsson rithöfundur**

### Framhald Hrafnsauga

Fyrst og fremst mun ég skrifa. Svo ætla ég að skipuleggja ferð til Rúmeníu, elda indverskt páskalamb fyrir fjölskylduna og svo auðvitað hverfa í barndóm og borða páskaegg.

## EITTHVAÐ FYRIR ALLA



**Forsöguleg fjölskylda**

### The Croods um land allt

**Bíó** The Croods er ný þrívíddarteiknimynd frá Dreamworks um forsögulega fjölskyldu sem neyðist til að halda af stað í sitt fyrsta ferðalag þegar hellirinn þeirra hrynur saman. The Croods er eftir þá Kirk De Micco og Chris Sanders sem saman og hvor í sínu lagi eiga að baki nokkrar þekktustu teiknimyndir síðari ára, eins og Aladdín, Mulan, The Lion King, Lilo og Stitch og How to Train Your Dragon svo einhverjar séu nefndar af mörgum.

Myndin er sýnd í Smárabíói, Háskólabíói, Laugarásbíói, Egilshöll, Álfabakka, Ísafirði, Sauðarkróki, Akranesi og Borgarbíói Akureyri.



**Óratóría í Aðventukirkjunni**

### Kór og einsöngvarar

**Tónleikar** Kammerkór Reykjavíkur flytur óratóríuna The Crucifixion eftir breska tónskáldið John Stainer í tengslum við guðsþjónustu í Aðventkirkjunni við Ingólfsstræti 19, klukkan 12 í dag, 30. mars.

Stjórnandi er Julian M. Hewlett og einsöngvarar eru Dagur Jónsson, Guðbjörg Tryggvadóttir, Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir, Kristín R. Sigurðardóttir, María Björk Jónsdóttir, Vilborg Helgadóttir og Þorsteinn Pétur Manfredsson.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.



**Öll bestu lögin á Akureyri**

### Todmobile á Græna hattinum

**Tónleikar** Stórhljómsveitin Todmobile með þau Andreu, Eyþór Inga og Þorvald Bjarna í broddi fylkingar hitar upp fyrir 25 ára afmælið á Græna hattinum á Akureyri í kvöld. Öll bestu Todmobile-lögin og gott betur.

# Hefði viljað fara í alfræði

**Auður Tinna Aðalbjarnardóttir hefur vakið mikla athygli í Útsvarsliði Reykjavíkur og virðist vita nánast allt. Hún segist eyða miklum tíma í spurningakeppnir, en hún stundar líka nám í lögfræði, situr í stúdentaráði fyrir Röskvu og svo á hún kærasta og nýtur þess að hitta hann á kvöldin.**

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Um páskana fer ég alltaf með föðurfjölskyldunni upp í bústað ömmu og afa og við borðum saman lambalæri á laugardagskvöldinu, vöknum svo saman á páskadagsmorgun, förum í páskaeggjaleit og borðum síðan auðvitað páskaeggin. Það er mjög skemmtilegt," segir Auður Tinna Aðalbjarnardóttir spurð um fyrirætlanir sínar um páskahelgina.

Auður Tinna hefur verið í sviðsljósinu í vetur vegna þátttöku sinnar í Útsvarsliði Reykvíkinga en hún hefur reyndar tekið meira og minna þátt í spurningakeppnum síðan hún var unglingur. „Ég byrjaði á þessu þegar ég var í tíunda bekk í Hagaskóla, var síðan í Gettu betur liði MH öll þrjú árin sem ég var þar og þetta er annað árið mitt í Útsvari."

Hvað veldur þessum ofuráhuga á spurningakeppnum? „Ég hef alltaf verið mjög fróðleiksfús og átt auðvelt með að leggja hluti á minnið. Svo byrjaði ég í þessu og finnst þetta bara óskaplega gaman. Bæði að prófa hvað ég veit og eins að kynnast öllu þessu skemmtilega fólki sem hefur verið með mér í liði. Það hefur skapast alveg ótrúlega skemmtileg stemning í kringum þetta í gegnum tíðina og maður fengið mikið af jákvæðri athygli í kjölfarið. Það er bara allt jákvætt við þetta."

Auður Tinna er á öðru ári í lagadeild HÍ, hvað heillaði hana við lögfræðina? „Mér þótti svolítið erfitt að velja eftir menntaskólann. Ég hafði verið á náttúrufræðibraut, málabraut og félagsfræðibraut og ef ég hefði getað valið alfræði hefði hún orðið fyrir valinu, en ég heillaðist af lögfræðinni því það er mjög krefjandi nám auk þess sem ég hef mjög sterka réttlætiskennd og langar að leggja eitthvað af mörkum fyrir samfélagið. Ég lít á lögfræðina sem ákveðið tæki til þess."

Þú ert líka á fullu í stúdentapólitíkinni, ætlarðu kannski út í pólitík að námi loknu? „Kjörtímabilið mitt klárast núna í maí reyndar. Þetta hefur verið ágætt en ég hef fundið að pólitík er stundum pínu skrítin. Stúdentaráð er samt að gera frábæra hluti og er nauðsynlegt til að berjast fyrir réttindum nemenda. Kannski var ég bara of ung, nítján ára þegar ég var kosin. Pólitískur ferill heillar mig ekki í dag allavega en kannski á ég eftir að þroskast upp í að geta tæklað þetta betur."

Fyrir utan námið, pólitíkina og Útsvar, hvað gerirðu þér til skemmtunar? „Ég eyði stórum hluta af mínum frítíma í spurningakeppnir, pólitík og að þjálfa stelpur í borðtennis og reyndar líka keppnislið MH í Gettu betur, en ástæðan fyrir því að ég geri það er að ég fæ svo mikla gleði út úr því að skipuleggja gott starf og uppskera eins og maður sáir. Auðvitað á ég líka fullt af frábærum vinum sem ég nýt þess að læra með og gera eitthvað skemmtilegt með. Svo á ég líka kærasta sem mér finnst mjög gaman að hitta á kvöldin."



**ÚTSVARSNÖRDINN AUÐUR TINNA** Eyðir stórum hluta frítímans í spurningakeppnir. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR

> ➜ Mér þótti svolítið erfitt að velja eftir menntaskólann. Ég hafði verið á náttúrufræðibraut, málabraut og félagsfræðibraut og ef ég hefði getað valið alfræði hefði hún orðið fyrir valinu

# Spenna og hasar um páskana

**Sú tíð er liðin að bækur komi bara út fyrir jólin en kiljur ráða ferðinni í vorútgáfunni.**

Fjölmargar bækur hafa komið út hjá bókaforlögunum undanfarnar vikur og því af nógu að taka fyrir lestrarhesta. Fjölbreytnin ræður ríkjum en meðal bóka sem ratað hafa í verslanir undanfarið er Skýrsla 64 eftir danska spennusagnakónginn Jussi Adler-Olsen, Meistarinn eftir Hjorth Rosenfeldt kom nýverið út í kilju og annar sænskur krimmi, Verndarenglar eftir Kristinu Ohlsson er sömuleiðis ferskur úr prentsmiðju.

Bókaormar sem ekki hafa smekk fyrir glæpasögum geta til dæmis kynnt sér verðlaunaskáldsöguna Svifflug eftir hollensku skáldkonuna Anne-Gine Goemans sem segir frá tilraunum unglingsstráks til að fanga athygli móður sinnar sem dvelur við þróunarstörf í Afríku.

Handbókaútgáfa er líka blómleg en nýverið hafa komið út bækurnar Burt með draslið sem fjallar um það hvernig best sé að losna við ruslið úr lífinu, sjálfshjálparbók eftir Sigríði Arnardóttur og bókin Tiplað með Einstein sem fjallar um listina að muna.



Nikon

*At the heart of the image*

## Nikon COOLPIX S31

KAUPAUKI

*Taska fylgir!*







Höggþolin, vatnsþétt og rykvarin myndavél með 10.1 megapixla upplausn og því hægt að nota hana nánast hvar sem er. NIKKOR gleiðhornslinsa, 3x aðdráttur og hristivörn. Skemmtilegar síur breyta myndum, stór 2.7" LCD skjár og eins fæst hún í 5 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Kr. 22.995**

# I AM YOUR EASTER DEAL

## Nikon D3100

KAUPAUKI

*Taska og 8GB kort fylgir!*

**Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu.**

GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, EXPEED 2 myndvinnslu, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3"LCD skjá.






**Ég er smíðuð til að hjálpa. nikon.is**

**Kr. 99.995**

**Nikon School D-SLR Intro – 2.5 klst kynningarnámskeið ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir með D3100 að verðmæti kr. 25.000.**

Nikon SCHOOL

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Reykjanesbæ; Omnis – Akranesi, Borgarnesi og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt.

# Ég er bara lítil stelpa að vestan

**Hún ákvað ung að verða prestur enda kveðst hún hafa hangið í hempufaldi föður síns sem barn og þótt starfssvið hans afar áhugavert. Nú hefur hún verið biskup Íslands í níu mánuði og forvitnilegt að vita hvernig henni líkar.**




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


*Hvernig líður þér í embætti biskups?*

„Mjög vel. Þetta er fjölbreytt starf. Suma daga er kannski fullmargt að takast á við en hins vegar finnst mér allt bara svo skemmtilegt – enn þá að minnsta kosti."

*Er ekki dálítið ólíkt að sitja í prestsetrinu í Bolungarvík, einu húsi uppi á hól við hlið kirkjunnar, eða hér við aðalverslunargötu borgarinnar?*

„Já, það er annar lífstaktur. Þegar maður er prestur í sókn þá er viðfangsefnið að sinna sóknarbörnunum þar en hér hef ég samband við presta og sóknarfólk út um allt land. Um þessar mundir er ég til dæmis að vísitera í Kjalarnesprófastdæmi, byrjaði á Bessastöðum 17. mars og var í Reynivallaprestakalli á pálmasunnudag, þar eru þrjár kirkjur. Eftir páska fer ég í Garðinn, Sandgerði, Keflavík og Njarðvík. Svona heldur þetta áfram og endar í Grindavík 9. júní. Garðabær og Hafnarfjörður eru inni í þessu."

*Alltaf ný og ný ræða?*

(Hlæjandi) „Já, já, alltaf ný og ný ræða, enda nýjar og nýjar aðstæður og alltaf eitthvað að gerast."

*Kemur fólk hingað inn af götunni og skriftar fyrir þér?*

„Skriftar? Já, það má kannski segja það. Þrjá til fjóra daga í viku er ég meira og minna í viðtölum sem fólk sem hefur pantað tíma. Þau eru af öllum toga."

**Gott að konur urðu prestar**

*Heldurðu að það breyti embættinu að þú ert kona?*

„Já, ég held að þrátt fyrir öll kerfi og allt sem við setjum niður á blað, svo sem reglur og lög, mótist starf alltaf af þeim einstaklingi sem sinnir því. Ég horfi á lífið og starfið með kvenmannsaugum og við konur lítum á ýmislegt frá öðrum sjónarhóli en karlar. Ég held líka að það hafi áhrif að það sé kona í brúnni. Það skiptir máli fyrir samfélagið að konur séu sýnilegar eins og karlar. Meðal annars þess vegna tel ég gott að konur urðu prestar og kona biskup."

*Varst þú ekki meðal fyrstu kvenna sem tóku prestsvígslu á Íslandi?*

„Ég var númer þrjú. Fyrstu tvær voru Auður Eir og Dalla dóttir hennar. Ég var vígð árið 1981, í september."

*Hvernig metur þú stöðu íslensku þjóðkirkjunnar? Hefur tekist að snúa vörn í sókn eftir áföll sem hún varð fyrir vegna kynferðisofbeldismála?*

„Bæði og. Einhver skaði hefur skeð og hann verður kannski aldrei bættur. Hins vegar held ég að almennt sé meiri jákvæðni gagnvart kirkjunni en var fyrir einu ári. Þá tilfinningu fæ ég í samtölum mínum við fólk og könnun sem gerð var á þessu ári sýndi nálina fara örlítið upp á við. En við megum aldrei sofna á verðinum heldur þurfum að vanda okkur. Lífið heldur alltaf áfram og ný viðfangsefni taka við."

*Nú er talað um að færri börn fermist en áður, sérstaklega hér í Reykjavík. Hefur þú áhyggjur af því?*

„Ekki áhyggjur, en mér finnst það umhugsunarvert og tel að við þurfum að skoða hvað við getum gert betur. Kirkjunnar fólk er, að mínum dómi, að vinna gott starf með fermingarbörnum úti um allt land. Börnin mæta í kirkjuna og kynnast starfi hennar og flest fara í fermingarbúðir í nokkra daga. Við erum að útbúa nýtt kennsluefni og koma því til skila þannig að börnin skilji það. Þegar ég var í fermingarfræðslu átti ég að læra þrjátíu sálma utan að, ritningarvers og hitt og þetta en í nútímanum eru aðrar aðferðir notaðar, myndbönd og alls konar efni. En eitt af því sem hefur áhrif er að mun erfiðara er að vera foreldri núna en var fyrir nokkrum áratugum, það er svo mikil krafa um að þeir fylgi börnunum í öllu og vissulega vill kirkjan hafa gott samstarf við foreldra barnanna og það umhverfi sem þau eru í."

*Telur þú skólakerfið hafa haft áhrif á að fækkað hefur í fermingarbarnahópunum?*

„Ég tel að samfélagið allt og kirkjan hafi lifað í dálitlum ótta við nýja strauma í samfélaginu og finnst að við ættum heldur að snúa óttanum í virðingu og jákvæðni."

*Hvað áttu við?*

„Ég get tekið dæmi sem ég þekki úr Bolungarvík. Þar er fullt af útlendingum með ólíka trú. Börn úr þessum fjölskyldum eru í sama bekk og börnin sem eru í fermingartímum. Ég bauð þeim að vera með í fermingarfræðslunni, í samráði við foreldrana, þó að þau fermdust ekki, í stað þess að gera þetta að einhverju vandamáli. Mér finnst að við verðum sem þjóð að ákveða út frá hvaða gildum við viljum ganga. Þess vegna er svo mikilvægt að það sé sátt um stjórnarskrána og að við byggjum hana á þeim grunni sem við þekkjum. Sá grunnur útilokar engan frá því að vera með okkur í þessu samfélagi.

Ef einhver biður um þjónustu kirkjunnar þá spyrja starfsmenn hennar ekki: „Bíddu, ert þú í þjóðkirkjunni? Ert þú kristin manneskja?" Við þjónum bara fólki, alveg sama í hvaða trúfélagi það er. Þessi tenging er svo skýr í litlum samfélögum en ekki eins hér í Reykjavík. Þess vegna er umræða um hvort samstarf eigi að vera milli kirkju og skóla miklu meiri hér í þéttbýlinu en á smærri stöðum."

**Ömmutáknið**

Snúum okkur að þinni persónu. Hver er Agnes M. Sigurðardóttir?

„Ég er bara lítil stelpa að vestan. Pabbi var prestur á Ísafirði. Ég hékk – ekki í pilsfaldi móður minnar heldur í hempufaldi hans, fannst allt sem hann gerði svo áhugavert að ég ákvað ung að verða prestur eins og hann. Ég útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði 1975 og þá fór ég fyrst suður, í háskólann, en hef varið fjörutíu árum af ævi minni á Vestfjörðum – í því stórkostlega umhverfi. Svo eignaðist ég mann og þrjú börn sem eru orðin fullorðin og öll flutt hingað suður. Þau fóru reyndar að heiman sextán ára í Menntaskólann á Akureyri og voru ekki mikið heima eftir það. Við hjónin skildum og ég var ein í Bolungarvík í átta ár. Ég á eitt barnabarn og finnst voða gaman að vera amma þótt lítill tími gefist til að vera í því hlutverki. Ömmubarnið er drengur, tveggja ára síðan í desember. Yfirleitt er ég með kross um hálsinn og alltaf þegar hann sér mig grípur hann í þennan kross. Heldur örugglega að hann sé ömmutákn."

*Það hefur komið fram annars staðar að þú hafir farið í gegnum tólf spora kerfið. Stríddir þú við áfengisfíkn?*

„Nei, en kirkjan býður upp á tólf spor sem andlegt ferðalag, án þess að fólk hafi einhver skilgreind vandamál. Það kemur saman og fer í gegnum líf sitt og lán – eða ólán. Ég tel að það hafi gagnast mér og leiddi slíkt starf í átta ár fyrir vestan."

*Hver eru svo helstu áhugamálin fyrir utan starfið?*

„Ég stunda engin áhugamál en það sem ég hef mest gaman af er fólk og mannlíf. Um það fræðist ég með því að tala við fólk og lesa ævisögur. Svo lærði ég á píanó í uppvextinum og spila stundum, helst þegar enginn heyrir til."

*Færðu ekki að heyra að þú sért lík Vigdísi Finnbogadóttur?*

„Jú, það er oft sagt við okkur báðar. Þó veit ég ekki til að við séum sérstaklega skyldar, umfram það sem flestir Íslendingar eru. Mér finnst ekki slæmt að vera líkt við Vigdísi Finnbogadóttur. Það gæti ekki verið betra."

*Einhver lokaorð til þjóðarinnar á páskum?*

„Það gerðust miklir atburðir í sögu kristninnar frá skírdegi til páskadags. Við getum heimfært þá upp á lífið sjálft. Þegar við erfiðleika er að etja er gott að líta til upprisunnar og nú hefur þjóðin gengið í gegnum efnahagsþrengingar, hálfgerðan föstutíma, þá er gott að hafa páskasólina fyrir augum."



**BISKUPINN** Það skiptir máli fyrir samfélagið að konur séu sýnilegar eins og karlar. Meðal annars þess vegna tel ég gott að konur urðu prestar og kona biskup," segir Agnes. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Starfsferill Agnesar

| | |
|---|---|
| **1981-1986** | Æskulýðsfulltrúi Þjóðkirkjunnar. |
| **1986-1994** | Sóknarprestur í Hvanneyrarprestakalli |
| **1994-2012** | Sóknarprestur í Bolungarvíkurprestakalli |
| **1999-2005** | Prófastur í Ísafjarðarprófastsdæmi |
| **2005- 2012** | Prófastur í Vestfjarðaprófastsdæmi, (fyrst sameinuðu Ísafjarðar- og Barðastrandarprd., 2010 bættist Hólmavíkurprestakall við.) |



**MEÐ FJÖLSKYLDUNNI Á VÍGSLUDAGINN** Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, Sigurður Hannesson, Agnes M. Sigurðardóttir, Margrét Hannesdóttir, Hannes Freyr Berg Baldursson, Baldur Hannesson, Þórunn Sigurbjörg Berg. MYND/GUNNAR VIGFÚSSON




# Ef þú vilt ná lengra

Í atvinnulífinu er reynsla af nýsköpun, greiningu og lausn raunhæfra verkefna ómetanleg. Í framhaldsnámi við HR hafa nemendur tækifæri til sjálfstæðra rannsókna og þverfaglegs náms. Í háskólanum er takmarkaður nemendafjöldi sem gerir kennurum kleift að vinna með hverjum og einum nemanda og námsáætlanir eru sniðnar að nemandanum sjálfum. Meistaranám við HR sker sig úr hvað varðar þjónustu við nemendur og tengsl við atvinnulífið.

**OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

hr.is

# Fylltu heimilið af litum

Þó að svart og hvítt séu klassískir litir er ekkert skemmtilegra en að lífga upp á tilveruna með skemmtilegri hönnun í æpandi lit.

Það er þekkt að litir lífga upp á skammdegið en einnig nú með hækkandi sól er ekki úr vegi að bæta nokkrum litum inn á heimilið en af nógu er að taka. Passa þarf þó að litagleðin verði ekki allsráðandi á heimilinu sem fljótt getur orðið trúðsleg og því best að vanda litavalið vel. Hér eru nokkrir skemmtilegir hlutir í glaðlegum litum.



Grænn svanur eftr Arne Jacobsen



Appelsínugulur Eames-stóll



Appelsínugul Vitra-klukka í retróstíl



Páskalegir Applicata-kertastjakar



Skemmtilegir munir frá merkinu Kidsonroof



George Nelson-klukka í glaðlegum lit



Hinn frægi Vitra-sófi í grænum lit



**LJÓSBLÁR SMEG-ÍSSKÁPUR** „Eldhúsið er hálfopið inn í stofu, sem mér þótti heillandi, en innréttingin er upprunaleg svo ég valdi þennan gráa lit á veggina í stíl við hana. Svo seldum við tvöfalda ísskápinn okkar með klakavél, maðurinn minn grét sig í svefn yfir því, og fjárfestum í draumaísskápnum mínum, Smeg. Það var erfitt að velja lit en ljósblár varð fyrir valinu." FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Litrík notalegheit í Vesturbænum

**Tinna Brá Baldvinsdóttir,** hönnuður og eigandi verslunarinnar Hríms, er nýflutt í draumahús sitt í Vesturbænum. Hún stráði um heimilið fögrum munum, gömlum klassískum tekkmublum í bland við litríka hönnun. Tinna Brá er hvergi bangin við að umkringja sig litum og málaði veggi heimilisins samkvæmt vel valdri litapallettu.

**Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is



**SKILIN MILLI STOFU OG ELDHÚSS** „Þetta eikarplankaparkett var á gólfinu og mér finnst það hlýlegt. Frístandandi hansahilluna, sem nefnist Pira-system, notum við til að skilja að eldhús og stofu en það er líka mjög gott skápapláss í leiðinni. Þennan fussy-koll hef ég átt lengi en mér fannst hann náttúrulegastur í þessum lit. Á þessu heimili er hann ekki bara skraut, heldur mikið notaður og sonur minn hefur meira að segja fest sleikjó í honum."



**GERIÐ UPP SKENKINN** „Þessi skenkur var fyrsta afgreiðsluborðið í Hrím-búðinni fyrir norðan og keyptur í Frúnni í Hamborg. Hann var illa farinn en ég náði að gera hann upp með tekkhreinsi og dýrustu olíunni sem ég fann í búðinni. Við ákváðum svo að halda áfram með bláa litinn á ísskápnum á veggina í stofunni. Málverkið á bak við er eftir Hauk Dór."



**SJÚK Í APPELSÍNUGULAN** „Ég hef verið með æði fyrir appelsínugulum síðan ég var lítil og er að reyna að hætta þessari áráttu minni. Finnst viðeigandi að hafa hann í forstofunni þar sem liturinn er glaðlegur og tengir saman alla appelsínugulu hlutina mína."




**LITRÍKT BARNAHERBERGI** „Sonur minn hefur erft áhugann á appelsínugulum frá mér. Allt sem hann gerir í leikskólanum er í appelsínugulum því það er uppháldsliturinn hennar mömmu, sem er frekar krúttlegt. Smáhlutahillurnar fyrir ofan rúmið eru úr Hrími og mjög sniðugar. Hann sér sjálfur um að raða í þær, þar sem Legókarlarnir hafa forgang."



**FJÖLSKYLDUHERBERGI** „Aftur erum við með bláa litinn á veggjunum en mér finnst hann passa vel á móti tekkinu þar sem hann er svo kaldur. Þessir dönsku mánaðardiskar eru frá ömmu mannsins míns og setja skemmtilegan svip á vegginn. Við notum þetta herbergi mikið en það er opið inn í stofu. Svo er þetta skrifborð frá afa mínum sem mér þykir mjög vænt um."

# NÝTT FRÁ PHILIPS




## HÁGÆÐA PHILIPS SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI

### Einfallt en glæsilegt tæki fyrir þá sem vilja framúrskarandi myndgæði

**Philips 42HFL7406D**

- Örþunnt LED sjónvarp
- Ambilight baklýsing sem eykur upplifunina
- 2in1 standur, hægt að festa beint á vegg eða setja á borð
- 400Hz Perfect Motion Rate með HD Natural Motion gerir hröðustu myndir skýrar og skarpar
- Vel tengjum búið með 4 HDMI, USB, Scart, VGA, RCA og heyrnartólstengi ásamt kortarauf
- Smart TV með nettengingu. Hægt er að fara á netið og margt fleira

SmartTV

ambi light · 400Hz Perfect Motion Rate · Full HD LED

**VERÐ**
**179.995**
FRÁBÆRT VERÐ




## EINSTÖK MYNDGÆÐI OG GLÆSILEG RAMMALAUS HÖNNUN

3D · SmartTV · ambi light

**Philips 42PFL6907T**
42" 3D Smart LED Full HD 1080p TV með Pixel PreciseHD og Dual Core örgjörva. Ambilight Spectra 2 baklýsing. 600Hz Perfect Motion Rate. Easy 3D. 2D-3D breytir. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Smart TV netvafri, þráðlaust í gegnum Wi-Fi. Skype möguleiki. 3 x USB, 4x HDMI App fyrir iPhone og Android síma og spjaldtölvur.

**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ 269.995




**Philips 32HFL5573D**
32″ Smart LED með Full HD Pixel Plus HD, 400 Hz Perfect Motion Rate. NetTV. Stafrænum DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakara. 3x USB, HDMI, Ethernet, Optical út, VGA & CI rauf, EasyLink o.fl.

**VERÐ**
**99.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 22HFL3232D**
22" HD-Ready LED sjónvarp með Digital Crystal Clear og 1366 x 768p upplausn. Háskerpu stafrænn DVB-T móttakari (MPEG4). 6w RMS Incredible Surrou

**VERÐ**
**49.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Lærir af þeim bestu

Kísildalurinn í Kaliforníu er Mekka tæknigeirans og saga dalsins er samofin sögu einnar virtustu menntastofnunar Bandaríkjanna, Stanford-háskóla. **Andri Heiðar Kristinsson** er að ljúka MBA-námi í viðskiptafræði frá skólanum, sem fóstrað hefur marga af farsælustu viðskiptamönnum og frumkvöðlum dalsins. En Andri er rétt að byrja.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**
kristrunheida@gmail.com

Þennan morgun í sólinni vestra er Andri á leiðinni í tíma til Erics Schmidt, stjórnarformanns Google og fyrrverandi forstjóra þess. „Hann ætlar að segja okkur frá því hvernig Google fór í gegnum hlutafjárútboð í fyrsta sinn,“ segir Andri spenntur. „Reglan hér er hins vegar að það sem maður heyrir í tímum fer ekki lengra. Það er gert til þess að fólk eins og hann geti talað hispurslaust um hluti sem hugsanlega mega ekki leka í fjölmiðla. Bransasögurnar sem maður heyrir eru oft býsna krassandi.“

Andri útskýrir að Stanford hafi mjög sterka tengingu við atvinnu- og viðskiptalífið og það sé mikið metnaðarmál fyrir fyrrverandi nemendur, sem margir hverjir hafa gert það afar gott í Kísildalnum og viðskiptum almennt, að „gefa til baka“ til skólans með því að kenna þar og leiðbeina nemendum. „Standardinn á öllu hér er afar hár og þetta er ótrúlegt fólk, miklir reynsluboltar sem koma að miðla sinni þekkingu til okkar.“ Tengslanet Stanford-nemanna verði einnig afar gagnlegt þegar fram í sækir, að sögn Andra. „Það gæti alveg komið til þess að maður þyrfti til að mynda áheyrn hjá forstjóra Nike, þá er ómetanlegt að geta bara sent honum póst og eiga von á svari þar sem hann fór í gegnum sama nám á undan mér,“ segir hann sposkur.

Nálægðin við Kísildalinn og frumkvöðlaumhverfið þar var ein af meginástæðum þess að Andri valdi að sækja nám í Stanford. Hann hefur sjálfur starfað í tengslum við nýsköpun og rekstur sprotafyrirtækja um hríð en hann stofnaði meðal annars Innovit. Það er nýsköpunar- og frumkvöðlasetur sem hefur hjálpað fjölmörgum grasrótarverkefnum á legg. Hann lærði verkfræði og síðar fjármálahagfræði í Háskóla Íslands. Stefnan sem hann tekur í náminu eru því eðlilega tengd nýsköpun og sprotafyrirtækjum. En hvað tekur svo við?

### Fyrst til LinkedIn

Andri segir atvinnumöguleika samnemenda sinna afar fjölbreytta en hann er sjálfur búinn að ráða sig í vinnu að námi loknu. „Ég er að fara að vinna hjá LinkedIn, verð nokkurs konar vörustjóri hjá þeim og mun stýra þverfaglegu teymi verkfræðinga, hönnuða og forritara og bera ábyrgð á ákveðnum hluta vefjarins.“ Langtímaplan Andra er hins vegar að stofna sitt eigið fyrirtæki og byggja það upp frá Kísildalnum. „Ég vil þó öðlast meiri reynslu áður ég helli mér út í það. Og svo vil ég líka byggja upp gott tengslanet innan tæknigeirans.“

Það eru færri betri staðir til þess en LinkedIn, sem er samfélagssíða sem býr til faglegt tengslanet fyrir notendur sína. „Mér finnst þeir vera að gera gríðarlega flotta hluti og er spenntur að taka þátt í framtíðaruppbyggingu þeirra,“ segir Andri.



**KRAFTURINN ER HJÁ SPROTAFYRIRTÆKJUM** Í grunninn á nýsköpun rót í einhverju sem er kaotískt og skapandi, þar mætast ólíkir kraftar – eins og til dæmis hjá CCP þar sem forritarar og listafólk vinnur saman.

Andra verður tíðrætt um kúltúrinn sem einkennir bæði Stanford og mannlífið í Kísildal. „Hér er mikil hvatning og jákvæðni. Það er mikið gert fyrir okkur í skólanum, það er til dæmis auðvelt að fá áheyrn hjá mikilvægu fólki og tengingar við fjárfesta en þegar þú ert kominn inn fyrir dyrnar þarftu sjálfur að standa á eigin fótum og sanna þig. Ég myndi segja að í raun séum við ekki að fá beina forgjöf en það eru ýmsar dyr opnar.“

Hann áréttar að metnaðurinn sé gífurlegur og viðmiðin há. „Það er ólíkt tilhneigingunni heima og víðar í Evrópu þar sem fólk keppist við að verða best á sínu svæði. Það er ekki til hér. Hér gildir bara hver er bestur í heiminum. Þannig hugsa menn um sprotafyrirtæki, ef þú ætlar ekki að skapa eitthvað stórt á heimsmælikvarða þá eru menn ekkert að staldra mikið við verk þín.“

### Má gera mistök

Annað sem Andri bendir á sem einkennir andrúmsloftið í Kísildal er að þar séu mistök viðurkennd sem eðlilegur hluti af þróun fyrirtækja. „Hér er fólk meðvitað um að það gengur ekki allt upp, mörg, jafnvel flest sprotafyrirtæki, ganga ekki en það er allt í góðu. Það er jafnvel talið fólki til tekna að hafa reynt en mistekist og lært eitthvað af því. Heima og víðar í Evrópu er það mikið tabú að hafa mistekist eða farið á hausinn og menn eru litnir hornauga eða afskrifaðir ef þeim tekst ekki ætlunarverk sitt.“

Hann útskýrir að þessi viðurkenning á gagnlegu hlutverki mistaka geri það að verkum að fólk sé tilbúnara að taka áhættu en líka að fólk átti sig fyrr á því að hlutirnir gangi ekki. „Heima er tilhneigingin stundum sú að þjösnast áfram og eyða tíma og fé sínu og annarra til að halda fyrirtækjum á floti sem eiga kannski enga möguleika á að ná árangri.

Spurður um starfsumhverfi sprotafyrirtækja og frumkvöðla hér heima segir Andri að aðstæður séu býsna góðar og margt spennandi í pípunum. „Það sem mér finnst helst vanta heima er það sem kallast annarrar kynslóðar frumkvöðlar, fólk sem hefur sjálft stofnsett tæknifyrirtæki og farið í gegnum ferlið við að byggja upp rekstur. Hér úti eru fjárfestar sem skilja mun betur hvað býr að baki uppbyggingu sprotafyrirtækja og koma því með meira en bókstaflegt virði eða peninga að borðunum því þeir miðla af reynslu sinni.“

Andri segist fylgjast vel með þeim íslensku fyrirtækjum sem leita í Kísildalinn og vera í sambandi við mörg þeirra og liðsinna eftir megni. „Það er rosalega gaman að sjá hvernig sumum þeirra gengur vel hérna úti, þetta er gott skref fyrir marga því hér eru fyrirtæki nær markaðnum og fjárfestum sem eru fljótir að átta sig á hugmyndum þeirra.“

### Hvað má bæta?

Nú er mikið rætt um mikilvægi nýsköpunar og frumkvöðla. Andri bendir á að velgengni slíkra verkefna komi ekki af sjálfu sér og skapa þurfi heppilegt umhverfi fyrir sprotafyrirtæki að vaxa í. Hann segir að hvatningin skipti mestu máli. „Við þurfum að heyra sögurnar, bæði af velgengninni og mistökunum, og leggja rækt við grasrótina. Þar er krafturinn, hjá einstaklingum og sprotafyrirtækjunum sjálfum. Stjórnvöld heima virðast því miður leggja dálítið ranga áherslu í stuðningi sínum við nýsköpun, það er ættgengt heima og víðar á Norðurlöndunum að stjórnvöld vilji gera allt sjálf. Ég tel að það sé ríkisins að skapa gott regluverk en því er tiltölulega ábótavant heima, svo ég tali nú ekki um gjaldeyrishöft og fleira.“

> **Reglan hér er hins vegar að það sem maður heyrir í tímum fer ekki lengra. Það er gert til þess að fólk eins og hann geti talað hispurslaust um hluti sem hugsanlega mega ekki leka í fjölmiðla.**

Hann áréttar að stjórnvöld ættu fremur að leggja áherslu á hvetjandi umhverfi. „Ég held að það séu mistök hjá stjórnvöldum að veita hundruð milljóna í opinberar stofnanir sem eiga að hjálpa nýsköpunarfyrirtækjum og búa til svona skref-fyrir-skref ferli fyrir þau. Það er ákveðin þversögn í því að ætla að ferlavæða nýsköpun. Í grunninn á nýsköpun rót í einhverju sem er kaotískt og skapandi, þar mætast ólíkir kraftar – eins og til dæmis hjá CCP þar sem forritarar og listafólk vinnur saman. Það er líka erfitt að spá fyrir um hvernig sprotafyrirtæki þróast.“

Andri segir að það besta sem stjórnvöld hafi gert hingað til sé að koma Tækniþróunarsjóði á laggirnar. Hann vill sjá meira fjármagn veitt beint til fyrirtækjanna sjálfra gegnum slíka sjóði. „Þetta er forvitnilegt í samhengi við raunveruleikann hér. Hér dettur engum í hug að sækja um opinbera styrki og það vælir enginn í stjórnvöldum yfir því að fyrirtækið þeirra gangi ekki. Svo ég skjóti nú aðeins á frumkvöðlana líka þá detta sumir í þann gír heima að vesenast og væla yfir því að hafa ekki fengið opinberan stuðning eða yfir því að einhver skilji ekki hugmyndirnar þeirra. Hér er ábyrgðin alltaf hjá frumkvöðlinum sjálfum og sagt í gríni og alvöru að ef amma þín skilur ekki viðskiptahugmyndina þína þá ertu ekki að koma henni nógu vel frá þér.“

### 18.000 fyrirtæki

Í Kaliforníuríki eru um 18.000 fyrirtæki sem stofnuð hafa verið af fyrrverandi nemendum eða starfsfólki Stanford-háskóla. Hjá þessum fyrirtækjum starfa yfir þrjár milljónir manna og ársvelta þeirra er yfir 1,27 billjónir dala. Ef fyrirtæki sem Stanford-nemar hafa stofnað gegnum árin mynduðu eitt ríki væri hagkerfi þeirra það tíunda stærsta í heimi. Meðal þessara fyrirtækja má nefna Google, Hewlett-Packard, Yahoo, Nike og Cisco Systems. Samkvæmt World University Ranking hjá Time Magazine fyrir árið 2012-13 er Stanford annar besti háskóli í heimi.



DÖGUN
Saman getum við farið í öflugar aðgerðir í þágu heimilanna
Saman getum við betur
Margrét Tryggvadóttir
1. sæti Suðvesturkjördæmi
www.xt.is | xdogun@xdogun.is
XT


Egill Árnason™
Wenge Elegance
ásamt 160 öðrum tegundir í boði
Baltic Wood
EITT MEST SELDA VIÐARPARKETIÐ Á ÍSLANDI Í DAG
+35%
NÝJUNG
35% Sterkara lakk
Nú er lakkið frá Baltic Wood 35% sterkara en áður og jafnframt með sterkasta lakki sem þekkist fyrir viðargólf í dag.
Sterkt lakk tryggir betri endingu og minna viðhald.
REAL WOOD
30 ára ábyrgð
Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.
Baltic LOC
Viðarlæsing
Einstök viðarlæsing með stórri smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.
Baltic Wood™
Egill Árnason Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

**2013**

## Fylgi Vinstri grænna frá síðustu kosningum




**15,2%** treysta Katrínu Jakobsdóttur best til að leiða ríkisstjórn samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 frá 27. og 28. febrúar.

### Nýtt umhverfismat á Bakka

„VG hafa staðið fyrir fjölbreytni í atvinnumálum. Ef við horfum á Bakka, sem við höfum verið gagnrýnd fyrir, má ekki gleyma að sú framkvæmd sýnir fráhvarf frá stóriðjustefnunni til meðalstórs iðnaðar. Þar er verið að nýta virkjanakosti í nýtingarflokki rammaáætlunar þó að ég telji það sjálfsagt mál að framkvæma nýtt umhverfismat vegna Bjarnarflags."

# Verðum að bæta kjör almennings

Vinstrihreyfingin – grænt framboð er í fyrsta sinn að ljúka kjörtímabili sem ríkisstjórnarflokkur. Katrín Jakobsdóttir formaður segir Fréttablaðinu frá því að félagsleg sjónarmið hafi stýrt uppbyggingunni eftir hrun. Svigrúm sé til að bæta kjör fólks og styrkja grunnstoðirnar.


Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is


Tímamót urðu í sögu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í febrúar. Þá steig Steingrímur J. Sigfússon, sem verið hafði formaður frá stofnun flokksins, til hliðar og varaformaðurinn, Katrín Jakobsdóttir, tók við.

Óhætt er að segja að hægt sé að taka við flokki við betri skilyrði en Katrín gerði. Fylgið er komið niður fyrir 10 prósent en flokkurinn hlaut yfir 20% í síðustu kosningum. Katrín segir að fólk verði þó að hafa í huga að þær kosningar hafi verið afbrigðilegar. Þær hafi verið beint eftir hrun og slíkt fylgi sé óvenjumikið fyrir flokk af tegund Vinstri grænna.

„Það hefur stundum verið sagt að kjarnafylgið okkar sé einhvers staðar þar sem við liggjum núna, í tæplega 10 prósentum. Það er hins vegar ljóst að við þurfum að tala skýrar um okkar stefnu. Hreyfingin á fylginu er hins vegar mikil á milli flokka, þó að við höfum verið á svipuðum stað í könnunum síðan um áramót. Fylgið endurspeglar líka erfitt kjörtímabil.

En núna er kannski fyrst ráðrúm til að teikna upp framtíðarsýn í íslenskum stjórnmálum. Eftir öll áföllin höfum við tekið mörg hænufet á leið út úr ástandi sem jaðraði við þjóðargjaldþrot. Þetta hafa verið mjög óvenjulegir tímar og að einhverju leyti voru væntingar til okkar mjög miklar. Auðvitað endurspeglar fylgið ákveðin vonbrigði í kjölfar mikilla væntinga."

### Breytt atvinnuumræða

Katrín segist hins vegar heilt yfir nokkuð sátt þegar hún lítur yfir kjörtímabilið. Tekist hafi að vinna landið út úr efnahagskreppunni á félagslegan hátt. Í mörgum öðrum Evrópuríkjum hafi verið farið út í einkavæðingu og einkarekstur, en það hafi ekki verið gert hér. Farið hafi verið í breytingar á skattkerfi og þrepaskiptingu komið á, enda hafi jöfnuður aukist hér á landi en minnkað mjög á Írlandi, svo dæmi sé tekið.

„Það varð vissulega niðurskurður, sem er ekki óskastaða fyrir vinstri flokka sem vilja verja grunnstoðir samfélagsins, svo sem heilbrigðisþjónustu, menntakerfið og löggæsluna. Hann varð þó minni þar en annars staðar.

Mér finnst við líka hafa unnið mjög mikið verk með því að breyta umræðunni um atvinnuuppbyggingu á kjörtímabilinu og ég held að það eigi eftir að skila sér langt inn í framtíðina.

Það hefði verið mjög freistandi fyrir margar ríkisstjórnir að fara í stórar álversframkvæmdir – og margir vildu það. Við höfum verið sökuð um stöðnun í atvinnumálum, en staðreyndin er sú að við höfum unnið jafnt og þétt á atvinnuleysinu. Árið 2009 fórum við í kortlagningu á hagrænum áhrifum skapandi greina, hvaða störf yrðu til í kringum listir og menningu. Niðurstöðurnar komu árið 2010, 189 milljarða velta í þessum greinum og skyndilega eru allir flokkar farnir að tala um að skapandi greinar séu hluti af öflugu atvinnulífi. Við höfum stutt við rannsóknir og þróun í þekkingargreinum og einnig við nýsköpun.

Þetta getum við sagt: Við erum búin að gjörbreyta allri umræðu um atvinnulífið frá því fyrir tíu árum þegar rætt var um Kárahnjúka. Nú er fólk í alvöru farið að tala um fjölbreytni og í alvöru farið að tala um nýsköpun. Þegar við fundum svigrúm, til að mynda með arðgreiðslum úr bönkum, þá var það nýtt til innspýtingar. Það er vinstripólitík að ríkið spýti fjármunum í hagkerfið til að efla vöxt og gera það til dæmis í gegnum rannsóknarsjóð, tækniþróunarsjóð og skapandi greinar.

Vinstri græn hafa alla tíð lagt áherslu á fjölbreytni í atvinnulífi, þar á meðal sjávarútveg og landbúnað, en líka „eitthvað annað" eins og það hét þegar stóriðjuumræðan var sem mest. Á þessu kjörtímabili höfum við sýnt fram á hvað þetta eitthvað annað er."

Katrín er sérstaklega ánægð með að flokkurinn hafi náð Rammaáætlun í gegnum þingið og einnig nýjum lögum um náttúruvernd. Þau muni gerbreyta umhverfi náttúruverndar hér á landi.

### Meira af því sama

Við höfum rætt nokkuð um verk ykkar í ríkisstjórn. Það er kannski ekki að ástæðulausu, þar sem þið talið um að halda áfram því verki sem þið hafið unnið. Náið þið til kjósenda með það?

„Við teljum að með okkar verkum höfum við náð ákveðnu jafnvægi. Við stefnum ekki að skattahækkunum og ef svigrúm skapast er kannski ástæða til að fara jafnvel niður á við. Við leggjum hins vegar áherslu á að halda ekki áfram á braut niðurskurðar en hefja nú uppbyggingu.

Við höfum barist við að ná frumjöfnuði í ríkisfjármálum. Við liggjum lágt núna þegar kemur að frumgjöldunum, en það er mælikvarði sem notaður er til að sjá umfang samneyslunnar. Ef við miðum við raunhæfan hagvöxt, 2% sem miðast við spá Hagstofunnar, liggur leiðin upp á við. Við höfum náð ákveðnum stöðugleika og það hefur myndast svigrúm til að styrkja grunnstoðirnar, eins og heilbrigðiskerfið."

Það þýðir bara aukið fjármagn?

„Já, það þýðir það. Við teljum að ef við höldum áfram á sömu braut skapist svigrúm í ríkisrekstrinum upp á 50 til 60 milljarða á næstu árum. Þá erum við ekki að tala um hvað kann að skila sér í óreglulegum tekjum, eins og verðfellingu krónueigna, heldur bara það svigrúm sem skapast með því að viðhalda stöðugleikanum í efnahagslífinu.

Það er líka ljóst að við horfum á þá aðferðafræði sem við höfum beitt í skattkerfinu og með því að leggja á auðlindarentu, svo dæmi sé tekið. Það er liður í okkar pólitík að auðlindir séu sameign þjóðarinnar og greiði ákveðið gjald fyrir nýtingu þeirra.

Hitt stóra verkefnið í efnahagsmálum er að greiða niður skuldir þjóðarbúsins. Ég hef ekki orðið vör við að mikið sé talað um það í kosningaloforðum annarra flokka. Það er hins vegar eitt af stóru málunum til framtíðar. Það sér það hver maður að þegar við erum með ríkisútgjöld upp á einhverja 500 milljarða þá er 90 milljarða árlegur kostnaður við vaxtagjöld allt of mikill."

### Fólk er þreytt

Þið eruð í raun að boða meira af því sama. Mun það ná til kjósenda sem vilja kannski skyndilausnir á sínum vanda?

„Það er ekki hægt að fara í einhverja loforðasúpu, það er bara þannig. En það er auðvitað mikil þreyta í fólki eftir átök síðustu ára. Fólk vill fá jákvæðar fréttir og gylliboð gætu virkað freistandi enda koma þau beint inn í umræðu sem síðustu ár hefur í raun og veru verið yfir og allt um kring, en það er að bæta kjör almennings í landinu.

Og það þarf að bæta stöðu heimilanna í landinu og kjör almennings. Það er full ástæða til bjartsýni um að það muni takast og við höfum reynt að horfa á tekjulægstu hópana, en þeir hafa kannski orðið út undan í umræðunni. Mikið hefur verið rætt um þá sem hafa átt í erfiðleikum með að greiða af skuldum sínum og þeirra vandi er vissulega mikill. En það er líka stór hópur sem hefur ekki einu sinni fengið lán sem er að berjast á hræðilega erfiðum leigumarkaði. Við höfum ekki leyst það viðfangsefni og það kallar á heildarendurskoðun á húsnæðiskerfinu.

Þar hafa stjórnmálaflokkarnir mjög ólíkar hugmyndir. Þar leggjum við áherslu á húsnæðisstefnu sem byggir á því hvernig við getum með raunhæfum hætti horfið frá séreignastefnunni sem eina norminu í samfélaginu. Því það er svo verulegur hluti fólks sem hefur sýnt sig á síðustu árum að hefur ekki efni á að kaupa sér þak yfir höfuðið og á enga valkosti. Það situr kannski fast í mjög dýru leiguhúsnæði og á enga valkosti að leigja í ódýrri leigu á meðan það safnar. Það er ekki val.

Það er búið að vinna heilmikið í því og svo höfum við í VG unnið stefnumótun líka sem byggir á því að skoða hlutverk Íbúðalánasjóðs og hvernig megi koma til móts við þess hópa.

Við viljum líka halda áfram jafnlaunaátakinu sem hófst með hjúkrunarfræðingum. Kynbundinn launamunur hefur í raun aukist og atvinnuleysi kvenna er orðið meira en karla. Við viljum horfa sérstaklega á kvennastéttirnar á næstu árum og lyfta þeim.

Ef við höldum kúrs er ástæða til bjartsýni. Munurinn frá síðustu kosningum er að nú er maður ekki að spá neinni niðurleið, heldur erum við komin áleiðis upp brekkuna."



**1 Rammaáætlun**
„Við viljum ekki hreyfa við Rammaáætlun og þeirri góðu vinnu sem að baki henni liggur."

**2 Skattkerfið**
„Við viljum þrepaskipt skattkerfi að norrænni fyrirmynd til að dreifa byrðunum og tryggja tekjuöflun."

**3 Einkavæðing ríkisfyrirtækja**
„Það hafa verið uppi hugmyndir um sölu á Landsvirkjun og annað slíkt sem er ekki í boði."

**FORMAÐURINN**
**Katrín Jakobsdóttir** segir Vinstri græn fyrst og fremst horfa til vinstri varðandi stjórnarsamstarf. Stórvirkjana- og skattastefna Sjálfstæðisflokksins sé ekki heillandi kostur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÁBYRGÐ




# ÞÉR ER BOÐIÐ Á OPINN STJÓRNMÁLAFUND

| 2. APRÍL | KL. | FUNDARSTAÐUR | FRAMBJÓÐENDUR |
|---|---|---|---|
| Reykjanesbær | 20 | Flughótelið | Steingrímur og Arndís Soffía |
| Akranes | 20 | Gamla Kaupfélagið | Árni Þór og Lilja Rafney |
| **3. APRÍL** | | | |
| Akureyri | 12 | Brekkugötu 7a | Steingrímur og Álfheiður |
| Húsavík | 20 | Kirkjubær við Baldursbrekku | Steingrímur og Álfheiður |
| Egilsstaðir | 12 | Hótel Héraði | Katrín og Bjarkey |
| Reyðarfjörður | 20 | Fjarðarhótel | Katrín og Bjarkey |
| **4. APRÍL** | | | |
| Höfn | 12 | Nýheimum | Arndís Soffía og Rósa Björk |
| Kirkjubæjarklaustur | 20 | Systrakaffi | Svandís og Arndís Soffía |
| Ísafjörður | 20 | Röngvaldarsalur í Edinborgarh. | Steingrímur og Lilja Rafney |
| **5. APRÍL** | | | |
| Árborg | 12 | Hótel Selfoss | Árni Þór og Arndís Soffía |
| Borgarbyggð | 12 | Landnámssetrið | Lárus Ástmar og Svandís |
| Sauðárkrókur | 12 | Kaffi Krókur | Katrín og Lilja Rafney |
| **6. APRÍL** | | | |
| Grundarfjörður | 15 | Kommakot | Katrín og Lárus Ástmar |
| Kópavogur | 15 | Hamraborg | Svandís og Rósa Björk |
| Reykjavík | 20 | Kosningamiðstöð VG, Borgartúni 16 | Svandís og Katrín |

## FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU

VINSTRI GRÆN



KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
PÁSKALÆRI
– fyrir þig og þína!
Trönuberja- og eplamarinerað
Hvítlauks- og rósmarínmarinerað
PÁSKALÆRI
– fyrir þig og þína!
Þú getur valið ókryddað eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönu-berja- og eplamarinerað!
1398 kr. kg
Lambalæri, krydduð og ókrydduð
New York-marinerað
Grillkryddað
Piparmarinerað lambalæri
30% afsláttur
FRÁBÆRT VERÐ!
2798 kr. kg
Lambaprime
1596 kr. kg
Verð áður ~~1198~~ kr. kg
Grísalundir, erlendar
698 kr. kg
Grísabógur, hringskorinn
GJAFA KORT
KRÓNAN
Gjafakort Krónunnar fæst
á www.kronan.is

# VEISLUMATUR
## fyrir fjölskylduna



30% afsláttur



35% afsláttur



20% afsláttur

**3499 kr. kg**
Verð áður ~~4998~~ kr. kg
Ungnautalundir, erlendar

**2989 kr. kg**
Verð áður ~~4598~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

**2289 kr. kg**
Verð áður ~~2898~~ kr. kg
Ungnauta Roast Beef, erlent





**Nóa Nizza páskaegg**
Karamelluegg 1296 kr.
Lakkrísegg 1296 kr.
Perluegg 1296 kr.

**Freyju páskaegg**
Draumaegg no. 10 2680 kr.

**Góu páskaegg**
Lakkrísegg 1680 kr.
Hraunegg 1480 kr.





**170 kr. stk.**
Egils malt og appelsín, 0,5 l

**98 kr. stk.**
Hátíðarblanda, 0,5 l

**150 kr. stk.**
Egils páskaöl, 0,5 l

**149 kr. stk.**
Hátíðarappelsín, 2 l
Meðan birgðir endast

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

# Sjónarhorn frá upphafi alheimsins

Geimvísindastofnun Evrópu kynnti í síðustu viku fyrstu niðurstöður rannsókna sem byggja á gögnum úr Planck-gervitunglinu. Skoðun á svokölluðum örbylgjuklið sýnir heiminn eins og hann leit út 380.000 árum eftir Miklahvell og styður kenningar um tilurð alheimsins en leiðir margt fróðlegt í ljós. Alheimurinn virðist vera 100 milljónum ára eldri en áður var talið.



Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

Margt má læra af elsta ljósi alheimsins, örbylgjukliðnum, en það gefur vísindamönnum nútímans innsýn í hvernig alheimurinn leit út skömmu eftir að hann varð til úr Miklahvelli fyrir um 13,8 milljörðum ára.

Planck, gervihnetti Geimvísindastofnunar Evrópu, var skotið á loft árið 2009 og fram til síðasta árs mældi hann ljósstyrk og skautun frá örbylgjukliðnum með nákvæmari hætti en áður var hægt, til þess að kortleggja efnisþéttleika alheimsins í heild sinni.

Þarna er því, í stuttu máli sagt, lesið í ljóseindir sem hafa ferðast um óravíddir alheimsins í rúmlega þrettán milljarða ára áður en mælitæki Plancks námu þau.

Max Tegmark, prófessor við MIT, hefur líkt þessum niðurstöðum við að ákvarða upphaf slagsmála. „Ef þú kemur inn þegar allt er í háalofti er erfitt að sjá hvernig lætin byrjuðu en ef þú komst inn nokkrum sekúndum eftir að allt byrjaði ætti framvindan að liggja ljósar fyrir.“

### Styður kenningar og vekur fleiri spurningar

Helstu niðurstöðurnar að þessu sinni festa í sessi þá grundvallarhugmynd sem vísindamenn höfðu gert sér síðustu tuttugu ár eða svo um tilurð alheimsins í Miklahvelli.

Þó virðist sem aldur alheimsins hafi hingað til verið eilítið vanmetinn, eða um allt að 100 milljónum ára. Eins kom í ljós að alheimurinn innihélt minna en áður var talið af svokallaðri hulduorku, en þeim mun meira af hulduefni og venjulegu efni sem stjörnur, vetrarbrautir og lífverur eru gerðar úr. Venjulegt efni er um 5% af innihaldi alheimsins.

### Vilja geta spáð fyrir um frávik

Vísindasamfélagið hefur fagnað þessum niðurstöðum, eins og við var að búast. Niðurstöðurnar að þessu sinni taka aðeins til um helmings þeirra gagna sem Planck aflaði. Seinni hlutinn er nú til rannsóknar og er niðurstaðna að vænta sumarið 2014.

„Okkar lokatakmark væri að geta smíðað nýtt módel sem gæti spáð fyrir um frávik og tengt þau saman,“ segir George Efstathiou, prófessor við Cambridge-háskóla sem er einn af forystumönnum Planck-verkefnisins. „En við erum aðeins á upphafsmetrunum hingað til og vitum ekki hvort það verði mögulegt og hvers konar eðlisfræði við myndum þurfa til að greina þau. En það er einmitt það sem gerir þetta svo spennandi.“

**Heimildir:** Stjörnufræðivefurinn og NY Times






**SKOÐAR ALHEIMINN** Jón Emil Guðmundsson, doktorsnemi í eðlisfræði. Tók þátt í Planck-verkefninu.

## Íslenskur „starfsmaður á plani“ í tímamótaverkefni um upphaf alheimsins

Ísland á sinn fulltrúa í Planck-verkefninu en Jón Emil Guðmundsson, doktorsnemi í eðlisfræði við Princeton-háskóla í Bandaríkjunum, tók þátt í gagnaúrvinnslu frá Planck-gervitunglinu.

„Ég byrjaði að vinna í hóp sem tengdist prófessor hér. Hann hefur verið tengdur Planck-verkefninu í langan tíma og vann meðal annars að því að hanna ljósnemana sjálfa. Í gegnum hann fékk ég rétt til að vinna úr gögnunum og ég hef verið að gera það síðustu þrjú ár,“ segir Jón Emil í samtali við Fréttablaðið. Hann segir verkefnið spennandi og telur sig heppinn að hafa fengið að taka þátt í því.

„Mitt hlutverk tengdist því að skilja hvernig sjónaukinn bregst við ljósi, en allar niðurstöðurnar byggja á því að vita hvernig hann bregst við ljósafli frá mismunandi áttum. Það er ekki fyrr en við skiljum það til hlítar að við getum byrjað að leiða út niðurstöður. Þetta er frumgagnavinnsla en svo eru það prófessorarnir sem eru komnir hvað hæst upp metorðastigann sem reikna út lokaniðurstöðuna.“

Aðspurður hvort segja mætti þá að hann væri eins konar starfsmaður á plani játar hann því hlæjandi.

„Já, ætli það ekki. Í þessum virðingarstiga að minnsta kosti, enda er ég bara nemi. En það er mjög gaman að fá að komast inn í þetta verkefni og fá að vera með í þessum stóra hópi.“

Nú hefur um helmingur gagnanna úr Planck-verkefninu verið birtur og talsvert eftir að vinna úr þeim. Jón Emil segir að stefnt sé að því að ljúka þeirri vinnu sumarið 2014 og hann muni sennilega vinna eitthvað að málinu þangað til.

„Það er sitthvað í þessu rannsóknum sem á eftir að vera í umræðunni næstu árin og margt athyglisvert sem enn er ógert.“

# NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig



Ferskur ananas
**279** kr./kg
~~379 kr./kg~~
25% afsláttur



Jarðarber í boxi, 250 g
**349** kr./pk.
~~499 kr./pk.~~
30% afsláttur




H&G Veislusalat, 100 g
**459** kr./pk.
~~578 kr./pk.~~
20% afsláttur



Bökunarkartöflur í lausu
**219** kr./kg
~~289 kr./kg~~
20% afsláttur

## Opnunartími yfir páskana

| | Grafarholt Hringbraut | Austurver Hamraborg Nóatún 17 |
|---|---|---|
| **Laugard.** 30. mars | 8 – 24 | 8 – 24 |
| **Páskadagur** 31. mars | Lokað | 8 – 24 |
| **Annar í páskum** 1. apríl | 8 – 24 | 8 – 24 |



Úrbeinað lambalæri
**2598** kr./kg
Verð áður: ~~2898 kr./kg~~

## Páskafyllt lambalæri

**Ca 2 kg úrbeinað lambalæri**
**8 sneiðar beikon**
**3 portobello sveppir**
**3 lime**
**1 sítróna**
**1 stór laukur**
**1 hvítlauksgeiri**
**½ tsk þurrkað timjan**
**salt**
**pipar**

**Aðferð**
Steikið beikonið þar til það er orðið vel stökkt, bætið þá þunnskornum sveppum og lauk saman við og kryddið með smáttsöxuðum hvítlauk, timjani og salti og pipar. Rífið börkinn af tveimur lime og einni sítrónu, setjið út á pönnuna ásamt safanum og látið malla í 1 mín., kælið þá fyllinguna. Fyllið lærið og lokið með sláturgarni. Kryddið lærið að utan með berki af einni lime, salti og pipar. Eldið á 140°C í ca 1½ klst. eða þar til kjarnhiti er 59-60°C.

**www.noatun.is**




Lambafille með fiturönd **3958** kr./kg ~~4398 kr./kg~~




Lambalæri af nýslátruðu **1698** kr./kg



15% afsláttur

Ísfugl, ferskar kalkúnabringur **2898** kr./kg ~~3498 kr./kg~~




15% afsláttur

Ungnauta Rib Eye **3998** kr./kg ~~4729 kr./kg~~

# NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt


Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
EXPO • www.expo.is

# Fangar athygli heimsins

Indverski sandlistamaðurinn **Sudersan Pattnaik** hefur árum saman stundað það að búa til stór myndverk á ströndinni við Puri á austanverðu Indlandi. Myndverkin eru oftar en ekki tengd heimsviðburðum en líftími verkanna er skammur.

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is

Listaverk gerð úr sandi endast ekki lengi. Indverjinn Sudersan Pattnaik lætur það ekki á sig fá heldur sérhæfir sig í þessari listgrein. Hann athafnar sig gjarnan á ströndinni við Puri, borg á austanverðu Indlandi þar sem hann fæddist fyrir 36 árum. Þar á ströndinni byrjaði hann strax á barnsaldri að búa til sandkastala eins og fleiri krakkar. Á seinni árum hafa verk hans hafa vakið athygli víða um heim, ekki síst fyrir það að hann lætur sig ýmsa




**MALALA YOUSUFZAI** Pakistanska stúlkan Malala Yousufzai komst í heimsfréttirnar í haust þegar ráðist var á hana og vinkonu hennar í skólabifreið, fyrir það að hún hafði opinberlega gagnrýnt talibana og barist fyrir réttindum kvenna. Pattnaik óskaði henni velfarnaðar.




**ÓLYMPÍULEIKARNIR Í LONDON** Sudarsan Pattnaik fylgdist með Ólympíuleikunum í London og óskaði löndum sínum velgengni.



**JÓLASVEINAR** Í desember síðastliðnum dundaði Pattnaik sér við það að búa til meira en 500 jólasveina úr sandi á ströndinni við Puri.



**INDVERSKA GYÐJAN DURGA** Sudarsan Pattnaik leggur lokahönd á mynd sína af hindúagyðjunni Durga í Siliguri á Indlandi árið 2011.




**FRANS PÁFI** Kardínálarnir í Róm höfðu ekki fyrr kosið félaga sinn frá Argentínu nýjan páfa en Pattnaik sýndi hróðugur þetta verk sitt, til heiðurs hinum nýkjörna. NORDICPHOTOS/AFP




**BARACK OBAMA** Í haust óskaði indverski listamaðurinn Barack Obama til hamingju með endurkjör í embætti forseta Bandaríkjanna. Pattnaik endurtók þar leikinn frá því fjórum árum áður, þegar hann óskaði Obama til hamingju með svipuðum hætti.

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT

Stökkt páskalamb
Í KARAMELLUHJÚPI

FYRIR 8-10 MANNS
2 lambahryggir, um 2,5 kg-hvor

Karamelluhjúpur
100 g hrásykur, 2 dl rauðvín,
1 dl soja, 1 dl balsamikedik,
2 msk Dijon sinnep

Raspur
100 g grófur brauðraspur
fersk- salvía, steinselja og rósmarín
sjávarsalt og heill rósapipar

Kartöflublíní
4 stórar bökunarkartöflur
5 eggjahvítur, 2 egg
330 ml pilsner, 3 msk hveiti
1 tsk lyftiduft
1 sítróna (mega vera fleiri)
sjávarsalt

Grænertumauk
500 g grænertur (mega vera frostnar), 500 ml rjómi, 3 greinar mynta (má sleppa), 2 msk ólífuolía

Suðrænt salat
2 agúrkur, 2 grasker, 3 rauð greip,
3 appelsínur, 1 chilli, smá engifer
2 dl góð olía, ferskt dill,
balsamikedik (um 3 msk niðursoðið)

Takið lundina undan hryggnum. Sneiðið hrygginn í kótilettur og lundina í bita, um einn á mann og 3-4 kótilettur. Saltið og piprið. Steikið kótiletturnar í ofni við 180°C í 2 mín. takið út og hvílið í 10 mín. Endurtakið. Steikið kótelettur í 5x2 mín. alls (10 mín. hvíld á milli) og lund 4x2 mín. alls. Penslið kjötið með karamellubráðinni að lokinni steikingu og veltið upp úr raspinu rétt áður en borið er fram.

Karamelluhjúpur
Brúnið sykur, setjið allan vökva útí og sjóðið. Sinnepi bætt við.

Raspur
Salvía, steinselja og rósmarín saxað smátt og blandað saman við brauðrasp. Nuddið vel saman. Sjávarsalt og rósapipar sett útí.

Kartöflublíní
Sjóðið kartöflur og stappið þær eða maukið. Sláið saman eggjum og eggjahvítum og hrærið saman við kartöflurnar ásamt pilsner. Rífið sítrónubörk útí deigið og smá sítrónusafa. Lyftidufti með hveitinu er að síðustu bætt við þar til deigið er hæfilega þykkt. Saltið að vild. Bakið u.þ.b. 10 sm, ½ sm þykkar kökur, 2-3 á mann.

Grænertumauk
Sjóðið upp á rjóma með myntunni. Leyfið því að standa dálítið, svo að rjóminn taki bragð. Takið myntuna úr og bætið ertum útí. Hitið allt vel og maukið síðan vel í matvinnsluvél ásamt ólífuolíunni.

Suðrænt salat
Skerið grasker niður í teninga og bakið í ofni við 180°C í 20 mín. Skrælið gúrku og skerið niður. Blandið söxuðum chilli og rifnum engifer saman við. Saltið og piprið. Sneiðið lauf af appelsínu og greip, blandið saman við olíuna, söxuðu dilli og niðursoðnu balsamikediki.

Bindið 3-4 kótilettur saman í toppinn með graslauk, skreytt með rósmarín og tímían. Berið fram ásamt ásamt lundinni, kartöflublíní, suðrænu salati og grænertumauki.



LAMBAKJOT.IS

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## MESSA VIÐ SÓLARUPPRÁS

**Páskamessur verða um allt land á morgun, páskadag. Í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar á Kirkjubæjarklaustri verður páskamessa við sólarupprás. Sólarupprásarinnar verður beðið klukkan 6.30 og síðan gengið til kirkju. Messan er hluti af páskadagskránni Sigur lífsins á Klaustri.**


NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Reyndir kennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



Opið í dag 12-16

LMC
Fimm stjörnu ferðafrelsi
P. Karlsson ehf.
Ögurhvarf 2
203 Kópavogur
Sími 517 5200
www.pkarlsson.is www.lmc.is




Glæsilegur!
Alltaf eitthvað nýtt, fallegt og á góðu verði.
Kjóll á 17.900 kr.
Opið virka daga kl. 11-18.
Opið laugardaga kl. 11-16.
black pepper FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook



Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


# SÚKKULAÐIMAÐUR

**UNDIR KANAÁHRIFUM** *Úr kolli Gunnars Þórðarsonar hafa sprottið mörg hjartfólgnustu dægurlög þjóðarinnar. Í haust verður sungin hans fyrsta ópera.*

Tónlistin á mig allan og ég á ekkert annað áhugamál. Ég vil alltaf vera að dunda mér í tónlist og stúdera. Ég var þó ekki þannig sem barn og heyrist á fólki í kringum mig að ég hafi verið frekar rótlaus og mikill prakkari,“ segir Gunnar, sem hafði ekki hugmynd um hvað hann ætlaði að gera í lífinu þegar tónlistin féll honum í fang.

„Á æskuheimilinu var lítið um músík en Kanaútvarpið kveikti neista í okkur krökkunum í Gagnfræðaskóla Keflavíkur. Þar varð til framúrstefnuleg músíkmenning sem tíðkaðist ekki meðal jafnaldra okkar annars staðar á landinu þar sem Kanaútvarpið náðist ekki. Það var því vegna Kanans sem gróskan varð svo mikil í Keflavík og bærinn varð réttnefndur tónlistarbær.“

Gunnar hefur yfir sér einkar rólegt yfirbragð og ótrúlegt að hann hafi verið ódæll á uppvaxtarárunum.

„Strákapör voru einfaldlega mórallinn í Keflavík og lágmenningarstimpill loddi við bæinn vegna nálægðar við herstöðina á Vellinum. Við fundum fyrir því,“ segir Gunnar, sem hefur búið í höfuðstaðnum frá 1967. „Ég á oft erindi til Keflavíkur því þar á ég skyldmenni og þar býr sonur minn. Mér þykir alltaf jafn vænt um Keflavík en finnst leiðinlegt hvað allt er nú erfitt hjá Suðurnesjamönnum.“

### FEIMNIR OG FRÆGIR

Frá 1964 hefur Gunnar verið upptekinn við spilamennsku meira og minna allar helgar. Þá trylltu hann landslýð með nýrri tegund dægurlagatónlistar í sinni fyrstu hljómsveit, Hljómum frá Keflavík.

„Ég hef aldrei fengið leiða á því að spila og finnst það enn jafn skemmtilegt. Skemmtilegast var æskufjörið með Hljómum þegar allt var nýtt og framandi. Sá tími var samfellt ævintýri þegar við sautján og átján ára strákar keyrðum landið þvert og endilangt mörg sumur í röð. Í Hljómum var ákaflega góður andi enda vorum við allir vinir sem ólumst upp saman og höfum átt samfylgd alla tíð. Rúnar Júlíusson kvaddi jarðvistina alltof snemma og mikill söknuður að honum.“

Hljómar voru kallaðir hinir íslensku Bítlar og urðu fljótt landsfrægir. Gunnar segir tímana þá hafa verið saklausari en nú.

„Við vorum heppnir að ramba á vinsældir og frægð því á sama tíma voru margar hljómsveitir í Reykjavík að gera góða hluti og þetta var fyrir daga sjónvarpsins. Við vorum rosalega feimnir, með báða fætur á jörðinni og létum frægðina ekki stíga okkur til höfuðs.“



### HRAUSTUR OG KVIKK

Gunnar hefur samið yfir 650 lög á ferli sínum. Mörg þeirra fegurstu perlur þjóðarinnar.

„Ég er auðvitað ánægðari með sumt en annað. Til dæmis Þitt fyrsta bros, Vetrarsól og Himin og jörð. Lagasmíðar koma oftast til mín þegar ég tek upp gítarinn og byrja að spila og það gildir í tónlist eins og öðru að þeir fiska sem róa. Ég á því enga töfralausn til tónsmíða.“

Gunnar er kominn ár fram yfir löggiltan eftirlaunaaldur og varð 68 ára í janúar.

**SNILLINGUR** Gunnar Þórðarson segist alltaf hafa jafn gaman af því að semja popptónlist en hefur nú lagt lokahönd á tveggja tíma óperu sem verður frumflutt í Skálholti í haust. MYND/VALLI


VIETNAM MARKET
ALLT FYRIR AUSTURLENSKA MATARGERÐ

699 kr. 550 kr. 320 kr. 387 kr.
Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268



PHO VIETNAMESE
HOLLT OG GOTT

1.250 kr 1.350 kr 1.250 kr
Opið:
mán - föst Kl. 11 - 21
lau - sun Kl. 12 - 21
BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU
PHO víetnamskur veitingastaður Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

# PÁSKA BRUNCH Á PÁSKADAG OG ANNAN Í PÁSKUM




Komdu með fjölskylduna
í brunch um páskana.
Páska brunch er frá
kl. 11:30 til 14:00.

Verð 4.100 krónur
Pantanir í síma 514 8000

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Sigtún 38 / 105 Reykjavík / Sími: 514 8000 / Fax: 514 8030 / E-mail: info@grand.is / www.grand.is




„Ég held að eftirlaunaaldur hefjist almennt of snemma því lífið stoppar ekki á 67. afmælisdaginn. Starfsævin er að lengjast og fleiri við betri heilsu fram eftir aldri en áður. Ég er allavega hraustur og kvikk og í þannig starfi að á meðan hausinn er í lagi get ég haldið endalaust áfram.“

**DRAMATÍK Í SKÁLHOLTI**

Eftir að hafa samið popptónlist í áratugi byrjaði Gunnar að hlusta á óperur og hreifst mjög af.

„Þá var mig farið að langa að skapa eitthvað viðameira en þriggja mínútna popplög og hugsaði hve skemmtilegt það væri að semja eins og eina óperu,“ segir Gunnar, sem fékk rithöfundinn Friðrik Erlingsson til að semja texta við óperuna en saman hafa þeir unnið að verkinu síðastliðin þrjú ár.

Óperan segir frá dramatískum atburðunum í Skálholti 1661 þegar Ragnheiður Brynjólfsdóttir biskupsdóttir eignaðist barn þrátt fyrir að hafa svarið þess eið að vera hrein mey. „Söguþráðinn vildi ég hafa íslenskan og þótti sagan passa vel við óperuformið,“ segir Gunnar.

Ópera Gunnars er ríflega tveggja tíma löng og verður frumflutt í konsertformi á íslensku af átta einsöngvurum, kór og sinfóníuhljómsveit í Skálholti dagana 7., 8. og 9. september.

„Ég er ánægður með útkomuna og hlakka til að flytja hana. Ég spilaði nýverið í skírnarveislu nærri Skálholti og þá sagði einn veislugesta: „Það verður enginn friður í Skálholti fyrr en búið verður að laga þetta með hana Ragnheiði; hvernig farið var með hana“. Það þótti mér bæði skemmtilegt og viðeigandi.“

**PÁSKAEGG Á AKUREYRI**

Um páskana verður Gunnar við spilamennsku norður á Akureyri.

„Þar hef ég undanfarna páska séð um undirleik og útsetningu fyrir Óskar Pétursson sem í dag heldur sína árlegu páskatónleika í Hofi. Ég er nú enginn skíðamaður en tek mér kannski bíltúr upp í Hlíðarfjall og skoða mannlífið því ekkert verður flogið heim á páskadag,“ segir Gunnar og kveðst ekki vera kirkjurækinn um hátíðar.

„Ég er svona dæmigerður Íslendingur í þjóðkirkjunni sem sækir sjaldan messur. En ég er mikill súkkulaðimaður og fæ mér páskaegg á páskum. Það tilheyrir.“

■ thordis@365.is

**PRAKKARI** Gunnar segist hafa verið rótlaus í æsku og ekki vitað hvað hann ætlaði að gera í lífinu. Tónlistin hafi óvænt orðið hans hlutskipti. MYND/VALLI

**SÍUNGUR**
„Ég held að eftirlaunaaldur hefjist almennt of snemma því lífið stoppar ekki á 67. afmælisdaginn.“


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**






## Kríunes - Bruen

**„Að ganga í takt“ Námskeið fyrir hjón/pör 40 ára+**

**Gerum gott betra á Kríunesi við Elliðavatn 5. – 7. apríl.**
Hvað með að fara frá stressi og amstri, eiga skemmtilega, rómantíska og fróðlega helgi með blöndu af gamni og alvöru?
**Verð: 59,800 kr. fyrir parið:** gisting, fullt fæði og námskeið.

**Skráning og nánari upplýsingar**
Hrefna Birgitta: 899 1939 bruen@bruen.is www.breun.is
Björn Ingi: 897 0749 kriunes@kriunes.is www.kriunes.is



**Kennari:**
Hrefna Birgitta Bjarnadóttir
Alþjóðlega vottaður
NLP-kennari, HR-Coach



**Áttablaðarós rúmföt**
Verð 12.980 kr
**Fermingartilboð**
**8.990 kr**
100% Pima **bómull**

# Mjúkar fermingargjafir

**Mjúki pakkinn fyrir hann & hana**
Fjöldi fermingargjafa á tilboði
Gjöfin sem gefur ár eftir ár

**Íslensk** hönnun

**Opið laugardag 11-16**

Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

## CAFÉ FLÓRA
Grasagarðinum

**Café Flora í Grasagarðinum óskar eftir matreiðslumanni til að vera með okkur í sumar**

Um er að ræða 100% starf fyrir hressan og kátan einstakling. Áhugasamir sendi tölvupóst á netfangið thorkell@cafeflora.is eða í síma 866-4243

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Lögfræðingur á Landspítala

Laust er til umsóknar starf lögfræðings á lögfræðideild Landspítala. Starfshlutfall er 100%. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni og ábyrgð
- Lögfræðileg aðstoð við stjórnendur
- Túlkun laga og stjórnvaldsfyrirmæla í starfi Landspítala, einkum á sviði útboðs- og innkaupamála, samningaréttar, réttinda sjúklinga, heilbrigðislögfræði, stjórnsýsluréttar, starfsmannaréttar og kjaramála
- Samskipti við hagsmunaaðila, stéttarfélög og fulltrúa starfsmanna
- Greinargerðir og lögfræðilegar álitsgerðir
- Þátttaka í fræðslu og störf í nefndum og vinnuhópum
- Önnur verkefni

### Hæfnikröfur
- Embættispróf eða meistarapróf í lögfræði
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Hæfni til að tjá sig í mæltu og rituðu máli

### Nánari upplýsingar
- Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2013.
- Upplýsingar veitir Oddur Gunnarsson, lögfræðingur, netfang oddurg@landspitali.is, sími 543 1333.
- Umsóknum fylgi upplýsingar um nám, reynslu og fyrri störf ásamt afriti af prófskírteinum.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Lögfræðideild Landspítala, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

## Laust er til umsóknar embætti skrifstofustjóra á skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneytinu

**Um er að ræða nýtt embætti** sem verður til með breytingum á skipulagi ráðuneytisins sem taka gildi 3. apríl nk.

**Skrifstofa stjórnunar og umbóta** annast umbætur og nýsköpun í ríkisrekstri, svo sem er varðar stefnumótun, árangursstjórnun, notkun upplýsingatækni í ríkisrekstri, opinber innkaup og skipulag stofnanakerfis ríkisins. Jafnframt annast skrifstofan fjárstýringu, dreifingu fjárheimilda, rekstrar- og greiðsluáætlanir og reikningsskil ríkisins. Þá falla mannauðsmál ríkisins undir ábyrgðarsvið skrifstofunnar, þ.m.t. stefnumótun í mannauðsmálum, lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, launamál og kjarasamningar, mannaflaspár, greiningar og tölfræði um laun og starfsmenn ríkisins. Auk þess ber skrifstofan ábyrgð á eignamálum ríkisins og framkvæmd eigendastefnu, m.a. forsvar ríkisins í félögum, ábyrgð á fasteignum ríkisins, þjóðlendum, opinberum framkvæmdum og samningagerð vegna auðlindanota og rentu.

**Um er að ræða fullt starf.** Um embættið gilda lög nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands og lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvörðun kjararáðs sbr. lög nr. 47/2006. Skipað verður í embættið til fimm ára frá 1. maí 2013.

**Umsækjendur skulu hafa** lokið háskólamenntun sem nýtist í starfi skrifstofustjóra. Jafnframt er gerð krafa um haldgóða þekkingu á íslenskri stjórnsýslu og reynslu af stjórnun og rekstri. Æskilegt er að viðkomandi búi yfir þekkingu á sem flestum verkefnum skrifstofunnar. Starfs- og stjórnunarreynsla í ráðuneyti, ríkisstofnun eða sveitarfélagi er metin sérstaklega. Gerð er krafa um lipurð í samskiptum, leiðtogahæfni og enskukunnáttu.

**Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun** og fyrri störf sendist fjármála- og efnahagsráðuneyti. Nánari upplýsingar veita Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri, og Angantýr Einarsson, skrifstofustjóri, en jafnframt er vísað á heimasíðu ráðuneytisins fjr.is.

**Embættið hentar jafnt konum sem körlum.** Umsóknarfrestur er til 14. apríl 2013. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um skipun í stöðuna.

TM Software

## Vefhönnuður - hönnunarstjóri

*TM Software er hugbúnaðarhús sem þróar og framleiðir hugbúnað fyrir viðskiptavini í meira en 90 löndum.*

*Hjá fyrirtækinu starfa 80 hugbúnaðarsnillingar, þar af 42 við veflausnir og sérþróun.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.tmsoftware.is***

TM Software óskar að ráða öflugan vefhönnuð/hönnunarstjóra í hópinn til að vinna að skemmtilegum og krefjandi verkefnum fyrir þeirra frábæra hóp viðskiptavina.

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Reynsla af vefhönnun og grafískri hönnun
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Vera tilbúinn að vinna náið með viðmótsforriturum og þróunarteymi
- Góð kunnátta í Photoshop
- Áhugi og/eða þekking á vefforritun er kostur

### TM Software leggur áherslu á
- Frábæran starfsanda og liðsheild
- Skapandi vinnuumhverfi
- Virka endurmenntun í starfi og uppbyggingu þekkingar og færni
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænan vinnutíma

*Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.*
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir


**RÁÐGJÖF**
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

basis

## NETSÉRFRÆÐINGUR ÓSKAST

Við óskum eftir sérfræðingi til að slást í hóp með okkur í hraðast vaxandi fyrirtæki landsins í hýsingu og rekstri. Verkefni netsérfræðinga Basis er rekstur netmiðju fyrirtækisins, ásamt rekstri víð- og staðarneta viðskiptavina okkar. Starfið felur í sér ábyrgð á hönnun og rekstri netumhverfa, gerð teikninga og samskipti við fjarskiptabirgja ásamt daglegri úrlausn verkefna.

Við leitum að sterkum einstaklingi sem er búinn að sanna sig í faginu. Einstaklingi sem langar að takast á við nýja áskorun og leiða þróun á netkerfum Basis til framtíðar.

Ef þú býrð að frumkvæði, hefur hæfni í mannlegum samskiptum og úrlausn tæknilegra vandamála og langar til að auka við þekkingu þína, þá viljum við heyra frá þér.

**STARFSLÝSING**

- Leiðir starf netsérfræðinga hjá Basis
- Ábyrgðarmaður netmiðju og innviða
- Hönnun og uppbygging netkerfa viðskiptavina

**HÆFNISKRÖFUR**

- Þriggja ára eða lengri starfsreynsla af rekstri flókinna netkerfa
- Þekking og geta til að leysa tæknilega krefjandi verkefni
- CCNP eða sambærileg þekkingarvottun
- Þekking á netbúnaði frá Fortinet og HP er kostur

**UM BASIS**

Við leggjum mikla áherslu á starfsmannaánægju og erum stolt af því að vera í hópi efstu fyrirtækja landsins í könnun VR á ári hverju. Við bjóðum frábæra vinnu- og afþreyingaraðstöðu, mikla starfsþróunarmöguleika og virka endurmenntun, frábæran starfsanda í þéttum hóp og sveigjanlegan vinnutíma. Þá geta starfsmenn notað 10% af vinnutíma sínum í starfsþróunar- og gæluverkefni að eigin vali.

**HVERNIG Á AÐ SÆKJA UM**

Vinsamlegast sendið umsóknir með tölvupósti á **atvinna@basis.is** fyrir 8. apríl n.k.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

# ÖFLUGUR SÖLUMAÐUR ÓSKAST Á NORÐURLANDI

Bílanaust leitar að öflugum sölumanni á Norður- og Norðausturlandi. Starfið felst í söluheimsóknum til viðskiptavina og þjónustu við þá.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölustörfum æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg.
- Metnaður til að ná árangri í starfi.
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð nauðsynleg.
- Þekking á bílavarahlutum, smurolíum og bílatengdum efnavörum.
- Almenn tölvukunnátta æskileg.

Æskilegt er að viðkomandi sé búsettur á Akureyri og geti hafið störf fljótlega.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldór Bragason verslunarstjóri á Akureyri í síma 5359090 eða á halldorb@bilanaust.is

Umsóknum skal skilað á netfangið atvinna@bilanaust.is eða bréflega á Bílanaust Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, merkt „v. Atvinna Norðurland“.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til 5. apríl.

**Gæði, reynsla og gott verð!**

Bílanaust

HEILSUGÆSLAN

## Yfirhjúkrunarfræðingur
## Heilsugæslan Efra - Breiðholti

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust starf yfirhjúkrunarfræðings við Heilsugæsluna Efra-Breiðholti frá 1. maí 2013. Starfshlutfall er 100%. Heilsugæslu Efra-Breiðholts er fyrst og fremst ætlað að þjóna íbúum Efra-Breiðholts. Starfsemi stöðvarinnar er fjölþætt og áhersla er lögð á teymisvinnu. Veitt er samfelld þjónusta með hag einstaklingsins og fjölskyldunnar í huga. Yfirhjúkrunarfræðingur er yfirmaður hjúkrunar á heilsugæslustöð og stuðlar að uppbyggingu og þróun hjúkrunar. Hann skipuleggur og stjórnar allri hjúkrunarþjónustu heilsugæslustöðvarinnar og tekur þátt í klínísku starfi. Hann, ásamt yfirlækni, ber ábyrgð á að heilsugæslustöðin starfi samkvæmt stefnu Heilsugæslunnar og stjórnar daglegum rekstri. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri hjúkrunar.**

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi og a.m.k. 5 ára starfsreynsla við hjúkrun.
- Framhaldsmenntun í hjúkrun er æskileg.
- Fjölþætt reynsla í heilsugæsluhjúkrun er æskileg.
- Reynsla af stjórnun er skilyrði.

**Færni og aðrir eiginleikar**

- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.
- Áhugi og færni til að leiða hóp fagaðila.
- Framúrskarandi samskiptahæfni er skilyrði.
- Framsækinn og dugmikill leiðtogi.
- Öguð vinnubrögð.

**Frekari upplýsingar um starfið**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi, ritgerðum, þróunarverkefnum og vísindastörfum sem umsækjandi hefur unnið, tekið þátt í að vinna eða birt. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.
Sótt er um starfið rafrænt á; www.heilsugaeslan.is, undir **„laus störf“**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Umsóknarfrestur er til og með 13.04.2013.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
Þórunn Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar sími: 585-1300, netfang: thorunn.olafsdottir@heilsugaeslan.is

CAOZ

## Looking for a CREW

CAOZ is a leading European 3D animation studio founded in 2001 with a long track record of producing quality films, commercials and visual FX work. Having produced two short films and the feature film Legends of Valhalla - Thor we are about to enter into full production on an animated childrens TV series. We are seeking talents to take part in the journey with us.

**Line Producer**
Experience in childrens TV-series production, preferably animation. Excellent communication skills, written and spoken English.

**Production Coordinator**
Experiance in film, TV or advertising production. Ability to prioritize and meet deadlines. Ability to work in a team based environment. Excellent communication skills.

**3D Modellers / Technical Artist ( ICE )**
Knowledge in use of Maya or Softimage. Production experience in creating high detailed models. Knowledge in procedural modeling and general render techniques are a plus.

**3D Character Animators**
Knowledge in use of Maya or Softimage. Experience in TV or film animation production.

**3D Lighting TDs**
Knowledge in use of Maya or Softimage, Arnold is a plus. Strong compositing skills using Nuke, Fusion. Ability to create shaders and procedural shading.

**VFX TDs**
Knowledge in use of Maya, Softimage ICE. Strong scripting skills and have good understanding in 3D lighting and compositing.

**3D TD/R&D Specialist**
Strong scripting skills using Python and C++. Good understanding of CG pipelines and workflow. Knowledge in use of Maya and/or Softimage. Knowledge in character rigging. Experiance in production and tool development.

**Storyboard Artists**
Experience in TV-series production, preferably animation.

**Online Editor**
Experience in managing large volume of material using Avid systems.

**IT Manager**
Experience of storage solutions and network infrastructure in terms of developing and securing future demands in a fast growing company. Experience of running larger render farms and cluster computing is plus.



Please send applications and CV to jobs@caoz.com

Capacent Ráðningar

# LÖGFRÆÐINGUR

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
*Directorate of Health*

**Embætti landlæknis óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð og trausta lögfræðilega þekkingu. Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri. Hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki í starfi er nauðsyn í þverfaglegu umhverfi embættisins. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri eftirlits og gæða.**

**Starfið felur m.a. í sér:**

- Vinnu við verkefni þar sem reynir á túlkun laga og reglugerða sem um embættið gilda
- Þátttöku í eftirliti embættisins með heilbrigðisþjónustunni og heilbrigðisstarfsmönnum
- Skrif álitsgerða, umsagna um lagafrumvörp og reglugerðardrög
- Meðferð kvartana
- Meðferð umsókna um starfsleyfi heilbrigðisstarfsmanna

**Kröfur um þekkingu og hæfni:**

- Embættispróf eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af störfum í stjórnsýslu er æskileg
- Góð færni í íslensku og ensku er krafa, þekking á Norðurlandamáli er kostur

Embætti landlæknis sinnir fjölmörgum lögbundnum verkefnum. Hlutverk embættisins skv. lögum er m.a. að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni embættisins. Embættið hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum m.a. til að stuðla að gæðum og öryggi í þjónustu og skynsamlegri lyfjanotkun. Embættið veitir starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta. Ennfremur sinnir það kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu. Frekari upplýsingar um embættið er að finna á heimasíðu þess (http://www.landlaeknir.is).

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottri@capacent.is) hjá Capacent Ráðingum. Umsóknarfrestur er til 15. apríl nk. Umsækjandi er vinsamlegast beðinn að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn á að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi. Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Sérfræðingur í fjárfestatengslum

Marel leitar að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu af upplýsingamiðlun til að aðstoða fjárfestatengil fyrirtækisins. Starfið felur í sér að stýra undirbúningi og hafa umsjón með gerð ársskýrslu, undirbúa aðalfund Marel og ársfjórðungslegar afkomukynningar, auk fréttatilkynninga til Kauphallar Íslands og almenn samskipti við hluthafa og fjárfesta. Starfsmaður mun einnig vera til aðstoðar og hafa eftirlit með samræmi ytri samskipta og kynninga eftir þörfum.

Viðkomandi mun starfa í móðurfélagi Marel og vinna náið með fjárfestatengli og framkvæmdastjóra markaðs- og kynningarmála.

**Starfssvið:**

- Verkefnastjórn og textagerð vegna ársskýrslu á ensku
- Verkefnastjórn vegna viðburða s.s. aðalfundar og heimsókna fjárfesta og markaðsaðila
- Undirbúa tilkynningar á ensku og íslensku til Kauphallar Íslands og markaðsaðila
- Mótun lifandi og upplýsandi kynninga á ársfjórðungslegri afkomu
- Umsjón og viðhald fjárfestahluta heimasíðu Marel sem birtur er á ensku
- Aðstoða framkvæmdastjórn vegna kynninga á fyrirtækinu til fjárfesta
- Aðstoða við fréttatilkynningar, bæklinga, myndbönd og textagerð á vef bæði á ensku og íslensku
- Samræma og tryggja viðeigandi upplýsingamiðlun um fyrirtækið á ytri og innri samskiptamiðlum

**Hæfniskröfur:**

- Háskólagráða sem nýtist í starfi s.s. í viðskiptatengdu fagi eða ensku
- Framúrskarandi ensku- og íslenskukunnátta, tvítyngi er mikill kostur
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti er skilyrði auk hæfni í mannlegum samskiptum
- Starfsreynsla í alþjóðlegu umhverfi, einkum í fjárfesta- og/eða almannatengslum er æskileg
- Þekking á helstu fjármála- og rekstrarhugtökum er kostur
- Skipulagshæfni, frumkvæði og færni til að sinna mörgum verkefnum samtímis
- Framúrskarandi geta til að útbúa kynningar í helstu forritum og reynsla af notkun vefumsjónarkerfa
- Reynsla af verkefna- og viðburðastjórnun og samskiptum við fjölmiðla

STERLING gasgrill.Tvískiptur brennari, grillflötur 50x32 cm, efri grind 50x24 cm. Hitamælir, neistakveikjari, þrýstijafnari og hitadreifiplata. 8,79 kW.

BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð
**29.990 kr.**
Almennt verð 41.990 kr.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

# LÁGT VERÐ
## – ALLA DAGA

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 41622148
Viðarborð, 88x88x65 cm.
**29.990 kr.**



Vnr. 41622149
Viðarstóll.
**19.990 kr.**



Vnr. 41622150
Viðarbekkur, 114x78x18 cm.
**29.990 kr.**



Vnr. 41621504
Teak borð sexhyrnt 60x60 cm, samanbrjótanlegt + 4 stólar með háu baki, fellanlegir.
**15.990 kr.**



Vnr. 41624128
STEEL RATTAN borð og tveir stólar. Plast/bast, ljósbrúnt, 5 mm hert gler í borði.
**11.990 kr.**



Vnr. 49602071
So Sweet 20" barnareiðhjól.
**27.990 kr.**



Vnr. 49620105
Þríhjól með handfangi.
**9.990 kr.**



Vnr. 42373644
Kúlugrill, kolagrill, 43 cm
**3.990 kr.**

## MIKIÐ ÚRVAL AF GRILLFYLGIHLUTUM



Vnr. 50650730
Grilltöng og spaði.
**799 kr.**



Vnr. 50651448
Grill hreinsisvampur.
**489 kr.**



Vnr. 50657336
Grillbursti 10,5" 2in1.
**590 kr.**



Vnr. 50651070
Keramik steinar.
**2.590 kr.**



STERLING

Vnr. 50657153
STERLING 1716-3 gasgrill. Tveir brennarar, niðurfellanleg hliðarborð, hitamælir, þrýstijafnari. 11,72 kW.
**49.990 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

†



Okkar ástkæri sonur, bróðir,
mágur og frændi,

**ANDRI MÁR ÞÓRÐARSON**

lést af slysförum í Flórída, laugardaginn
23. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Alda Kolbrún Haraldsdóttir**
**Þórður Kristjánsson**
**Jóhann Geir Karlsson**
**Birgir Örn Karlsson**
**Lív Eyþórsdóttir**
**Eydís Eyþórsdóttir**
**Egill Örn Þórðarson**
**Adrían Birgisson**
**Guðmundur Sveinsson**
**Stefanía Gunnarsdóttir**
**Tinna Valbjörnsdóttir**
**Björn Óskarsson**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir,
sonur, bróðir og afi,

**JÓN PÁLMI SKARPHÉÐINSSON**
**rafvirkjameistari og framhaldsskólakennari,**
**Sólvallagötu 8, Keflavík,**

lést í faðmi fjölskyldunnar fimmtudaginn
21. mars á gjörgæsludeild Landspítalans
við Hringbraut. Útförin fer fram frá
Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 3. apríl kl. 13.00.

**María Jónsdóttir**
**Skarphéðinn Jónsson** **Guðmunda Inga Gunnarsdóttir**
**Einar Jónsson**
**Skarphéðinn Jónsson** **Rósa Anna Bjarnadóttir**
**bræður og barnabörn.**


*Fjölbreytt úrval legsteina*
*Frí áletrun og uppsetning*

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin

*Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði*
*www.granithollin.is*
*Sími 555 38 88*

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is



Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS

571 8222
820 3939 SVAFAR
820 3938 HERMANN



Virðing Reynsla & Þjónusta
Allan sólarhringinn



WWW.KVEDJA.IS


# Heldur upp á afmælið í geðklofnu húsi

**Auður Jónsdóttir rithöfundur er fertug og ætlar að eiga notalegt kvöld í góðum hópi í gamalkunnu húsi. Síðar mun hún halda upp á tímamótin með stjarnfræðilegri systur sinni.**



**AUÐUR JÓNS** „Ég veit ekki hvað pabba finnst ef ég segi að húsið sé hálfgert reðurtákn en hann er nú orðinn ýmsu vanur frá mér.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Já, ertu að spekúlera í fertugsafmælinu?“ spyr Auður Jónsdóttir rithöfundur þegar hún kemst á snoðir um hver er á línunni. „Það var afmæli hjá syni mínum síðasta laugardag – það er sko bara vika á milli afmælanna okkar – og ég er enn að laga til [á mánudag].“

Þú nærð vonandi að ljúka því áður en þitt partý brestur á. Ætlarðu annars ekki að halda eitthvað upp á daginn?

„Sko gamla æskuheimilið mitt, Jónstóft uppi í Mosfellsdal, það er orðið að gistiheimili þannig að ég ætla að fara þangað með systkinum mínum, mökum okkar og börnum, já og Dóra frænda mínum DNA, elda þar um kvöldið og gista eina nótt. Það er afmælisnóttin og svo er páskamorgunn daginn eftir og þá getum við borðað páskamorgunmat saman.“

Og páskaeggin… „Já, og falið einhver egg úti í garði handa krökkunum. Ég hlakka mikið til. Yngsta systir mín kemur alla leið frá Þýskalandi til að vera með okkur. Dóri DNA er eiginlega eins og bróðir okkar, hann er einbirni og fær að vera með. Mamma hans býr þarna hinum megin, rétt hjá. Það verður gaman að koma í þetta hús og jafnframt dálítið skrítið.

Ég held ég hafi komið síðast inn í það þegar ég var um tvítugt.“

En áttir sem sagt heima þar þegar þú varst að alast upp? „Já, pabbi minn smíðaði þetta hús, það er að segja annan hluta þess, sem er mjög hippalegur og sætur. Svo giftist mamma mín þýskum kvikmyndaframleiðanda, hann byggði líka og þá var kumbaldi sem bættist við – þýska stálið. Þannig að húsið er dálítið geðklofið. Annars vegar hippalegur trékofi og hins vegar stór steinklumpur. Ég veit ekki hvað pabba finnst ef ég segi að húsið sé hálfgert reðurtákn, en hann er nú orðinn ýmsu vanur frá mér.“

Auður kveðst vera mikil afmælismanneskja. „Ég á stjarnfræðilega systur, afmælissystur, sem fæddist á sama hálftímanum og ég, á sama stað. Hún heitir Helga Soffía Einarsdóttir og er þýðandi. Við erum búnar að vera á leiðinni að hittast í margar vikur til að plana eitthvað. En erum báðar miklir frestarar – kannski er það í stjörnumerkinu okkar. En við höfum tvisvar eða þrisvar haldið upp á afmælin okkar saman og við eigum eftir að gera það núna líka, þó að það verði ekki á afmælisdaginn sjálfan. Við erum svo óskipulagðar – hugsanlega af því við erum fæddar á þessum hálftíma.“

gun@frettabladid.is

> **Dóri DNA er eiginlega eins og bróðir okkar, hann er einbirni og fær að vera með. Mamma hans býr þarna hinum megin, rétt hjá.**

†



Ástkær faðir okkar, afi og bróðir,

**AUÐUN PÉTUR GÍSLASON**
**Stórholti 2, Reykjavík,**

lést á heimili sínu föstudaginn 22. mars
sl. Útför hans fer fram frá kirkju Óháða
safnaðarins miðvikudaginn 3. apríl kl 15.00.

**María Ása Auðunsdóttir**
**Lóa Auðunsdóttir**
**Mía Pálína Gunnarsdóttir**
**Ólafía Ingibjörg Gísladóttir**
**Viggó Kristinn Gíslason**

†



Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN MAGNÚSSON**
**loftskeytamaður,**
**Dalbraut 27, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum 22. mars. Hann
verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu
miðvikudaginn 3. apríl kl. 14.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Magnús Þ. Jónsson**
**Aðalheiður Gústafsdóttir**

†



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**ÁSA ARNFRÍÐUR KOLBEINSDÓTTIR**
**Víðilundi 24, Akureyri,**

lést á Furuhlíð þann 19. mars sl. Útförin fer
fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 2. apríl
klukkan 13.30.

**Kolbrún Friðgeirsdóttir** **Kristján Jóhannesson**
**Ása A. Kristjánsdóttir** **Sigurður T. Þórisson**
**Hilmar Kristjánsson** **Herdís Elín Jónsdóttir**
**Friðgeir J. Kristjánsson**
**og langömmubörn.**

†



Þökkum innilega auðsýnda samúð og
vináttu við andlát og útför móður okkar,
tengdamóður og ömmu,

**ÖNNU PÁLU SVEINSDÓTTUR.**

**Sigrún Reilly** **Dermot Reilly**
**Guðbjörg Vignisdóttir** **Kristján Ármannsson**
**Arnbjörg Vignisdóttir** **Sigmundur Brynjar Sigurgeirsson**
**Guðrún Vignisdóttir** **Ásmundur Jónasson**
**Anna Pála Vignisdóttir** **Páll Loftsson**
**Þóra Jóna Jónatansdóttir**
**og barnabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið í dag laugardag

# frá kl. 10-19



## AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS UM PÁSKANA

**Páskadagur 31.mars LOKAÐ**

**Mánudagur 1. apríl** **11:00-18:30**

ALLLAR VERSLANIR OPNAR (lokað er í Bónus Kringlunni)

Hátíð er til heilla best.
Starfsfólk Bónus sendir
viðskiptavinum hátíðarkveðjur.

## Gleðilega páska



BÓNUS EKKERT BRUÐL

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** þó, **6.** umhverfis, **8.** heldur brott, **9.** útdeildi, **11.** ullarflóki, **12.** rót, **14.** hopp, **16.** átt, **17.** blundur, **18.** tæfa, **20.** eldsneyti, **21.** truflun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** veltingur, **3.** frá, **4.** sæfrauð, **5.** traust, **7.** naggrís, **10.** flík, **13.** smátt lausagrjót, **15.** umkringja, **16.** hlóðir, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** samt, **6.** um, **8.** fer, **9.** gaf, **11.** rú, **12.** grams, **14.** stökk, **16.** sv, **17.** lúr, **18.** tík, **20.** mó, **21.** ónáð.
**LÓÐRÉTT: 1.** rugg, **3.** af, **4.** merskúm, **5.** trú, **7.** marsvín, **10.** fat, **13.** möl, **15.** króa, **16.** stó, **19.** ká.












# Skrælingjadraumar

**BAKPANKAR**
Karenar Kjartansdóttur



Grænland er spennandi draumaland á hverfanda hveli í bókstaflegri merkingu. Þegar ég var yngri blundaði í mér draumur um að kynnast grænlenskum veiðimanni og njóta ásta með honum í snjóhúsi á hjara veraldar á meðan vindurinn geisaði um hjarn en norðurljós dönsuðu á himni. En nóg um það. Þessi draumur blundar ekki lengur í brjósti mér en hugsanlegt er að eitthvað eimi enn af honum í undirmeðvitundinni, í það minnsta hlusta ég fremur mikið á grænlensku útvarpsstöðina Kalaallit Nunaata Radioa í gegnum snjallsímann minn þótt ég skilji ekki orð (kannski er það þess vegna sem ég þoli við).

**GRÆNLENSKIR** stjórnmálamenn eru líka spennandi. Kuupik Kleist, fyrrverandi forsætisráðherra heimastjórnar Grænlands, er merkilegur maður. Faðir hans var danskur loftskeytamaður sem sinnti tímabundnu verkefni í þorpinu sumarið ´57. Í þorpinu hitti hann unga stúlku sem var bæði mállaus og heyrnarlaus en loftskeytamanninum tókst að senda henni nógu skýr skilaboð og saman gátu þau barn.

**REYNDAR** var faðirinn á bak og burt þegar drengurinn Kuupik kom í heiminn og hafði ekki meira samband. Kuupik litli var alinn upp hjá frænku sinni sem þótti drengurinn bráðger og efnilegur. Sem unglingur var hann því sendur aleinn til Danmerkur í nám þótt ekkert kynni hann í dönsku. Þegar hann snéri aftur voru æskuslóðir hans orðnar að eyðibæ þar sem námuvinnslunni þar hafði verið lokað. Hann naut einnig vinsælda sem söngvari og hefur verið kallaður hinn grænlenski Leonard Cohen. Þið getið rétt ímyndað ykkur hve ljúfsárt það væri að heyra hann syngja lagið Waiting for a Miracle.

**NÚVERANDI** forsætisráðherra heimastjórnar Grænlands er ekki síður áhugaverð manneskja. Aleqa Hammond missti ung föður sinn í veiðiferð. Hún fór út í heim 15 ára gömul og byrjaði að sjá fyrir sér. Kleist hefur svo sem ekkert verið þekktur fyrir linkind í garð stórfyrirtækja en Aleqa geldur þeim enn meiri varhug og vill sjá til þess að þeir greiði skatta jafnt í góðæri sem í kreppu og hlunnfari ekki samfélagið. Grænland eigi ekki að vera verstöð stórfyrirtækja og mengun og umhverfisspjöll eigi ekki að vera ókeypis. Auðlindamálin eru aðalmálin á Grænlandi og segja sumir að framtíð fjarskiptamarkaðarins velti á ákvörðunum grænlensku heimastjórnarinnar á næstu árum, þar í landi eru jú málmarnir sem nauðsynlegir eru framgangi tækninnar.

**MÉR** þykir gott til þess að vita að þar eru ekki skrælingjar á valdastólum sem láta glepjast við gylliboðum erlendra auðhringja. Mér varð svona hugsað til þeirra þegar ég hlustaði á fréttir af stórfyrirtækjum sem náðu að sannfæra íslenska kollega þeirra Kleists og Hammond um að það væri ástæðulaust að þau þyrftu að borga skatta.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




PÁSKA TILBOÐ
SÍÐASTI SÉNS AÐ NÆLA SÉR Í SJÓÐHEIT PÁSKATILBOÐ
SÍÐASTI SÉNS
NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR • LOKADAGUR PÁSKATILBOÐA
PÁSKA TILBOÐ
PÁSKALEG MARSTILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
NR40 RISA PÁSKAEGG
ÆVINTÝRA PÁSKAEGG
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM TIL PÁSKA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Úrvalið er hjá okkur í Tölvutek
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
OPIÐ Í DAG FRÁ 11-16
TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA
FLOTTUSTU TÖLVURNAR
SPJALDTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
UPPFÆRÐU MEÐ STÆL
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI
OPNUNARTÍMAR
LOKADAGUR PÁSKATILBOÐA
OPIÐ Í DAG
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.


MÁNUDAGSKVÖLD KL. 21:15
GAME OF THRONES
EVRÓPUFRUMSÝNING 1. APRÍL.
Valdataflið er hafið á ný og meira spennandi en nokkru sinni fyrr.
MEIRI SPENNA OG
MEIRA GRÍN Í APRÍL
ÞÚ GREIÐIR FYRIR ÁSKRIFT Í APRÍL OG VIÐ OPNUM STRAX
SUNNUDAGSKVÖLD
THE FOLLOWING
Magnaður spennuþáttur með Kevin Bacon í hlutverki fyrrum alríkislögreglumanns sem er kallaður aftur til starfa.
FÖSTUDAGSKVÖLD
SPURNINGABOMBAN
Frumlegustu spurningarnar, fyndnustu keppendurnir og fáránlegustu svörin.
MÁNUDAGSKVÖLD
SUITS
Önnur þáttaröðin af þessum frábæru spennuþáttum um snjöllustu lögfræðingana í New York.
HEFST 8. APRÍL
LAUGARDAGSKVÖLD
SPAUGSTOFAN
Eitrað og ómissandi uppgjör við allt ruglið í hverri einustu viku.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000
FÍTON / SÍA

MIÐVIKUDAGSKVÖLD

## KALLI BERNDSEN Í NÝJU LJÓSI

Kalli Berndsen snýr aftur með litríkan og smekklegan þátt sem hjálpar þér að líta betur út og skemmtir þér vel í leiðinni.






SUNNUDAGSKVÖLD

## MAD MEN

Magnaðir verðlaunaþættir um ævintýraheim auglýsingastofunnar í New York á sjöunda áratugnum.

Við bjóðum upp á hina fullkomnu blöndu af spennu, gríni og drama í apríl. Byrjaðu sumarið í góðum gír með öllum frábæru innlendu og erlendu verðlaunaþáttunum á Stöð 2.

Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag

2 BÍÓ GULL krakkar POPP TÍVÍ



## NÝTTU ÞÉR **NETFRELSI** OG MISSTU EKKI AF NEINU!

Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð uppáhaldsþáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

MIÐVIKUDAGSKVÖLD

## GREY'S ANATOMY

Þetta magnaða sjúkrahúsdrama er vinsælasta erlenda efnið á Stöð 2 – og ekki að ástæðulausu.





SUNNUDAGSKVÖLD

## MR SELFRIDGE

Þættirnir um Harry Selfridge, hinn klóka viðskiptamann sem umbylti Oxford-stræti, hafa fengið frábærar viðtökur í heimalandinu.

SUNNUDAGSKVÖLD

## SJÁLFSTÆTT FÓLK

Jón Ársæll Þórðarson hjálpar þér að kynnast áhugaverðustu Íslendingunum betur.





ÞRIÐJUDAGSKVÖLD

## MODERN FAMILY

Ferskir og margverðlaunaðir gamanþættir um fyndnustu fjölskyldu síðari tíma.

**NÝTT ÁSKRIFTARTÍMABIL HEFST 3. APRÍL**

2 HD

KOLAPORTIÐ
OPIÐ
í dag og mánudag frá kl. 11-17
www.kolaportid.is

# Fermingarveisla tekur óvænta stefnu

Framandverkaflokkurinn Kviss Búmm Bang stendur í ströngu við að undirbúa frumsýningu á Lögum unga fólksins norður í Eyjafirði. Fyrst heyrum við þó verk þeirra Tókstu eftir himninum í morgun? í Útvarpsleikhúsinu á morgun.

Við erum að vinna verk sem heitir Lög unga fólksins fyrir Leikfélag Akureyrar og frumsýnum á fimmtudaginn kemur," segir Eva Björk Kaaber, en auk hennar er Kviss Búmm Bang skipað þeim Evu Rún Snorradóttur og Vilborgu Ólafsdóttur. „Við fáum alls konar fólk úr Akureyrarsamfélaginu til liðs við okkur, höfum verið að vinna með mörgum unglingum bæjarins, kvenfélögum og fleirum. Verkið er í formi fermingarveislu sem tekur óvænta stefnu. Það verður sýnt í Hlíðabæ sem er lítið félagsheimili í Hörgárdal og áhorfendur þurfa að vera til í að gefa sig alla í verkið."

Væntanlegir áhorfendur fyrir norðan geta hitað upp ásamt öðrum landsmönnum á morgun en þá frumflytur Útvarpsleikhúsið verk þeirra stallsystra Tókstu eftir himninum í morgun? sem sett var upp á Listahátíð í fyrra. „Það verk fjallar um tímann og hvernig við högum honum, hvað við skipuleggjum okkur mikið og setjum okkur mörg markmið sem við búum til kerfi utan um en missum í leiðinni kannski af lífinu sjálfu, sem er óvænt og alls konar, því við gefum okkur ekki tíma til að horfa upp í himininn. Við mælumst til þess að fólk gefi sér tíma til að setjast almennilega niður, halla höfðinu aftur og virkilega hlusta."



**KVISS BÚMM BANG** Þær Eva Björk Kaaber, Eva Rún Snorradóttir og Vilborg Ólafsdóttir eru þekktar fyrir hressilegar sýningar sem hrista upp í áhorfendum.

Tókstu eftir himninum í morgun? verður sent út á Rás 1 klukkan 13 á morgun, en Lög unga fólksins verða frumsýnd fimmtudaginn 4. apríl og síðan sýnd alla fimmtudaga og föstudaga í apríl.

fridrikab@frettabladid.is










Þú getur sótt um sumarstarf hjá Kópavogsbæ til 8. apríl nk.

Til að sækja um sumarstarf þarftu að fara inn á vef Kópavogsbæjar, **kopavogur.is**, og þar finnur þú líka allar nánari upplýsingar um störfin sem eru í boði.

- Skilyrði fyrir ráðningu er að eiga lögheimili í Kópavogi.
- Ekki verður tekið við umsóknum eftir 8. apríl.

Kópavogsbær
kopavogur.is

## BÓKIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU

Hermann Stefánsson rithöfundur



# La condesa sangrienta eftir Alejandra Pizarnik

Rithöfundur vill að bókin umturni lífi fólks. Annars er ekki þess virði að skrifa hana. En ef allar bækur gerðu það væri mikil vinna að vera lesandi, bækur ærðu óstöðugan lestrarhest oft í viku. Fólk segir gjarnan að aðeins nokkrar bækur hafi breytt lífi sínu, á unglingsárum. En mér finnst hálfgerð leti að hvolfa ekki hugarheimi sínum reglulega. Þess vegna vel ég bók sem breytti lífi mínu nýlega. La condesa sangrienta heitir hún og höfundurinn hét Alejandra Pizarnik. Bókin er örstutt, grundvallarrit í argentínskum nútímabókmenntum sem kom út 1971 og ég hef vitað af lengi. Þetta eru lýrískir smáprósar sem segja sögu Erzsebet Bathory, blóðugu greifynjunnar. Hún var uppi á sextándu öld, myrti 650 stúlkur, pyntaði, nauðgaði og baðaði sig upp úr blóði uns hún var stoppuð þegar hún setti á fót „stúlknaskóla“ fyrir aðalsmeyjar. Pizarnik lýsir eftirminnilega hvernig Bathory sat tímunum saman hreyfingarlaus og starði í spegil, náföl; hún dregur upp mergjaða mynd af því hvernig greifynjan horfir upp á eigið aðgerðarleysi í „spegli melankólíunnar“, hvernig hana þyrstir í eitthvað meira og sterkara. Það er nauðaeinfalt að framleiða tilfinningaklám úr svona sterku efni, fordæmandi og upphefjandi, ódýrt og innihaldslaust. En þetta er alvöru bók og sérlega umturnandi. Pizarnik skrifaði ekki fleiri bækur og svipti sig lífi 1972.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**LAUGARDAGUR 30. MARS 2013**

### Sýningar

**14.00** Gunnhildur Þórðardóttir opnar sýningu sína, Minningar í kossum/ Boxed Memories í Flóru, Hafnarstræti 90 á Akureyri. Um er að ræða sýningu á textaverkum, innsetningum og skúlptúrum sem fjalla um minningar.

### Uppákomur

**16.00** Boðið verður upp á ljóðalestur og tónlistarflutning í Gunnarshúsi, húsi Rithöfundasambands Íslands að Dyngjuvegi 8.

### Tónlist

**16.00** Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Kaldalónu Hörpu. Rennt verður í gegnum sígildar stórsveitir sögunnar síðustu 90 árin. Miðaverð er kr. 3.000 en kr. 2.500 fyrir nema og eldri borgara.



**20.00** Biggi Maus spilar á Dillon, ásamt hljómsveit. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Söngfélagið Sálubót fagnar 20 ára afmæli sínu með páskatónleikum og dansleik að Ýdölum. Flutt verða nokkur af uppáhalds lögum Sálubótameðlima auk gamallra og góðra Greifalaga, útsett af Jaan Alavere stjórnanda Sálubótar. Greifarnir stíga svo á svið og halda dansleik frá kl.23.30. Aðgangseyrir á tónleika og ball er kr. 3.800 en á ballið eitt og sér kostar kr. 2.800.

**23.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.59** Borg #007 og Dj Pabbi spila á Faktorý. Húsið opnar á miðnætti og aðgangur er ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

## DÓMAR 22.03.2012 ➜ 29.03.2012

**LEIKHÚS**

★★★☆☆

**Draumur á Jónsmessunótt**
**Leikstjóri: Stefán Jónsson**
Ögrandi og djörf sýn ungs fólks á William Shakespeare. - vg

**TÓNLEIKAR**

★★★★☆

**Afmælistónleikar**
**Sálin hans Jóns míns**
Sálverjar eru greinilega hvergi nærri dauðir þrátt fyrir langan tíma í bransanum. - trs

★★★★☆

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Stjórnandi: James Gaffigan, einsöngvari: Nadja Michael.**
Skemmtilegir tónleikar með glæsilegri söngkonu. - js

**BÍÓ**

★★★☆☆

**Snitch**
**Ric Roman Waugh**
Fínasta spennumynd sem skilur þó ekkert sérlega mikið eftir sig. - hva

BETRI STOFAN



Vistvænar rekstrarvörur
- fyrir þig og umhverfið




Engin ólykt
Engar stíflur í klósetti
Engar stíflur í frárennslislögnum

BIOTECH pappírinn frá Papernet er frábær nýjung sem kemur í veg fyrir ólykt á salernum, hindrar stíflur í klósettum, heldur frárennslislögnum hreinum og hraðar niðurbroti í rotþróm.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV 03/13

ALÞINGISKOSNINGAR 27. APRÍL 2013

AUGLÝSING FRÁ YFIRKJÖRSTJÓRN REYKJAVÍKURKJÖRDÆMIS NORÐUR UM MÓTTÖKU FRAMBOÐSLISTA OG FLEIRA

**Framboðsfrestur til alþingiskosninga 27. apríl 2013 rennur út föstudaginn 12. apríl nk. kl. 12 á hádegi.**

**Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður tekur á móti framboðslistum þann dag kl. 10-12 í fundarherbergi borgarráðs, Ráðhúsi Reykjavíkur við Tjarnargötu.**

Á framboðslista skulu vera 22 nöfn frambjóðenda. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælenda skal vera 330 að lágmarki og 440 að hámarki.

Enginn kjósandi getur mælt með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir strikast nafn kjósandans út í báðum/öllum tilvikum. Loks skal fylgja framboðslista skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Allar framangreindar yfirlýsingar skulu ritaðar eigin hendi.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri. Mælst er til að framboðslistum og listum yfir meðmælendur verði einnig skilað á rafrænu formi.

Að öðru leyti er vísað til ákvæða laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 27. apríl nk., verður aðsetur yfirkjörstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur, þar sem talning atkvæða mun fara fram að kjörfundi loknum.

Reykjavík, 27. mars 2013

**Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður**



**LÉTTUR RÉTTUR** Aspas, andaregg og appelsínusósa að hætti Friðriks V. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Öðruvísi eggjaréttur

Páskaegg eru á flestra borðum á páskadag. Þó að þessi úr súkkulaðinu séu vinsælust er líka flott að matreiða egg og bera þau fram á hátíðlegan hátt. Það gerir Friðrik V. sem gefur hér uppskrift að einföldum en framandi rétti.

## Nýr aspas með andareggja og blóðappelsínu hollandaise

**Fyrir fjóra**

- 1 gott búnt grænn aspas (fæst í öllum betri búðum, á þessum árstíma, yfirleitt frá S-Ameríku)
- 1 blóðappelsína (fæst í öllum betri búðum, á þessum árstíma, yfirleitt frá S-Ameríku)
- 2 rauður úr andareggjum (þessi egg eru fáanleg núna í betri verslunum – ath. það má nota hænuegg, þau eru bara um 30% minni)
- 200 g smjör
- 1 plata smjördeig (fæst frosið í flestum stórmörkuðum)

Skerið smjördeigið í fjóra jafnstóra hluta. Gatið deigið og penslið með hvítunum úr eggjunum. Bakið í 200°C heitum ofni í 10-15 mínútur eða þar til deigið lítur út eins og fallegir koddar.

Bræðið smjörið, þeytið eggjarauðurnar yfir vatnsbaði þangað til þær eru loftkenndar og fallegar, hrærið þá smjörinu varlega saman við og



**MEISTARINN** Friðrik V rekur samnefndan veitingastað við Laugaveg 60.

bragðbætið með safanum og berki úr blóðappelsínunni. Látið standa meðan aspasinn er flysjaður hálfa leið, neðsti parturinn er skorinn frá áður en aspasinn er soðinn í söltu vatni í þrjár til fjórar mínútur.

Skerið smördeigskoddann í tvennt eins og rúnstykki og setjið botninn á disk. Raðið aspasnum ofan á og hellið sósu yfir áður en efri parturinn er settur á og rétturinn borinn fram.



DÖGUN

Saman getum við knúið fram afdráttarlaust uppgjör við hrunið

Saman getum við betur

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
1. sæti Reykjavíkurkjördæmi norður
www.xt.is | xdogun@xdogun.is


sumarferdir.is
10 STJÖRNU
LÚXUS
SÓLARVEISLA
Við bjóðum upp á sérstakt 10 ára afmælistilboð á tvö 5 stjörnu hótel á Almería og Tenerfie á frábærum kjörum!
ALMERÍA | 25. JÚNÍ - VIKA
Protur Hotel&Spa ☆☆☆☆☆
ALLT INNIFALIÐ!
Glæsilegt 5 stjörnu hótel við ströndina. Nálægt í alla helstu þjónustu, veitingahús og golfvöll. Skemmtidagskrá fyrir börn og fullorðna.
frá 133.797 kr.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með öllu inniföldu. Verð frá kr. 154.397 fyrir 2 fullorðna í tvíbýli. Brottför: 25. júní og heimkoma viku síðar.
TENERIFE | 10. JÚLÍ - VIKA
Costa Adeje Gran ☆☆☆☆☆
HÁLFT FÆÐI INNIFALIÐ!
Fallegt og fjölskylduvænt hótel með glæsilegu útsýni yfir bæði Duque og Fanabé strendurnar. Fimm stjörnur á frábærum kjörum!
frá 129.666 kr.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá kr. 155.500 á mann fyrir 2 fullorðna í bókun. Brottför: 10. júlí og heimkoma viku síðar.
Frábært verð í sólina í sumar!
SUMAR 10 ÁRA FERÐIR
...eru betri en aðrar
* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting í viku og íslensk fararstjórn. Allt innifalið= morgun-, hádegis- og kvöldmatur, snarl milli mála og innlendir drykkir. Hálft fæði = Morgun- og kvöldmatur.
Ferðaskrifstofa

2013
ÞRIÐJUDAGS
klassík Í GARÐABÆ
Í SAL TÓNLISTARSKÓLA GARÐABÆJAR
ÞRIÐJUDAGUR
2. apríl, kl. 20
HALLFRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR
flauta
ÁRMANN HELGASON
klarínett
PÍANÓLEIKARI
INGUNN HILDUR HAUKSDÓTTIR
Vorstemningar
VERK EFTIR DEBUSSY, LACHNER, FAURÉ, SAINT-SÄENS, BLISS, COPLAND, OG ELÍNU GUNNLAUGSDÓTTUR
MENNINGAR- OG SAFNANEFND GARÐABÆJAR
MIÐAVERÐ: kr. 1.000 | Listrænn stjórnandi er INGIBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR sópransöngkona

fánar
fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar
Sólarfilma
Sandfilma
Öryggisfilma
HEIMILI
FYRIRTÆKI
STOFNANIR
glerfilmur
www.merkismenn.is
MERKIS MENN
UMHVERFISMERKINGAR | SKILTAGERÐ
Ármúla 36 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2030

living with style
ILVA
RÚM 90x200 cm
NÚ 129.900
SILENCE CLASSIC 101, HÆÐARSTILLANLEGT RÚM - 90X200 CM
Dýna í hæðarstillanlegt rúm. 265 stk. 5 svæða pokafjöðrun á hvern fermetra. Dýnan er bólstruð með 25 mm pólýetersvampi. Hæðarstillanlegur rúmbotn. Yfirdýna m/40 mm svampi, 25 mm latex- eða viscos-heilsusvampi fylgir. Fætur seldir sér. Verð 164.600,- NÚ 129.900,-
GLOBE Ø 20 CM 9.995
ILVA 33 X 38 CM 4.995/stk.
TABLET 40 X 30 CM 2.995
GLOBE hnöttur. Hvítur/silfurlitaður, rauður, blár eða fjólublár. Ø20 cm 9.995,-
ILVA flokkur 4 ýmsar myndir. 33 x 38 cm 4.995,-/stk.
TABLET veggklukka. 40 x 30 cm 11.995,-
TABLET borðklukka. 15 x 20 cm 8.995,-
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 lau. 10-18 – sun. 31. mars LOKAÐ
mán. 1. apríl 12 - 18 – þri. - fös. 11-18:30 www.ILVA.is



**FYRIRSÆTAN** Hin vinsæla fyrirsæta Cara Delevingne sést hér á tískuvikunni í London með húfu á höfði.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Vinsæll fylgihlutur

## Húfur sáust víða á tískuvikunum í vetur. Praktískur og vinsæll fylgihlutur.

Inn á milli spretta fram tískubólur sem eru ekki aðeins skemmtilegar heldur einnig praktískar. Gott dæmi um slíka bólu er húfuæðið sem virðist hafa gripið tískuáhugafólk. Á tískuvikunum í vetur varði fólk sig gegn köldum krumlum kuldabola með því að bera litríkar húfur á höfði og var Anna Dello Russo á meðal þeirra.



**HLÝ HÚFA** Húfa í vínrauðum lit á tískuvikunni í London.



**RAUÐ HÚFA** Gestur á tískuvikunni í Mílanó með fagurrauða húfu.



**TÍSKUTÁKNIÐ** Anna Dello Russo er í hópi þeirra sem tóku húfunni fagnandi í vetur.



**VINKONUR VERJAST OFANKOMUNNI** Tískuritstjórar Grazia.it báru húfur í snjókomunni í Mílanó.

# Gera mynd um uppvakninga

## Myndin samvinnuverkefni Flensborgarskólans í Hafnarfirði og Músík og mótor.

„Það er allt í blóði í myndinni og hellingur af tæknibrellum,“ segir Elín Rún Jónsdóttir, nemi Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Nemendur leiklistaráfanga Flensborgar hefur á undanförnum vikum verið á fullu í upptökum á stuttmynd í samvinnu við félagsmiðstöðina Músík og mótor. Myndin fjallar um uppvakninga og endalok heimsins. „Heimurinn er að farast og allir að deyja. Myndin fjallar um fimm krakka sem allir vilja ná ákveðnum markmiðum áður en þeir deyja, klára bucket-listana sína,“ segir Elín Rún. Hún fer sjálf með eitt aðalhlutverkið í myndinni sem er alfarið unnin af 32 aðilum frá skólanum og félagsmiðstöðinni með styrk frá Evrópu unga fólksins. Myndin er lokahnykkurinn í styrktarverkefninu sem strákarnir í Músík og mótor hafa verið að vinna að síðasta árið eða svo.

„Þetta er um 20 mínútna löng mynd sem við ætlum svo að sýna hér í Hafnarfirði í lok maí og búa til smá viðburð í kringum það þar sem við hvetjum fólk til að mæta í uppvakningagervi. Þaðan fer hún svo á netið,“ segir Elín Rún. **- trs**



**FULLT AF BLÓÐI** Það er fullt af blóði í myndinni og hellingur af tæknibrellum, en öll er hún unnin af aðilum úr Flensborg og Músík og mótor.

# Teiknar óviðeigandi auglýsingar

## Hugleikur Dagsson ætlar sjálfur að teikna auglýsingarnar í tímaritinu ÓkeiPiss.

Myndasagnahöfundurinn Hugleikur Dagsson ætlar sjálfur að teikna auglýsingarnar sem verða í þriðja tölublaði ÓkeiPiss.

Síðustu tvö árin hafa aðrir teiknarar séð að mestu um auglýsingarnar. „Mig langar að athuga hvort fólk hafi frekar áhuga á að auglýsa ef ég geri svolítið flippaðar, óviðeigandi auglýsingar,“ segir Hugleikur. „Ef það væri til dæmis auglýsing frá KFC og ég myndi segja: „Við vitum ekki hvaða dýr þetta er en það bragðast alla vega vel – KFC“,“ segir hann og hlær. „En ég geri ekki ráð fyrir að KFC vilji auglýsa hjá okkur. Ég hugsa að minni fyrirtæki vilji frekar gera eitthvað skrítið og skemmtilegt.“

ÓkeiPiss er myndasögutímarit sem tekur við innsendu efni, bæði frá áhugamönnum og þeim sem eru lengra komnir. Þema þessa þriðja tölublaðs verður „opna“ og þannig eiga menn að senda inn tvær síður sem myndu verða opna í tímaritinu.

Hugleikur er einnig að undirbúa þriðju bókina þar sem hann teiknar útskýringar á erlendum lagatextum. Þegar hann var hálfnaður með hana auglýsti hann eftir uppástungum á Facebook og er núna kominn með nóg efni í bókina, sem er væntanleg í sumar. „Þarna verður Whip It með Devo og ég er kominn með nokkuð mótaða hugmynd hvað varðar Hit Me Baby One More Time og I´ve Got You Under My Skin,“ segir hann.

Í haust, eða öllu heldur 11. september, kemur svo út önnur heimsendabók hans þar sem uppvakningar, eða zombies, verða í aðalhlutverki. **- fb**



**TEIKNAR AUGLÝSINGAR** Hugleikur Dagsson ætlar sjálfur að teikna auglýsingarnar í bókinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# VORHREINSUN

# TVEIR FYRIR EINN*

## AF ÖLLUM SKÓM

* Greitt er fyrir dýrara parið.

VÖRUR FRÁ

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

ecco®
Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

**Toppskórinn Outlet** Grafarholti

**Laugardagur** milli kl. 11 og 17
**Páskadagur** Lokað
**Annar í páskum** milli kl. 11 og 17

**Toppskórinn Markaður** Smáratorgi

**Laugardagur** milli kl. 11 og 18
**Páskadagur** Lokað
**Annar í páskum** milli kl. 12 og 18

Þú finnur okkur á: facebook®

Toppskórinn Outlet
Vínlandsleið 6 • Sími 533 3109

Toppskórinn Markaður
Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys'R'us




**Framúrskarandi varmadælur fyrir sumarbústaði og íbúðir!**

*Ein vinsælasta varmadælan á Íslandi*

Loft í loft - Loft í vatn!

**Fujitsu** er mun **ódýrari** í rekstri en flestar aðrar tegundir varmadæla

**Heldur jöfnum hita við allar íslenskar aðstæður**

Sjálfvirk rakavörn, endurræsing og loftsíuhreinsun

**Framleiðandi:** Fujitsu General Kawasaki, Japan

**Söluaðili á Íslandi með átta ára reynslu: Stekkjarlundur ehf.** - Sjá heimasíðu!

8 ára ábyrgð!

Augl. Stapaprent

Símar: 695 2091 / 894 4302
www.stekkjarlundur.com • stekkjarlundur@stekkjarlundur.com
Bjóðum upp á VISA og Mastercard raðgreiðslur



# Mætti ég biðja um örlítið meiri Ladda?

BÍÓ ★★★★★

**Ófeigur gengur aftur**
Leikstjóri Ágúst Guðmundsson
**LEIKARAR: LADDI, GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR.**

➜ Einu skiptin sem maður fær þó virkilega gæsahúð er þegar fólkið sem Ófeigur tekur sér bólfestu í gerir tilraun til að „taka Ladda“. Það eru sannarlega óhugguleg augnablik.

Ófeigur (Laddi) var ógæfumaður sem naut óspart lífsins lystisemda án þess að taka mikið tillit til sinna nánustu, áður en hann hitti fyrir manninn með ljáinn. Fyrir einhverra hluta sakir villist Ófeigur á leið inn í eilífðina og sest upp hjá dóttur sinni og unnusta hennar (Ilmi og Gísla Erni).

Það er útgangspunktur myndarinnar en það er erfitt að henda nákvæmlega reiður á því að hverju Ófeigur stefnir. Hann er eina stundina gamall spaði sem þráir ekkert annað en konur og vín, aðra er hann faðir fullur eftirsjár yfir framferði sínu í lifanda lífi og svo verður hann gagntekinn af því að stýra lífi dótturinnar og tengdasonarins.

Samtölin í myndinni eru ekkert sérstaklega meitluð en nokkur fyndin atriði er að finna inni á milli og í sumum fá tilfinningar að ráða för. Þetta er draugamynd, en stundum er eins og myndin viti ekki alveg hvort hún vilji hræða mann eða ekki. Einu skiptin sem maður fær þó virkilega gæsahúð er þegar fólkið sem Ófeigur tekur sér bólfestu í gerir tilraun til að „taka Ladda“. Það eru sannarlega óhugguleg augnablik.

Að þeim atriðum undanskildum komast leikararnir nokkuð vel frá sínu. Laddi er alltaf Laddi og skilar nákvæmlega því sem hann á að skila. Ófeigur hefði að ósekju mátt vera meira í forgrunni, bæði til að skila persónunni betur til áhorfenda og til að leyfa Ladda að gera það sem hann gerir best, bulla og vera fyndinn. Þá standa þau Gísli Örn og Ilmur sig vel í sínum hlutverkum og ná oft ágætlega til áhorfenda.

Í myndinni er draugagangur færður upp á tjaldið með töfrum stafrænnar tækni, almennt með ágætum árangri. Ekki beint á Hollywood-skala en það er greinilega gróska í brellugerð í íslenskum kvikmyndum og vonandi að sú kunnátta og hæfileikar sem þegar eru til staðar muni koma til með að þroskast og springa enn betur út á komandi árum.

Þegar allt kemur til alls mun Ófeigur gengur aftur örugglega höfða vel til einhverra. Þegar litið er til þess að hér er mynd eftir einn ástsælasta kvikmyndagerðarmann landsins, með leikarahóp sem samanstendur af holdgervingi íslenskrar fyndni síðustu 40 árin eða svo, einni allra bestu gamanleikkonu síðari ára og einhverjum dáðasta leikara og leikhúsmanni Íslands og þó víðar væri leitað, hefði niðurstaðan þó getað orðið annað og meira en sæmileg mynd sem seint verður talin í í hópi klassískra íslenskra kvikmynda.

**Þorgils Jónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ófeigur gengur aftur höfðar örugglega til einhverra, enda er Laddi þarna að gera það sem hann gerir best og það mætti sjást meira af honum. Þetta verður þó seint talin klassík.



**PÁSKATILBOÐ**

FUGLABÚR Í MIKLU ÚRVALI Á FRÁBÆRU VERÐI

30% AFSLÁTTUR AF FUGLABÚRUM FRÁ FERPLAST

ferplast

GÆÐIN SKIPTA MÁLI

DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins   Sími 568 66 68   Opið í dag 12-18 / Lokað páskadag / Opið 12-18 annan í páskum



DÖGUN

Saman getum við tryggt þjóðinni nýja stjórnarskrá og lýðræðisumbætur

Saman getum við betur

Þórður Björn Sigurðsson
1. sæti Reykjavíkurkjördæmi suður
www.xt.is | xdogun@xdogun.is

# FASHION ACADEMY
REYKJAVÍK

## NÆSTU NÁMSKEIÐ HEFJAST 19. APRÍL

TÍSKULJÓSMYNDUN

FÖRÐUNARNÁMSKEIÐ
Dag- og kvöldnámskeið

STÍLISTANÁM

FRAMKOMU- OG FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ



Námskeiðin eru kennd samhliða og er rík áhersla lögð á samvinnu milli deilda og að nemendur vinni að raunverulegum og lifandi verkefnum. Markmiðið er að kenna nemendum sitt eigið fag, samspil greinanna og hvernig tískubransinn virkar.

## NÝ NÁMSKEIÐ Í APRÍL OG MAÍ





**Slökunarnudd I – Undirstaða**
Kennsla 4 skipti frá 18:00-22:00

**Slökunarnudd II – Framhald**
Kennsla 4 skipti frá 18:00-22:00

**Ljósmyndun – grunnnámskeið**
Kennsla 2 dagar - alls 6 klukkustundir

**Ljósmyndun – stúdío námskeið**
Kennsla 2 dagar - alls 8 klukkustundir

**Förðunarnámskeið með Heiðari snyrti**
Kvöldnámskeið fyrir konur á öllum aldri



SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR

**WWW.FASHIONACADEMY.IS - INFO@FASHIONACADEMY.IS - 571 5151**






# 51 dagur í aðalkeppni Eurovision í Malmö:

# Póstkortin sem aldrei gleymast



TINNA
TÆKLAR EUROVISION
tinnaros@frettabladid.is

**EIN** af mínum uppáhaldshefðum í Eurovision eru hin svokölluðu póstkort sem eru birt fyrir hvert lag. Þegar ég var lítil fannst mér þetta það allra leiðinlegasta við keppnirnar og gladdist mjög að geta spólað yfir þau í þau fjölmörgu skipti sem ég horfði á upptökur af keppninni. Með aldrinum hef ég þó þroskast í að kunna vel að meta þau.

## Löng hefð

Nú veit ég ekki með vissu hvenær þessi eiginlegu póstkort byrjuðu en þau hafa að minnsta kosti verið regluleg frá því að við tókum fyrst þátt árið 1986. Ég man samt eftir nokkrum góðum fyrir það, eins og þegar Jan Teigen og Anita Skorgan smökkuðu á rækjum í korti Noregs árið 1982 eða þegar höfundar sænska lagsins, Lasse Holm og Ingela Forsmann, pilluðu rækjur í póstkortinu fyrir sænska lagið þremur árum seinna. Hvaða rækjufetish þetta var á þeim árum veit ég ekki.

Stundum hafa verið höfð lukkudýr sem taka þátt í kynningunni. Hver man til dæmis ekki eftir hinum fjólubláa Eurocat úr keppninni í Júgóslavíu árið 1990 eða hinum göldrótta Eurobird sem galdraði næstu síðu í Eurobókinni í Svíþjóð 1992?

## Fjölbreytileg póstkort

Yfirleitt hefur landið sem keppnin er haldin í verið kynnt með nokkrum myndum og síðan landið sem er í þann mund að stíga á svið. Það er þó allur gangur á því. Oft hafa flytjendurnir svo verið fengnir til að kynna borgina. Hver man til dæmis ekki eftir því þegar Ingibjörg fór í verslunarferð um Dyflinni árið 1993, Stebbi Hilmars og Sverrir Stormsker fóru á úrslitaleik í keltnesku íþróttinni hurling árið 1989 eða Icy-tríóið skoppaði inn á mynd af Bergen árið 1986?




**LUKKUDÝR** Eurocat og Eurobird voru skemmtileg lukkudýr.

## Mismikill metnaður

Sum árin lukkast póstkortin betur en önnur. Uppáhaldspóstkortin mín í gegnum tíðina eru þegar Stebbi og Eyfi sungu lag Eros Ramazzotti, Se Bastasse Una Canzone, í póstkortinu árið 1991 og svo biblíumyndirnar sem voru notaðar í Ísrael 1999. Þá var okkur úthlutað sögu úr annarri Mósebók þar sem Guð lét brauð falla af himnum ofan. Reyndar breyttist það í pitsur, pylsur og hamborgara síðar í sögunni. Eftir á að hyggja velti ég því fyrir mér hvort það hafi verið einhvers konar skot á íslensku þjóðina.

Seinustu ár hefur metnaðurinn í gerð póstkortanna aukist enn frekar. Núna í febrúar kom sænska sjónvarpið í heimsókn hingað til lands í tvo heila daga þar sem þeir fylgdu Eyþóri eftir og söfnuðu myndefni af honum í íslensku umhverfi, fyrir 40 sekúndna langt póstkortið. Það kalla ég alvöru metnað!




**SKOPPUÐU INN** Icy-tríóið skoppaði inn á mynd af Bergen á okkar fyrsta póstkorti.




**UPPÁHALDS** Stebbi og Eyfi fóru vel með lag Eros Ramazzotti árið 1991, þegar allir keppendur þurftu að syngja lag á ítölsku.






























STÓRTÓNLEIKAR Í ELDBORGARSAL HÖRPU

RAGGI BJARNA

DIDDÚ

PÁLL ÓSKAR

# Vorkvöld í REYKJAVÍK

12. MAÍ KL. 20:00

RAGGI BJARNA • DIDDÚ • PÁLL ÓSKAR

FLYTJA LÖGIN SEM ÞAU HAFA LJÁÐ RADDIR SÍNAR Í GEGNUM TÍÐINA OG GERT ÓGLEYMALEG MEÐ FLUTNINGI SÍNUM.

MIÐASALA ER Á **HARPA.IS**

EÐA Í SÍMA **528 5050**.

MIÐAVERÐ **4.990 – 8.990** KR.

HARPA

DÆGURFLUGAN

BRANDENBURG

## Barátta á toppi og við botninn

**FÓTBOLTI** Átta leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag og verður þá barist við báða enda stigatöflunnar. Topplið Manchester United fær möguleika á að komast átján stigum á undan næsta liði, Manchester City, en baráttan á toppnum snýst helst um að vera í hópi fjögurra efstu liðanna. Þar eiga Chelsea, Tottenham og Arsenal öll hagsmuna að gæta en Everton er heldur ekki langt undan.

Þá fer einnig að draga til tíðinda í botnbaráttunni en Reading réð í vikunni nýjan knattspyrnustjóra, Nigel Adkins, í þeirri von um að bjarga sæti sínu í deildinni á lokaspretti tímabilsins.

**2 SPORT HD**

**LAUGARDAGUR**

| | |
|---|---|
| 12.45 Sunderland - Man. Utd | Sport 2 |
| 15.00 Swansea - Tottenham | Sport 2 |
| 15.00 Man. City - Newcastle | Sport 3 |
| 15.00 Arsenal - Reading | Sport 4 |
| 15.00 S'ton - Chelsea | Sport 5 |
| 15.00 Wigan - Norwich | Sport 6 |
| 15.00 West Ham - West Brom | |
| 17.00 Celta - Barcelona | Sport |
| 17.30 Everton - Stoke | Sport 2 |
| 19.00 Zaragoza - Real Madrid | Sport |

**PÁSKADAGUR**

| | |
|---|---|
| 12.30 Aston Villa - Liverpool | Sport 2 |
| 14.30 Sunnudagsmessan | Sport 2 |
| 23.00 San Antonio - Miami | Sport |

**ANNAR Í PÁSKUM**

| | |
|---|---|
| 11.30 Chelsea - Man. United | Sport |
| 16.00 Leeds - Derby | Sport 2 |
| 19.00 Fulham - QPR | Sport 2 |
| 19.00 Grindavík - Þór | Sport |

*Fyrsti leikur í undanúrslitum Domino's-deildar karla í körfubolta.*

# Rotaðist en hélt leik áfram

Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, segir leikstjórnanda sinn Justin Shouse vera langharðasta leikmanninn sem hann hafi komist í kynni við á ferlinum. Stjarnan mætir Snæfelli í undanúrslitunum.

**KÖRFUBOLTI** Stjörnumenn og Snæfellingar tryggðu sér sæti í undanúrslitum Dominos-deildar karla í körfubolta á skírdag og mætast í fyrsta leik í Stykkishólmi á þriðjudaginn eftir páska.

Annað árið í röð unnu Stjörnumenn oddaleik á móti Keflvíkingum en í báðum þessum leikjum hafa Garðbæingar þurft að koma til baka eftir að hafa lent meira en tíu stigum undir í seinni hálfleik. Justin Shouse, leikstjórnandi Stjörnunnar, skoraði bara eina körfu í leiknum og var með framlag upp á 0 stig á tölfræðiblaðinu. Hann gekk ekki heill til skógar og var enn að glíma við eftirmál stríðsins á Sunnubraut fjórum dögum fyrr.

### Fór upp á spítala eftir sigurinn

„Ég er svakalega ánægður að hafa náð að kreista þetta fram því ástandið á okkur var ekkert sérstakt. Justin fékk alveg svakalegt höfuðhögg á sunnudaginn og fékk þá heilahristing. Hann er svo klikkaður að hann lætur engan vita af þessu. Hann fór á spítala eftir leikinn á skírdag því hann fann þá enn fyrir þessu. Miðað við það með Jovan uppi í stúku og Marvin á annarri löppinni þá er ég ofboðslega ánægður. Við vissum að þetta yrði erfitt og við yrðum bara að koma okkur í gegnum þetta einhvern veginn," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, um þennan magnaða sigur.



**FÓRNAR ÖLLU FYRIR TITILINN** Justin Shouse á enn eftir að verða Íslandsmeistari og er greinilega tilbúinn að fórna sér til þess að ná því. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Justin skoraði fimm mikilvæg stig á lokakaflanum. „Hann setti niður skuggaleg víti og jöfnunarkarfan hans var ákveðin yfirlýsing en það var eina karfan sem hann skoraði í leiknum," sagði Teitur, en aðeins eitt af tíu skotum Justins í leiknum rataði rétta leið.

Stjarnan á næst leik á móti Snæfelli í Hólminum á þriðjudaginn en missti Justin af einhverjum leikjum í undanúrslitunum vegna höfuðhöggsins?

„Nei, hann missir ekki af leikjum. Hann er á batavegi og við hvílum hann fram að leik," segir Teitur og það var ljóst að „Floppavík"-viðtalið hans eftir tapið í leik tvö er nú komið í nýtt samhengi.

### Missti hausinn í leik tvö

„Það er kannski ekkert skrýtið að hann hafi misst hausinn í Keflavík á sunnudaginn," sagði Teitur í léttum tón en bætir svo við: „Þetta er ekkert venjulegur maður. Hann rotast í leik en skiptir sér ekki út af. Hann lætur engan vita af því. Í fyrra á móti ÍR þá dettur hann með andlitið í gólfið eftir baráttu um bolta og það lendir einhver ofan á honum. Hann brýtur tennur og er með munninn fullan af blóði en skiptir sér samt ekki út af. Hann er svo klikkaður," segir Teitur og Justin Shouse fær mikið hrós frá mesta sigurvegaranum í sögu úrslitakeppni körfuboltans á Íslandi.

„Þetta er langharðasti leikmaður sem ég hef komist í kynni við á ferlinum. Hann er ósérhlífinn. Hann langar alveg svakalega í Íslandsmeistaratitilinn og fórnar öllu fyrir hann," sagði Teitur að lokum. ooj@frettabladid.is

## Stjörnumenn aftur yfir á réttum tíma



Annað árið í röð slógu Stjörnumenn Keflvíkinga út úr úrslitakeppninni eftir endurkomusigur í oddaleik. Þegar þróun þessara tveggja leikja er borin saman kemur margt svipað í ljós. Stjarnan vann reyndar í framlengingu í leiknum í fyrra en í ár líkt og þá dugði það ekki Keflvíkingum að vera með forystuna stærstan hluta leiksins.

Keflavík var yfir í tæpar 30 mínútur á skírdag, eða 74 prósent leiktímans, og fyrir ári var Keflavík með forystu í 30 mínútur og 47 sekúndur í venjulegum leiktíma, eða 77 prósent leiktímans.

„Mér fannst þessi leikur vera ofboðslega líkur leiknum í fyrra. Við héldum haus og einbeittum okkur að leiknum allan tímann. Ég var ánægður með það, ekki síst vegna alls þess sem á undan er gengið. Það hefði verið voðalega auðvelt að bakka og tapa þessum leik," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, sem hefur nú unnið 13 af 20 oddaleikjum sem hann hefur tekið þátt í sem leikmaður eða þjálfari í úrslitakeppninni.

**ODDALEIKURINN 2012**

| | |
|---|---|
| **Stjarnan yfir:** | 9 mín. og 18 sek. |
| *þar af í 4 mín. og 27 sek. í framlengingu.* | |
| **Keflavík yfir:** | 30 mín. og 47 sek. |

**ODDALEIKURINN 2013**

| | |
|---|---|
| **Stjarnan yfir:** | 6 mín. og 22 sek. |
| **Keflavík yfir:** | 29 mín. og 41 sek. |

**SAMANLAGT 2012 OG 2013:**

| | |
|---|---|
| **Stjarnan yfir:** | 15 mín. og 40 sek. |
| **Keflavík yfir:** | 60 mín. og 28 sek. |

**Stjarnan yfir í 18 prósent leiktímans en Keflavík yfir í 71 prósent leiktímans.**




Útboð í veiði í Laxá í Aðaldal

